

**ÁRSSKÝRSLA
SAMTAKA IÐNAÐARINS
2000 – 2001**

Efnisyfirlit

Ársreikningar

Rekstrarreikningur fyrir árið 2000 og áætlun 2001
Efnahagsreikningur 31. desember 2000

6

Starfsskilyrði iðnaðar

Starfsskilyrði iðnaðar
Efnahagsmál
Nýsköpun og þróunarmál

8

Alþjóðlegir samningar og samstarf

Norrænt samstarf
Ísland - EES og aðild að ESB
Ráðgjafarnefndir EFTA og EES
Samtök iðn- og atvinnurekenda í Evrópu – UNICE
Evrópuskrifstofa atvinnulífsins í Brussel – ESAB
Tékkar sóttir heim

18

Starfsgreinahópar

Mannvirkjagerð – byggingariðnaður
Jarðvinnuverktakar – Félag vinnuvélaeigenda
Veiðarfæraiðnaður
Húshluta-, húsgagna- og innréttingaiðnaður
Málmiðnaður
Matvæla- og fóðuriðnaður
Prent- og pappírsiðnaður
Upplýsingatækniðnaður
Stóriðja
Þjónustuiðnaður

23

Þjónusta og Þróun

Markaðs- og kynningarmál
Nýsköpun og þróunarmál
Gæðamál
Staðlamál
Menntamál
Almenn lögfræðiþjónusta
Mannafli
Umhverfismál – efnaiðnaður – orkumál

35

Skrifstofa innri þjónusta

Helstu fundir Samtaka iðnaðarins
Ályktun Iðnbings 2000
Útgáfu- og upplýsingastarf
Skrifstofa atvinnulífsins á Norðurlandi
Starfsmannamál
Ráðgjafarráð SI
Nýir félagsmenn SI árið 2000
Skipurit og starfsmenn SI
Fulltrúar SI í stjórnnum og nefndum
Skrá yfir helstu lög og lagabreytingar 2000 er varða iðnaðinn

44

Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík.
Sími: 511 5555, fax: 511 5566, www.si.is, e-mail: mottaka@si.is
Umbrot: Samtök iðnaðarins • Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir
Prentvinnsla: Prentækni hf. •

Stjórn Samtaka iðnaðarins

TALIÐ FRÁ VINSTRI:

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri
Samtök iðnaðarins

Helgi Magnússon
Harpa hf.

Örn Jóhannsson, varaformaður SI
Morgunblaðið Árvakur hf.

Geir A. Gunnlaugsson, ritari stjórnar
Marel hf.

Vilmundur Jósefsson, formaður SI
Gæðafæði ehf.

Friðrik Andrésón
Múrarmeistarafélag Reykjavíkur

Eiður Haraldsson
Háfell ehf.

Jón Albert Kristinsson
Myllan-Brauð hf.

Hreinn Jakobsson
Skýrr hf.



Í heimi örra breytinga



Ágæti lesandi,

Það er stundum haft á orði í hópi stjórn mála- og embættismanna að atvinnurekendur viti ekki hvað þeir vilja. Þeir biðji um eitt í dag og annað á morgun. Þetta á við nokkur rök að styðjast en skýringin er ekki sú að atvinnurekendur séu orðnir meiri sveimhugar en þeir áður voru, heldur er skýringin sú að við lifum í heimi örra breytinga.

Glöggt dæmi um þetta er að Samtök iðnaðarins hafa undanfarin ár, allt frá 1998, varað við þenslu og hvatt til aðhaldsaðgerða af hálfu opinberra aðila en vilja nú að slakað verði á klónni með vaxta- og skattalækkun gagnvart fyrirtækjunum. Þetta kemur mönnum á óvart og spurt er hvort menn viti ekkert hvað þeir vilja.

Eftirspurn á vinnumarkaði hefur verið mikil og laun hafa hækkað á árunum 1998 til 2000 um rúm 9% á ári eða langt umfram verðlagsþróun. Eftirspurn hefur vaxið mun hraðar en hagvöxturinn og neyslan verið fjármögnuð með erlendum lánum.

Það er vitað mál að auðveldara er að sporna við verðbólgu en hemja hana eftir að hún er komin á skrið. Það var einmitt þetta sem gerðist. Verðbólgan var komin á skrið þegar hver vaxtahækkunin rak aðra og langt umfram verðbólguna. Nú hefur dregið úr verðbólgu, afkoma fyrirtækja hefur versnað til muna og spenna á vinnumarkaði hefur minnkað.

Í Bandaríkjunum er hagsveiflan á svipuðu róli og hér á landi þótt vextir og viðskiptahalli séu ekki með sömu öfgum og hér. Þar hafa menn hins vegar strax gripið til vaxtalækkunar og boðað hefur verið að skattar fyrirtækja verði lækkaðir. Þetta þurfum við að gera líka því að ef efnahagsstarfsemin hægir of snögglega á sér eftir mikið hagvaxtarskeið er hætt við að við fáum það sem kallað hefur verið hörð lending. Við í iðnaðinum höfum fulla ástæðu til að óttast harða lendingu. Eftir síðustu brotlendingu í íslenskum efnahagsmálum fækkaði ársverkum í iðnaði um 4.600 frá árinu 1987 til 1993. Hvergi voru þessi áföll meiri og hvergi tekur langan tíma að byggja upp aftur eins og í iðnaðinum.

Iðnþróun byggist nefnilega á markvissu langtíma vöruþróunar- og markaðsstarfi. Stöðugleiki og friður í efnahagslífi okkar undanfarin ár hefur skilað raunvexti í almennum iðnaði og byggingariðnaði á árunum 1995-1999 sem er meiri en 6% á ári að meðaltali og enn meiri í upplýsingatækni. Þetta er árangur sem ekki má fórna. Þess vegna biðjum við stjórnvöld um meiri natni við efnahagsstjórnina. Vöxtunum er til dæmis ætlað að draga úr þenslu en ekki gera útaf við fyrirtækin.

Í þessari ársskýrslu Samtaka iðnaðarins er að vanda komið víða við og fjallað um helstu mál sem verið hafa á dagskrá á liðnu starfsári svo og umhverfi og starfsskilyrði íslensks iðnaðar. Það er ljóst að við þurfum að hafa okkur öll við að fylgjast með örum breytingum og gæta hagsmuna félagsmanna og þjóna þeim í heimi vaxandi samkeppni. Fyrirtækin eru að breytast, sameinast og alþjóðlegar leikreglur hafa leyst hinar heimatilbúnu af hólmi. Sterk staða Samtakanna og fjölgun félagsmanna bendir til að við séum að ná árangri í þessu starfi okkar.

Ég þakka félagsmönnum og starfsmönnum gott og traust samstarf á liðnu starfsári.

Vilmundur Jósefsson

Rekstrarreikningur fyrir árið 2000 og áætlun 2001

	Rauntölur 2000 þús. kr.	Áætlun 2001 þús. kr.
Rekstrartekjur:		
Félagsgjöld	63.188	65.000
Iðnaðarmálagjald	150.715	154.000
Aðrar tekjur	<u>40.576</u>	<u>37.430</u>
Rekstrartekjur samtals	<u>254.479</u>	<u>256.430</u>
Rekstrargjöld:		
Laun og launatengd gjöld	108.209	113.010
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	27.654	25.140
Fundir, ráðstefnur og önnur samskipti	23.628	23.320
Kynningarstarfsemi	34.937	25.200
Útgáfa	6.026	10.150
Útibú og sérverkefni	<u>26.055</u>	<u>34.000</u>
	226.509	230.820
Afskriftir fastafjármuna	<u>8.369</u>	<u>9.000</u>
Rekstrargjöld samtals	<u>234.878</u>	<u>239.820</u>
Rekstrarhagnaður (tap)	<u>19.601</u>	<u>16.610</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):		
Vaxtatekjur og verðbætur	2.734	3.000
Arður	13.728	10.300
Vaxtagjöld og verðbætur	(2.684)	(2.500)
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	<u>(1.963)</u>	<u>(2.000)</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	<u>11.815</u>	<u>8.800</u>
Aðrar tekjur:		
Söluhagnaður	<u>48.550</u>	<u>0</u>
Aðrar tekjur	<u>48.550</u>	<u>0</u>
Hagnaður ársins	<u>79.966</u>	<u>25.410</u>

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka iðnaðarins fyrir árið 2000. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 10.


Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fái um að ársreikningurinn sé í aðalatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum með úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaadferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Samtaka iðnaðarins á árinu 2000, efnahag 31. desember 2000 og breytingu á handbæru fé á árinu 2000 í samræmi við lög Samtakanna og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 2. mars 2001

DFK Endurskoðun



Gunnar M. Erlingsson, löggiltur endurskoðandi

Efnahagsreikningur 31. desember 2000

	31.12.2000	31.12.1999
	þús. kr.	þús. kr.
Eignir:		
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Hlutabréf	214.980	134.131
Skuldabréf.....	45.300	57.560
	<u>260.280</u>	<u>191.691</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Húsfélagið Hallveigarstíg 1	131.155	116.893
Áhöld, innréttingar, bifreið.....	20.867	23.481
	<u>152.022</u>	<u>140.374</u>
Fastafjármunir samtals.....	<u>412.302</u>	<u>332.065</u>
Veltufjármunir:		
Bankainnstæður	26.999	14.801
Útistandandi tekjur	35.292	31.466
Iðnaðarmálagjald	24.137	26.422
Aðrar skammtímakröfur	14.440	19.277
Veltufjármunir samtals	<u>100.868</u>	<u>91.966</u>
Eignir samtals	<u>513.170</u>	<u>424.031</u>
Eigið fé og skuldir:		
Eigið fé		
Stofnfé	175.582	175.582
Annað eigið fé	298.852	193.506
Eigið fé samtals	<u>474.434</u>	<u>369.088</u>
Langtímaskuldir:		
Íslandsbanki - FBA	13.333	26.666
Næsta árs afborganir.....	(13.333)	(13.333)
Langtímaskuldir samtals.....	<u>0</u>	<u>13.333</u>
Skammtímaskuldir:		
Ógreidd rekstrargjöld	13.929	14.015
Skuld við SA.....	11.474	14.262
Næsta árs afborganir langtímaskulda	13.333	13.333
Skammtímaskuldir samtals	<u>38.736</u>	<u>41.610</u>
Skuldir samtals	<u>38.736</u>	<u>54.943</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u><u>513.170</u></u>	<u><u>424.031</u></u>

Starfsskilyrði iðnaðar

HLUTVERK SI

Fyrirtæki innan Samtaka iðnaðarins eru afar ólík innbyrðis. Það er sama hvort litið er til stærðar, framleiðslu eða markaða. Þar er að finna einyrkja, stórfyrirtæki, fyrirtæki sem starfa á heimamarkaði eða útflutningsmarkaði, handverksfyrirtæki og hátæknifyrirtæki. Eitt eiga þau þó sameiginlegt, þau eru iðnfyrirtæki sem öll þurfa að njóta sem bestra starfsskilyrða til þess að geta þrífist. Þótt fyrirtækin séu ólík er margt sem þau eiga sameiginlegt þegar starfsskilyrðin eru annars vegar.

Eitt aðalhlutverk Samtaka iðnaðarins er að tryggja iðnaðinum í landinu góð starfsskilyrði. Það er þrotlaust starf sem vinna verður á mörgum vígstöðvum samtímis og má þar nefna samskipti við Alþingi, ráðherra, ráðuneyti og stofnanir til þess að hafa áhrif á þær leikreglur sem settar eru. Samtök iðnaðarins leggja sig fram um að stunda vönduð vinnubrögð og flytja mál sitt af yfirvegun og festu. Sem betur fer eiga Samtökin víðast hvar gott samstarf og tillit er tekið til sjónarmiða þeirra. Hinu er þó ekki að leyndu að oft á tíðum þykir skorta á að stjórnvöld almennt sinni nógu skipulega eðlilegu samráði og sambandi við hagsmunasamtök þegar fjallað er um starfsskilyrði atvinnulífsins. Virðist stundum hending ein ráða hvort og við hverja er talað um tiltekin mál. Dæmi um þetta eru tilviljanakenndar beiðnir um umsagnir um lagafrumvörp og stopul samskipti við þingnefndir. Samtök iðnaðarins eru á hinn bóginn mjög ánægð með að reglulegir samráðsfundir með iðnaðarráðherra hafa orðið að föstum lið í samskiptunum við iðnaðarráðuneytið undanfarin ár.

ÁHERSLUR STJÓRNAR

Fljótlega eftir Iðnþingið í febrúar 2000 kom nýkjörin stjórn sér saman um að hvaða þáttum í almennri stefnu Samtakanna væri brýnast að vinna fram að næsta Iðnþingi. Alls setti stjórnin á blað 20 skilgreind viðfangsefni og verður hér tæpt á þeim 10 sem stjórnin taldi mikilvægust. Þessi verkefni hafa mótað allt starf Samtakanna á liðnu starfsári og

kemur það betur fram annars staðar í skýrslunni.

Samkeppnishæfni iðnaðarins var efst á listanum. Stígandi verðbólga, himinháir vextir, hátt gengi krónunnar og mikill viðskiptahalli eru allt atriði sem eru íslenskum iðnaði mjög skeinuhætt. Af þessu sökum hafa Samtök iðnaðarins beitt sér mjög í umræðu um þessi mál og leitt hana að verulegu leyti undanfarin misseri. Sífelld fleiri og fleiri hafa tekið undir málflytning SI í þessum efnunum.

Bætt menntun, sí- og endurmenntun er iðnaðinum nauðsyn. Menntun og færni starfsmanna skipta æ meira máli og hafa Samtökin víða komið við til þess að reyna að stuðla að framgangi þeirra mála. Unnið hefur verið að tillögum um fyrirkomulag vinnustaðnámss og kostnað vegna þess. Reynt var án árangurs að semja við menntamálaráðuneytið um að Samtök iðnaðarins o.fl. tækju að sér að reka nýjan tækniháskóla á grunni Tækniskóla Íslands. Aðildarfélag Samtakanna, Málmur tók þátt í gerð samnings um kjarnaskóla í málm- og véltækni í Borgarholtskóla í Reykjavík og Hagsmunafélag um verk- og tækninám á háskólastigi var stofnað að tilhlutan Samtaka iðnaðarins.

Nýsköpun, frumkvæði og stjórnun. Samtök iðnaðarins vilja að menntakerfið hvetji og örvi til nýsköpunar og þátttöku í atvinnulífinu. Bryna þarf fyrir fyrirtækjum að stunda nýsköpun og vöruþróun af kappi. Samstarf um bætt framleiðslutækni, World Class Production, er norrænt verkefni sem Samtökin hafa tekið þátt í og einnig má nefna evrópskt verkefni um hagnýt viðmið sem unnið er að með Iðntæknistofnun. Partners for Life er evrópskt verkefni sem ætlað er að hvetja lítil fyrirtæki til dæða í rannsókn- og þróunarstarfi. Samtökin koma að þessu verkefni með Rannís. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins gegnir veigamiklu hlutverki í nýsköpunarstarfi íslenskra fyrirtækja. Samtök iðnaðarins hafa beitt sér í þá veru að færa áherslur sjóðsins framár í nýsköpunarferlið og tryggja að litlum verkefnum sé sinnt til jafns við þau stóru. Því hefur verið vel tekið og má segja að ágæt

sátt ríki um hin mikilvægu störf sjóðsins.

Arðbærar framkvæmdir. Það hefur lengi verið baráttumál að við opinberar framkvæmdir verði arðsemi látin ráða röð þeirra og að útboðum sé skilyrðislaust beitt bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Samtökin hafa sérstaklega bent á þessi sjónarmið þegar samgöngumannvirki eiga í hlut en enn eimir eftir að því að hreppapólitík og byggðasjónarmið ryðji með öllu til hliðar eðlilegu arðsemismati framkvæmda.

Bætt framleiðni er íslenskum iðnaði nauðsynleg til þess að standast samkeppni sem fer sífelld harðnandi. Bætt menntun starfsfólks, bætt framleiðslutækni, innleiðing gæðakerfa og alþjóðlegur samanburður eru þættir sem stuðla að þessu. Á öllum þessum sviðum er unnið á vettvangi Samtaka iðnaðarins.

Sameining rannsóknastofnana. Það hefur lengi verið áhugamál Samtaka iðnaðarins að nýta betur það fé sem varið er til rannsókna- og þróunarstarfs í þágu atvinnulífsins. Eitt af því sem þar gæti skipt sköpum er að sameina smáar og óhagkvæmar einingar. Reglulega koma upp hugmyndir í þessa veru hjá stjórnvöldum en renna af einhverjum orsökum jafnharðan út í sandinn. Áfram er þrýst á stjórnvöld að láta til skarar skriða í þessum efnunum. Það hefur líka vakið áhyggjur að fjárframlög ríkisins til rannsókn- og þróunarstarfs sem tengist iðnaði hefur farið hlutfallslega minnkandi á undanförunum árum en það er í hrópandi misræmi við vaxandi hlut iðnaðarins í þjóðarþúskapnum.

Samkeppnishæft raforkuverð. Þótt hér á landi sé nóg af vatnsafla og raforku er rafmagn til almenns iðnaðar mjög dýrt og líklega dýrara hér en annars staðar á á Norðurlöndum þótt ótrúlegt megi virðast. Þessu þarf að breyta með breytingum á uppbyggingu gjaldskrár en ekki síður með því að koma á samkeppni á rafmagnsmarkaði og í því samhengi ætti að skilja að virkjanir og sölu til almenns markaðar og stóriðjumarkaðinn. Verið er að endurskoða lög og reglur á þessu sviði og hafa Samtökin beitt sér í þessum málum gagnvart stjórnvöldum og héldu t.d.

opinn fund um nýskipan raforkumála í apríl.

Fjármögnun einkaleyfa. Eitt af því sem er til marks um nýsköpun fyrirtækja er fjöldi einkaleyfa sem sótt er um. Einkaleyfaumsóknir eru óeðlilega fáar hérlendis miðað við önnur lönd. Ein af ástæðunum fyrir því er kostnaður og fyrirhöfn sem er flestum smáfyrirtækjum ofviða. Þess vegna hafa Samtök iðnaðarins beitt sér fyrir einföldun á þessu sviði og að fyrirtæki geti sótt aðstoð og fjármögnun. Samtökin hafa m.a. tekið þátt í stofnun áhugafélags um fjölgun einkaleyfa og einnig unnið að undirbúningi þess að koma á fót félagi sem aðstoðar fyrirtæki í þessum efnum gegn hlutdeild í þeim hagnaði sem einkaleyfið kann að skapa. Samtök iðnaðarins telja líka rétt að kostir aðildar að EPO (European Patent Office) verði skoðaðir gaumgæfilega.

Umhverfisskattar og -gjöld. Umhverfismál verða æ fyrirferðarmeiri þáttur þegar hugað er að rekstrarumhverfi fyrirtækja. Samtök iðnaðarins vilja beita sér fyrir því að hagrænum hvötum sé beitt eins og unnt er til þess að ná settum markmiðum. Á sviði spilliefna hefur tekist vel til og Samtökin leggja áherslu á að sömu aðferðafræði verði beitt í umbúðamálum, þ.e. að beitt sé þjónustugjöldum í stað skatta og að atvinnulífið komi sterkt að stjórn þessara mála. Enn sem fyrr hvetja Samtökin til þess að olíugjald verði lagt á í stað þungaskattsins. Það er réttlátari skattheimta sem að auki þjónar markmiðum í umhverfismálum mun betur.

Gæðakerfi. Bættur rekstur og aukin traust kaupenda vöru og þjónustu iðnfyrirtækja er eftirsóknarverður ávinningur af því að taka upp gæðakerfi við rekstur og stjórn. Samtök iðnaðarins ætla sér að halda ótraud áfram við að koma á gæðakerfum í bygginga- og mannvirkjagreinum. Kaupendur vöru og þjónustu gera í auknum mæli kröfur um að fyrirtæki, sem viðskipti eru átt við, hafi slík kerfi. Með því móti skiljast smátt og smátt hafrarnir frá sauðunum og þau fyrirtæki, sem tileinka sér slíkar aðferðir, fá dýrmætt samkeppnisforskot.

TVÖ STÓRMÁL

Margt af því sem Samtökin fást við eru verkefni sem taka mörg ár og þarf stöðugt að vinna að. Hér verða rakin dæmi um tvö slík verkefni.

Vörugjöld

Miklu skiptir hvernig skattamálum er háttað og hafa Samtök iðnaðarins látið þau mál mjög til sín taka og hvatt til þess að íslenskt skattkerfi taki mið af alþjóðlegri þróun og skattkerfum helstu samkeppnisríkja okkar. Óhætt er að segja að mjög hafi þokast í þessu efnum á síðari árum en þó eru enn dæmi um skatta sem sem stinga mjög í stúf og má þar nefna stimpilgjöld, eignaskatta og vörugjöld. Allar götur frá því að lög um vörugjöld voru sett til bráðabirgða árið 1978 hafa Samtök iðnaðarins og fyrirrennarar þeirra átt í baráttu við stjórnvöld um niðurfellingu vörugjalda af íslenski framleiðslu og efnivöru til hennar. Samtökin hafa haldið því fram að vörugjöldin og virðisaukaskatturinn fælu í sér tvöfalt kerfi neysluskatta sem væri hvergi við lýði í samkeppnislöndum okkar. Á síðustu árum og misserum hefur þessi málflutningur smátt og smátt skilað árangri og listinn yfir þær vörur sem bera vörugjöld styst stöðugt. Með lögum, sem samþykkt voru á Alþingi í vor, voru vörugjöld felld niður af nokkrum vöruflokkum til viðbótar sem Samtökin hafa ítrekað farið fram á að yrðu felld niður. Má t.d. nefna margvíslega efnivöru í raf- og tölvuiðnað, grjót til legsteinasmíði, hjólbörur, snakk, vöru- og fólksflutningalyftur, rúllu- og rennistiga. Enn eru eftir vörugjöld á margvíslegum byggingarefnum og matvöru á borð við sultu, te, kaffi, sóðavatn, gosdrykki og sælgæti. Frændur okkar Finnar og Svíar hafa nýlega felld niður slíka skatta á sælgæti og drykkjarvöru. Þannig er slík skattlagning hvarvetna að hverfa og sama þróun hlýtur að verða hér á landi. Hvenær ætti það að gerast ef ekki á tíma góðæris og tekjuafgangs hjá ríkissjóði?

Samkeppnismál

Það var ekki fyrr en 1993 að sett voru samkeppnislög á Íslandi sem voru svipaðrar gerðar og tíðkast í öðrum Evrópuríkjum og má segja að EES-samningurinn hafi orðið til þess eins og margra annarra framfara í íslenski viðskiptalöggjöf. Lögin voru ekki gallalaus og hvöttu Samtök iðnaðarins til þess að þau yrðu tekin til endurskoðunar. Það var gert síðastliðið vor og gerðar margar gagnlegar breytingar en því miður ekki hlustað á tillögur sem öll helstu samtök atvinnurekenda í landinu settu fram sem vörðuðu stjórnsýslu laganna en ekki síst ákvæði um heimildir samkeppnisyrvalda til þess að banna samruna. Þó tókst að setja inn þröskuld í samrunaákvæðið sem takmarkar af hve smáum málum Samkeppnistofnun má skipta sér en því miður varð hann alltof lágur. Það er áhyggjuefni að samkeppnisyrfivöld vilja frekar stjórna uppbyggingu atvinnulífsins en hafa eftirlit með hegðan markaðsráðandi fyrirtækja. Um þetta vitna tvö mál sem samkeppnisyrfivöld hafa rekið gegn iðnfyrirtækjum sem vildu sameinast kennd við Myllu-Brauð og Odda. Fyrri málið féll á lagatæknilegu atriði en áfrýjunarnefnd samkeppnismála hnekkta, sem betur fer, því síðara. Það sem er þó verst er að Samkeppnisstofnun virðist staðráðin í að höggva aftur í sama knérunn ef marka má yfirlýsingar um að hún haldi sínu striki þrátt fyrir að hafa tapað í Odda málinu. Verði sú raunin er óhjákvæmilegt að kveða á um í lögum að Samkeppnisstofnun eigi að beita þessum heimildum í undantekningar- og neyðartilvikum eins og tíðkast í öðrum ríkjum. Það er óþolandi fyrir íslensk iðnfyrirtæki, sem búa við óhefta samkeppni heima og heiman, að geta búist við afskiptum af hálfu samkeppnisyrvalda á borð við þau sem urðu hjá Myllunni-Brauði og prentsmiðjunni Odda.

Efnahagsmál

UMSKIPTI Í HAGSVEIFLUNNI

Á undanförunum fimm árum hefur íslenskt efnahagslíf dafnað vel á grundvelli alþjóðlegri og fjölbreyttari efnahagsstarfsemi en áður. Verg landsframleiðsla (VLF) jókst að meðaltali um 4,5 prósent á ári yfir tímabilið sem er töluvert umfram 3,25 prósentu hagvöxt á OECD svæðinu í heild. Segja má að Ísland hafi nú tekið þátt í alþjóðlegri uppsveiflu á sömu forsendum og aðrar þjóðir en ekki bara í skjóli aukins aflaverðmætis eins og svo oft áður. Athygli vekur að hið háa meðaltal hagvaxtar á Íslandi á þessu fimm ára tímabili var samt lægra en í öðrum af smærri löndum Evrópu. Írland var með 9,75 prósentu hagvöxt, Lúxemborg 6,25, Holland 5,5 og Finnland með 5 prósentu hagvöxt (Mynd 1). Þessi þróun sýnir þó að Ísland er orðið meira samstíga þróuninni erlendis en áður.¹ Þrátt fyrir þessi jákvæðu teikn er myndin ekki jafn glæsileg við nánari skoðun.

UPPSVEIFLA OG OFPENSILA

Vegna mikillar aukningar á kaupmætti hefur reynst erfitt að halda hagvexti innan þenslumarka. Mikil eftirspurn á vinnumarkaði, ásamt miðstýrðu launakerfi, hefur leitt til þess að laun hafa hækkað að meðaltali um 9 prósent á ári frá 1998 til 2000 á móti tæplega fjögurra prósentu hækkun neysluverðs (Mynd 2).

Þessi vöxtur launa er mun meiri en í helstu viðskiptalöndum okkar. Kaupmáttur hefur því aukist um 5 prósent á ári að meðaltali á tímabilinu sem er langt umfram framleiðniaukningu fyrirtækjanna. Á sama tíma fór verðbólgan úr tæpum tveimur í 5 prósentustig, aðallega vegna verðhækkana í vernduðum greinum.² Hjá fyrirtækjum í virkri samkeppni hefur arðsemin liðið fyrir þessa öru launaþróun vegna takmarkaðrar getu til að hækka verð.

„ÍSLENSKA EYÐSLUKLÓIN“ Í FULLU FJÖRI

Á sama tíma og tekjuafgangur ríkisins hefur aukist verulega hefur einkageirinn tekið á sig vaxandi skuldabyrði. Vöxtur fjárfestinga og neyslu í einkageiranum var mun meiri á Íslandi en í flestum öðrum löndum á þessu tímabili og meiri en vöxtur framleiðslunnar.³ Sú eftirspurn, sem var umfram hagvöxtinn, var fjármögnuð með erlendum lántökum. Þar sem innflutningur hefur verið langt umfram það, sem flutt var út, hefur viðskiptahallinn stóraukist. Í þessu samhengi má nefna að innflutningur á fjárfestingarvöru er jákvæð ráðstöfun til langs tíma liðið af því að það eykur útflutningstekjur í framtíðinni. Hins vegar hefur mikil einkaneysla fjármögnuð af erlendu lánsfé gagnstæð áhrif og þyngir róðurinn í framtíðinni. Vissulega er það varhugaverð langtíma þróun að sparnaður heimilanna minnkar á móti vaxandi erlendum skuldum.

ÓTÍMABÆR VIÐBRÖGÐ STJÓRNVALDA VIÐ OFPENSLUNNI


Efnahagsstjórn undanfarinna ára hefur að þó nokkru leyti brugðist sem birtist í því að þrátt fyrir töluvert aðhald í rekstri hins opinbera og hávaxtastefnu Seðlabankans fór efnahagsstarfsemi yfir

þanþol hagkerfisins árið 1999 - verðbólgan fór af stað. Frá 1997 jukust skattatekjur vel umfram útgjöld þannig að halla var snúið í myndarlegan afgang. Frá 1995 hafa vextir hérlendis verið mun hærri en erlendis (Mynd 3). Samtök iðnaðarins bentu margítrekað á það frá 1998 að til að koma í veg fyrir ofþenslu þyrftu stjórnvöld að veita enn meira aðhald með rétt tímasettri, frekari hækkun vaxta og meira aðhaldi í opinberum útgjöldum. Það var hins vegar aðeins eftir að verðbólgan tók á rás að stýrivextir Seðlabankans risu enn hraðar. Í árslok 2000 voru þeir komnir upp fyrir 11,5 prósent og meðalvextir almennra útlána hækkuðu upp fyrir 19 prósent sem er meira en tvöfalt það vaxtastig sem viðgengst á evru-svæðinu. Á sama tíma náði afgangur ríkissjóðs þremur prósentustigum af VLF árið 2000. Nú er svo komið að þessir ofurvextir og aðhald er farið að íþyngja efnahagsstarfseminni verulega meðan verðbólgan þráast við að minnka. OECD spáir nú aðeins 1,3 prósentu hagvexti á Íslandi í ár og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur „áhyggjur af harðri lendingu.“


HÁTT RAUNGENGI SKAÐAR SAMKEPPNISSTÖÐUNA FREKAR

Það sem skiptir meira máli er að vegna hávaxtastefnunnar og mikilla launahækkana hefur raungengið styrkst frá 1994 (Mynd 4). Að öðru óbreyttu þýðir styrking þess versnandi samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart keppninautum í helstu viðskiptalöndum okkar. Það eykur líka kaupmátt landsmanna erlendis og stuðlar þannig að miklum innflutningi á neysluvarningi. Raungengi mælt í launum hefur hækkaði um meir en 10 prósentustig síðan 1994 og hinar miklu launahækkningar hérlendis eiga stóra sök þar á. Þrátt fyrir 10 prósentu lækkun nafngengisins frá miðju síðasta ári hafa næstum jafnmiklar launahækkningar dregið mjög úr þeim ávinningi. Það gildir því enn, sem Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtakanna, benti á árið 1998: „Hækkandi launakostnaður, hátt gengi íslensku krónunnar og háir vextir vega að sam-

Mynd 1: Fjárfesting, einkaneysla og hagvöxtur Meðaltal 1996-2000



Mynd 2: Vöxtur kaupmáttar launa og neysluverðs
(Árlegt meðaltal 1998 - 2001)



keppnisstöðu og markaðshlutdeild innlends samkeppnisiðnaðar.“ Því má svo við bæta að léleg samkeppnisstaða vegur einnig að markaðshlutdeild íslenskra fyrirtækja erlendis og arðsemi þeirra. Halli á viðskiptum við útlönd, þar af leiðandi skuldasöfnun þjóðarinnar erlendis, hefur stóraukist. Það raungengi, sem þarf til að ná jafnvægi í erlendum viðskiptum, er líklega nær því sem var árið 1995, um 10 prósentustigum lægra en það er núna. Til þess að ná því þarf hins vegar að hægja verulega á launaþróuninni en að öðrum kosti mun gengið líklega síga með þeim óstöðugleika sem því fylgir.

HAGVÖXTUR AÐ HÆGJA Á SÉR Í KJÓLFAR ÖFENSU

Nýlegar tölur benda til þess að þegar sé tekið að hægja á efnahagsstarfsemi. Veltutölur úr skýrslum um virðisauka-skattskil sýna að starfsemi í flestum greinum, utan byggingariðnaðar hefur hægt á sér. Bílainnflutningur minnkaði verulega nú í ársbyrjun. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi, sem fór niður í eitt prósent af vinnufæru fólki á síðari helmingi fyrra árs, er byrjað að aukast aftur og nálgast 2% í lok janúar síðastliðins. Fjárfestingar hafa vaxið myndarlega flest undanfarin ár - en sérstaklega vegna stóriðju á sviði orkufreks iðnaðar - er nú spáð samdrætti á árinu vegna lakari arðsemi og stórlækkaðs hlutabréfaverðs. Arðsemi stórra fyrirtækja hefur hrapað úr 10% af veltu árið 1999 í þrjú prósent árið 2000.⁴ Vegna þess að viðskipti á hlutabréfa-

markaði eru orðin hverfandi lítil þurfa fyrirtæki í auknum mæli að reiða sig á dýrt lánsfé.

HÆTTA Á HARÐRI LENDINGU

Nú er hætt á að hæging efnahagsstarfsemiinnar verði of hröð, að hagkerfið fái harða lendingu. Fyrstu einkenni slíks yrðu aukin vanskil, snarlækkun í vexti útlána og sígandi fasteignaverð, sem leiddi til fallandi eftirspurnar, fleiri gjaldþrota og vaxandi atvinnuleysis. Ef slíkt gerist er viðbúið að margir telji að upphaflega ónóg en síðar hörð viðbrögð stjórnvalda við ofþenslunni hafi framkallað skellinn. Það er í samræmi við reynslu okkar og annarra þjóða að það kostar alltaf meira að hemja verðbólgu eftir að hún er farin af stað en að fyrirbyggja að hún losni úr læðingi.⁵


AUKIN HÆTTA Í FJÁRMÁLAKERFINU

Hugsanlegt er að markmið Seðlabankans um „verðstöðugleika með fast gengi sem millimarkmið“ eigi hlut að máli í þeim vanda sem upp er kominn. Lán-takendur hafa fengið falska öryggiskennd af að taka lán í erlendri mynt og endurgreiða með íslenskum krónum. Innstreymi af erlendu lánsfé hefur haldist hátt en fjármálastofnanir hafa talið litla hættu á verulegu gengissigi. Ef gengið sígur þyngist skuldabyrði lántakenda sem því nemur en við það eykst áhætta í fjármálakerfinu. Vera má að þessi hættu bindi nú hendur Seðlabankans við að lækka vexti. Síðan gengið tók að síga hafa mörg fyrirtæki, sem nutu hagnaðar af hækkandi gengi fram til 2000, orðið fyrir gengistapi. Háir vextir magna síðan vanda lántakenda við að standa í skilum ef árfreiðið breytist til hins verra. Það er brýnt að endurskoða slíka peningastefnu með tilliti til þarfra breytinga áður en alvarleg vandræði hljótast af.

STARFSSKILYRÐI IÐNAÐAR Á NÝRRI ÖLD

Eins og víða annars staðar hefur aukið umfang hátækni- og byggingaiðnaðar og þjónustugreina átt drjúgan þátt í uppsveiflunni ásamt erlendum fjárfestingum í orkufrekum iðnaði. Vöxtur iðnaðar og þjónustu hefur verið langmest áberandi

Mynd 3: Krónu- og evruvextir




frá miðjum síðasta áratug (Mynd 5). Sjávarútvegur, sem telur nú um 65 prósent af vöruútflutningi og innan við helming af gjaldeyristekjum, er ekki eins yfirgnæfandi og áður. Það nýnæmi í íslenskri hagsögu, að niðursveifla í aflaverðmæti árið 1998 leiddi ekki til samdráttar eða óstöðugleika, má líklega rekja til stórfelldra kerfislegra breytinga frá lokum níunda áratugarins sem örvuðu nýsköpun í efnahagsstarfsemi. Þátttaka Íslands í EES og WTO, skattabreytingar, einkavæðing, opnun fjármálakerfisins og tilkoma Netsins hafa skapað grundvöll fyrir fjölbreyttari efnahagsstarfsemi sem hefur fært okkur meiri „innbyggða“ sveiflujöfnun í efnahagsframvind-unnni og meiri hagvöxt.⁶ Ef þessi þróun heldur áfram vaknar von um meiri stöðugleika efnahagslífsins og batnandi lífskjör í framtíðinni.

EFNAHAGSSTJÓRN Á VIÐRAMMAN REIP AÐ DRAGA

Á vissan hátt má líkja þessum breytingum við jákvæðan framboðsskell þar sem tekjuaukningin hefur verið mun meiri en búist var við. Jafnvel þótt vextir hafi verið langtum hærrí á Íslandi en í viðskiptalöndum frá 1995 (jafnvel við sambærilegt verðbólgustig) og nokkra aðhaldsemi í ríkisfjármálum tókst ekki að halda þenslunni í skefjum. Eftir að verðbólgan fór að rísa ótæpilega hækkuðu innlendir vextir og raungengið enn meira og eykur nú hættu á harðri lendingu. Samtök iðnaðarins bentu margoft á hættuna á ofþenslu frá 1998. Nú er hins vegar útlit fyrir að sú hávaxta- og hágengisstefna, sem Seðlabankinn hefur fylgt frá 1999, muni draga meira úr hagvexti á komandi misserum en almennt er búist við. Þessi þróun vekur upp þá spurningu hvort stjórnvöld meti ástandið rétt hverju sinn. Að hluta getur vandinn legið í skorti á nýjum upplýsingum um ástand framleiðslunnar eða vanmati á breyttum áherslum í efnahagslífinu.

ÍSLENSKT EFNAHAGSLÍF ER ORÐIÐ FJÖLBREYTTARA EN ÁÐUR

Það er ljóst að fjölbreyttara og alþjóð-



legra efnahagslíf eykur stöðugleika. Fleiri starfsgreinar mynda aukið mót-vægi gegn áföllum í sjávarútvegi eða stóriðju, eins konar innbyggða sveiflujöfnun. Slíkt gefur aukið svigrúm í efnahagsstjórn, bæði í peninga- og ríkisfjármálum, til að framfylgja efnahagsstjórn sem markvisst miðar að því að halda hagvexti undir verðbólguörkum. Á móti er aukinn stöðugleiki forsenda fyrir meiri fjölbreytni í efnahagslífinu sem verður jákvætt samverkandi ferli. Þrátt fyrir það skapar tilvist íslensku krónunnar langtíma vanda fyrir efnahagsstjórnina og fyrirtækin. Þar sem aldrei verður hægt að eyða sveiflum með öllu, sérstaklega í svona litlu hagkerfi, dregur staða krónunnar úr öryggi fyrirtækja varðandi stöðugan rekstrar- og samkeppnisgrundvöll. Að auki fylgir krónunni mikill viðskiptakostnaður og skert geta fyrirtækja til að laða erlendar fjárfestingar í starfsemi sína.

KRÓNAN SKAPAR SÉRSTAKAN VANDA


Þegar framboðsskellir breyta á hafa íslensk stjórnvöld tvo valkosti í peningamálum. Fyrri kosturinn er að leyfa krónunni að síga sem kallar á aukna verðbólgu og minnkandi hagkvæmni fjárfestinga. Það leiðir síðan til þess að skilyrði fjölbreytts hagvaxtar versna og erfiðara reynist að halda verðbólgu lítilli og stöðugri sem er neikvætt samverkandi ferli. Það tók Íslendinga áratugi að brjóta sér leið út úr slíku ferli á öldinni sem leið. Hinn kosturinn er að halda krónunni stöðugri en með mun hærri vöxtum en annars staðar. Slíkt eykur kostnað og

skerðir enn meira möguleika til fjárfestinga og hagvaxtar.⁷ Hvorugur kosturinn er góður. Það er því ljóst að það kostar sitt að notast við lítinn gjaldmiðil og sá kostnaður er líklegur til að aukast þegar þróunin í alþjóðaviðskiptum er til færri og stærri gjaldmiðla.⁸ Meðan efnahagslífið hefur blómstrað undanfarin ár má segja að seinni valkosturinn hafi verið í framkvæmd. Íslenska krónan hefur átt stóran þátt í að halda fjármagnskostnaði háum héraendis. Ásamt örum vexti launa og þ.a.l. háu raungengi, hefur þetta veikt mjög samkeppnisstöðu iðnaðar og magnað áhættu í fjármálakerfinu. Hér spila því saman áhættuþættir, tengdir sveiflukenndum undirstöðum atvinnulífsins, sem veikja tiltrú á krónuna. Sú niðurstaða er því nokkuð afdráttarlaus að Ísland er hvorki hagkvæmt myntsvæði í frjálsu fjármagnsumhverfi né virðist sjálfstæð peningastjórn hafa leitt af sér þann langvarandi stöðugleika sem stuðlar að fjölbreyttri efnahagsstarfsemi. Til að leysa þennan vanda þarf önnur úrræði.

ÚRRÆÐI Í EFNAHAGSSTJÓRN

Samtökin eru fylgjandi því að fyrirtækjum séu tryggð stöðug starfskilyrði. Nýjar áherslur í framkvæmd peningamála gætu til skamms tíma litið verið bragarbót. Til dæmis má breyta ramma peningastefnunnar og taka upp verðbólguþakmið. Það gæfi aukið svigrúm að lækka vexti á trúverðugan hátt þannig að hagvaxtamöguleikar séu ekki skertir um of og arðsemi fjárfestinga styrkist á ný. Þetta auðveldar að

Mynd 5: Raunvöxtur atvinnuveganna
(árlegt meðaltal, 1995 - 1999)



stýra fjármagnskostnaði á Íslandi nær því lága stigi sem hann er á stærri myntsvæðum. Að auki verður gengisáhættan gegnsærri ef Seðlabankinn hættir að „ábyrgjast“ gengið. Hins vegar er viðbúið að „krónuvextir“ muni seint ná sama stigi og evruvextir. Til að laga samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja varanlega, telja Samtökin að eftirfarandi úrræða sé þörf í efnahagsstjórn:

Evrúaðild er vænsti kosturinn

Evrúaðild er eina leiðin til að skapa varanlega stöðugt gengi gagnvart helstu viðskiptalöndum okkar og um leið ná fram sambærilegum vöxtum á Íslandi. Hagkvæmni evrunnar myndi einnig gera

verðlagningu gegnsærri og stuðla þannig að heilbrigðri samkeppni. Síðan myndi það hjálpa að laða erlendar fjárfestingar í íslenskan fyrirtækjarekstur ef uppgjör þeirra er í evrum. En til að stíga það skref til fulls, þurfa Íslendingar að ganga í ESB.⁹

Aðhald í ríkisfjármálum með markvissri lækkun fyrirtækjaskatta

Samtökin telja að áframhaldandi aðhald í ríkisfjármálum þurfi til að skapa svigrúm til að afnema eignaskatta og stimpilgjöld á fyrirtæki. Á meðan háir skattar slá á þensluna í neyslunni myndu lægri fyrirtækjaskattar stuðla að því að viðhalda arðsemi fyrirtækjanna og háu

atvinnustigi. Þegar lendingu er náð í hagkerfinu mætti síðan lækka skatta á einstaklinga með tilliti til afgangsríkissjóðs.

Tengjum launin framleiðni fyrirtækja

Sveigjanleg launastefna, tengd framleiðniþróun fyrirtækjanna, er einnig nauðsynleg til að stuðla að verðstöðugleika, sérstaklega ef evran er tekin upp. Slík launastefna kallar á að launamyndun sé dregin að mestu leyti inn í fyrirtækin. Þá minnkar óþarfa smit í formi endalauss samanburðar á milli starfsgreina sem magnar launaþróun og óstöðugleika efnahagslífsins.

Slíkar aðgerðir leggja meiri ábyrgð á herðar atvinnulífina að mæta sveiflum innan einstakra atvinnugreina þar sem minna álag vegna stjórnunaraðgerða auðveldar öðrum greinum að halda uppi atvinnu. Á þessum grunni er best að tryggja áframhaldandi nýsköpun og fjölhæfni í efnahagslífinu og batnandi lífskjör landsmanna á komandi árum.

¹ Það er þó rétt að íslenska uppsveiflan var frábrugðin þeirri í Evrópu að því leyti að meðaltal hagvaxtar í nokkrum af stærri löndum Evrópu, t.d. Þýskalandi, Frakklandi og Ítalíu, var undir 2,5 prósentum á þessu tímabili. Ástæðurnar eru tengdar uppsöfnuðum vanda þessara ríkja. Hagvöxtur í Bretlandi var litlu betri eða 2,75 prósent og mótaðist mikið af eftirspurn á meginlandi Evrópu. Til frekari samanburðar má geta þess að hagvöxturinn á Íslandi var hvað áþekkastur og í Bandaríkjunum. Japan rak síðan lestina, með 1,25 prósent að meðaltali í hagvöxt á tímabilinu vegna áframhaldandi erfiðleika í fjármálakerfinu.

² Í Peningamállum Seðlabanka Íslands, janúar 2001, kemur fram að verðlagsþróunin hefur mótast mest af verðhækkunum í vernduðum greinum, sbr. þjónustu og byggingariðnaði, sem útskýra um 70 prósent af aukningu verðbólgunnar árin 1999 og 2000. Athygli vekur að hinar miklu olíuverðshækkningar frá 1999 útskýra aðeins um 15 prósent af verðhækkun neysluverðs. Á meðan hefur verðlag í samkeppnisgreinum haldist hóflegt.

³ Hjá flestum þjóðum var vöxtur einkaneyslunnar minni en hagvaxtarins. Bretland er þó sambærilegt Íslandi í því að vöxtur einkaneyslu var umfram hagvöxt.

⁴ Fréttabréf Samtaka atvinnulífsins, mars 2001.

⁵ Það segir sig sjálf að aðhaldsaðgerðir, sem eru nauðsynlegar til að hemja verðbólgu – og kalla fram samdrátt með framleiðslutaki, tekjumissi og auknum ríkisútgjöldum, eru sýnu verri kostur en það sem þarf til að halda hagvexti innan þenslumarka. Vel heppnuð hagstjórn kemur bæði í veg fyrir opfenstu og samdrátt og heldur hagkerfinu á hinum gullna meðalvegi.

⁶ Það má geta þess að sú öra þróun til frjálssræðis á fjármálamarkaði og aukinn einkarekstur íslenskra fjármálafyrirtækja eru líkleg til að skila sér í herra hagvaxtarstigi þegar fram líða stundir. Sjá M. Leahy, S. Schich, G. Wehinger, F. Pelgrin and T. Thorgeirsson, „Contributions of financial systems to growth in OECD countries, OECD Economics Department Working Paper no. 280, January 2001, Paris“.

⁷ Fyrir þá sem taka lán í erlendum myntum en hafa ekki samsvarandi tekjur (í erlendum myntum), myndast gengisáhætta sem getur valdið miklum erfiðleikum ef tiltrú á efnahagsstjórnina og þ.a.l. krónuna brestur.

⁸ Þorvaldur Gylfason, prófessor við Háskóla Íslands, hefur réttilega bent á að vegna einhæfni útflutnings hafi raungengi krónunnar haft tilhneigingu til að hækka, hvort sem er með eða án verðbólgu og gera öðrum atvinnuvegum þannig erfiðara fyrir í alþjóðlegri samkeppni. Hann kallar þetta hollenzku veikina. Réttara væri að kalla það Íslensku veikina, vegna siendurtekens veikleika krónunnar.

⁹ Auðlindaskattur í formi hóflegs veiðileyfagjalds ætti að hjálpa að veita umframárðunum af fiski miðunum til þjóðarinnar. Nýlegar rannsóknir OECD benda til að umframárðurinn af fiskiveiðum sé um eitt prósent af VLF á ári. Slíkt fyrirkomulag, ásamt því að stjórn kvótakerfisins verði áfram í höndum Íslendinga, myndi greiða fyrir því að opna sjávarútveginn fyrir erlendum fjárfestingum og inngöngu í ESB.

Nýsköpun og þróunarmál

Rannsóknir og nýsköpun í atvinnulífinu er flókið samspil fyrirtækja, einstaklinga, fjárfesta, sjóða, ráðuneyta, rannsókn- og menntastofnana. Samantekt á útgjöldum til þessa málaflokks sem hlutfall af þjóðarframleiðslu er ein leið til þess að fylgjast með gróskunni í þessari starfsemi.

Annað hvert ár tekur Rannís saman þessi útgjöld hér á landi m.a. til samanburðar við önnur lönd. Nýjustu tölur, sem lágu fyrir í byrjun þessa árs, fela í sér að heildarútgjöld til rannsókn- og þróunarmála hafa verið um 13,5 milljarðar kr. árið 1999. Þetta svarar til um 2% af vergri þjóðarframleiðslu. Til samanburðar var þetta hlutfall 1,72% árið 1997 þegar sams konar könnun var gerð. Íslensk fyrirtæki standa fyrir um 43,5% af þessum gjöldunum en opinberar rannsóknastofnanir og menntastofnanir á háskólastigi samtals um 56,5%. Árið 1997 voru þessi hlutföll 40% fyrirtæki og 60% opinberar stofnanir. Fyrirtækin hafa þannig haldið áfram að auka hlutdeild sína í rannsókn- og þróunarstarfseminni eins og fram kemur á mynd 6.

Samanburður við önnur OECD ríki sýnir að Ísland hefur á síðustu árum heldur verið að færast ofar á lista í útgjöldum til rannsókn- og þróunarstarfsemi sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Við erum þó enn undir meðaltali

OECD ríkjanna og t.d. ekki nema hálfdrættingar á við Svía sem tróna á toppnum. Það er því ljóst að hvergi má slaka á í þessum efnunum ef við viljum vera samanburðarhæf við nágrannaþjóðir okkar.

Umræðan um nýsköpunar- og þróunarmál hefur verið að færast yfir á aukna áherslu á grunnrannsóknir og að draga eigi úr stuðningi ríkisins við rannsókn- og þróunarstarfsemi fyrirtækja. Þetta byggist m.a. á því að bolmagn fyrirtækjanna til að stunda eigin rannsóknir hefur aukist.

Þótt vissulega sé ánægjulegt að sjá að fyrirtæki hafa aukið framlög sín umfram ríkið til rannsókna og þróunar skulum við ekki gefa okkur að svona muni þetta halda áfram að þróast á sjálfbæran hátt. Forsendan fyrir nýsköpunarstarfi fyrirtækja er aðgangur þeirra að áhættufjármagni. Á síðustu árum hafa fyrirtæki átt óvenju greiðan aðgang að áhættufé m.a. í formi hlutfjár auk þess sem hagnaður í rekstri varð nokkur á árunum 1998-1999. Þá hefur einnig verið talsvert fjármagnsstreymi erlendis frá m.a. í formi þróunarsamninga við erlend stórfyrirtæki. En með hinu mikla bakslagi, sem kom í hlutabréfamarkaðinn og versnandi rekstrarafkomu fyrirtækja á síðasta ári mun áhættufjármagn fyrirtækjanna hins vegar fara minnkandi. Því er veruleg hættu á að nýsköpunarstarf-

semi fyrirtækja dragist saman nema til komi ný hvatning og nýjar forsendur.


Áhrif þessa koma að sjálfsögðu ekki fram í tölunum um rannsóknir og þróun frá árinu 1999. Því miður verður þess nokkuð langt að bíða að rauntölur fyrir árið 2000 liggi fyrir því að slíkum upplýsingum er aðeins safnað saman hér á landi annað hvert ár. Á þeim tíma gæti nýsköpunarstarfsemi fyrirtækja hafa dregist mikið saman án þess að það komi fram í opinberum tölum fyrr en löngu seinna. Þetta sýnir hvað upplýsingastreymi um þessa starfsemi er hægvirkt og ófullkomið sem stjórn-tæki. Á þessu þarf að verða breyting til þess að við getum nýtt þessar mikilvægu upplýsingar sem stjórn-tæki ákvarðana-töku.

STUÐNINGUR TIL STJÓRNVALDA


Í góðari síðustu ára hefur aðkoma stjórnvalda að nýsköpun og þróun verið tiltölulega þægilegt viðfangsefni sem einkennst hefur fremur af aðhaldi en auknum fjárfraumlögum eins og tölur sýna. Þegar þrengir að áhættufjármagn fyrirtækja eykst mikilvægi þess að stjórnvöld leggi sitt af mörkum. Með hvaða hætti stjórnvöld sinna þessu hlutverki er auðvitað umdeilanlegt en margar leiðir koma til greina. Hér reynir á pólitíska stefnumótun og stjórnkerfi sem tryggja að sem mestur árangur náist fyrir þá takmörkuðu fjármuni sem til ráðstöfunar eru hverju sinni. Vissulega getur vafist fyrir stjórnvöldum að finna hið rétta jafnvægi milli greinaflokka eins og grunnrannsókna og hagnýtra - háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja - en auk þess verður aldrei hægt að afmarka á skýran hátt áherslu- og fagsviðin. Þvert á þetta koma svo mennta- og fræðslumálin sem einnig er mikilvæg forsenda þekkingaruppbyggingar og framfara.

Það er því ljóst að verkefni stjórnvalda í þessu efni er ekki auðvelt og stöðugar breytingar á þörfum og forsendum auka enn á vandann. Engin lausn og ekkert skipulag getur orðið varanlegt til frambúðar. Við slíkar aðstæður reynir fyrst og fremst á aðlögunarhæfni og vilja til að takast á við

Mynd 6: Heildarútgjöld til rannsókna og þróunar, framlög fyrirtækja og landsframleiðsla



Mynd 7: Samanburður R&P útgjalda nokkurra OECD ríkja



Heimild: Rannis

breytingar í flóknu samspili ólíkra hagsmuna.

Núverandi ríkisstjórn hafði það á stefnuskrá sinni að auka fjármagn til nýsköpunar og þróunarstarfsemi í þágu íslensks atvinnulífs. Þannig gaf ríkisstjórnin upphaflega út þau fyrirheit að 16% þess fjármagns, sem aflaðist við sölu ríkisfyrirtækja, yrði varið til nýsköpunar og rannsókna í þágu atvinnulífsins. Eins og allir vita hefur sala á hlutabréfum í ríkisfyrirtækjum þegar skilað miklum fjármunum í ríkiskassann – svo miklum að ríkisstjórnin sá sig tilneydda að breyta framangreindum fyrirheitum.

Ef hins vegar fer eins og nú horfir að áhættufjármagn fyrirtækjanna dragist saman er kominn tími til að stjórnvöld endurskoði á ný aðkomu sína að nýsköpunarstarfsemi atvinnulífsins. Þá er ekki beðið um einhliða opinber afskipti heldur að stjórnvöld taki einfaldlega ákvörðun um að auka framlög sín í nýsköpunarumhverfi atvinnulífsins í virkum tengslum við atvinnulífið sjálft – með öðrum orðum móta nýja framtíðarstefnu í breiðu samstarfi við hagsmunaaðila.

NÝSKÖPUNARSJÓÐUR

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur nú starfað í rúmlega þrjú ár og er því að ná vissum þroska í starfsemi

sinni. Samtök iðnaðarins hafa fylgst mjög náið með starfsemi sjóðsins enda má segja að hann sé afsprengi stefnumótunarvinnu sem Samtökin unnu með félagsmönnum sínum árið 1994. Það tók nokkur ár að gera hugmyndina um sjóðinn að veruleika og samræma þurfti mörg ólík sjónarmið. Þegar sjóðurinn var orðinn að veruleika var ýmislegt sem rekið hafði af leið frá upphaflegri hugmynd Samtaka iðnaðarins um sjóðinn.



Samtök iðnaðarins gerðu þannig margar athugasemdir við starfsemi hans í byrjun, m.a. þá að hann skilgreindi aðkomu sína að nýsköpunarferlinu of þröngt. Þá voru bráðabirgðaákvæði í lögum og reglugerðum um sjóðinn varðandi Vöruþróunar- og markaðsdeildina (VÖMA) algerlega óviðundandi að mati Samtakanna.

Það hefur tekið nokkurn tíma að fá fram breytingar á þeim atriðum sem SI bentu á við upphaf sjóðsins og í raun ekki fyrr en á síðasta ári að endanleg sátt náðist um þessi mál. Með breytingum á lögum og reglugerðum um sjóðinn hefur nú orðið viðunandi breyting bæði hvað varðar VÖMA og fjölbreytni í þjónustuframboði sjóðsins við atvinnulífið.

Þá var á síðasta ári mótuð ný stefna fyrir sjóðinn sem felur m.a. í sér þá áherslubreytingu að Nýsköpunarsjóður færi sig framari í ferlið þegar kemur að framtaksfjárfestingum. Nýtt hlutverk og framtíðarsýn Nýsköpunarsjóðs var skilgreint á eftirfarandi hátt:

„Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er öflugur bakbjarl íslenskra frumkvöðla og fyrirtækja í viðleitni þeirra við að móta og koma í framkvæmd arðbærum viðskiptabugmyndum.“

„Nýsköpunarsjóður ætlar sér að vera drifkraftur nýsköpunar á Íslandi með því að efla frumkvæði í atvinnustarfsemi, verða öflugur þátttakandi í nýsköpunarverkefnum á frumstigum þeirra og stuðla að alþjóðavæðingu íslensks atvinnulífs.“

Aukin aðlögun að breytilegum þörfum viðskiptavinanna er í þá átt sem Samtök iðnaðarins óskuðu eftir. Það má því segja að atvinnulífið og frumkvöðlar þess ættu almennt að geta átt góðan bakbjarl í Nýsköpunarsjóði á næstu árum.

Á síðasta ári barst Stofnsjóði NSA 131 umsókn vegna fjárfestingaþátttöku en 89 árið á undan. Hér er því um verulega fjölgun umsókna að ræða eftir nokkra fækkun næsta ár á undan. Samtals var ráðstafað til 34 verkefna 576 milljónum króna samanborið við 623,5 milljónir árið áður.

Starfsemi Þróunarviðs NSA, sem

áður hét Stofnsjóður-Styrkir, skiptist í átaksverkefni, sprota og frumkvöðlahreiður. Á síðasta ári var ráðstafað 55 milljónum kr. frá Stofnsjóði í þennan þátt en jafnstórt framlag kom frá Vöruþróunar- og markaðsdeildinni (VÖMA) eða alls um 110 milljónir kr. Innan þessa sviðs voru fjölmörg átaksverkefni í samstarfi við Iðntæknistofnun Íslands, Útflutningsráð, Bygðastofnun og Rannsóknþjónustu Háskólans. Þá kemur sjóðurinn að Samstarfsvettvangi sjávarútvegs og iðnaðar, Heilbrigðis-tæknivettvangi, Samstarfsvettvangi um íslenska markaðssókn í þróunarlöndum, auk ýmissa sérverkefna s.s. Auður í krafti kvenna, Nýsköpun 2000 og fjölda smærri verkefna.

Fyrir utan framangreinda samfjármögnun Vöruþróunar- og markaðsdeildar með Þróunarsviði NSA veitti deildin 18,5 milljónir í styrki til fyrirtækja og félaga á sl. ári. Þannig hefur verulega verið dregið úr beinum styrkjum en stuðningurinn fremur veittur í formi áhættulána sem Stofnsjóður fjármagnar. VÖMA tekur hins vegar þátt í áhættunni til jafns við Stofnsjóð. Þetta hefur í för með sér að Vöruþróunar- og markaðsdeildin þarf að leggja til hliðar fjármuni til að mæta þessari áhættu og kemur verkefnisstjórn deildarinnar að mati umsókna um áhættulán.

Spurn eftir áhættulánum jókst á síðasta ári í alls 132 beiðnir miðað við 105 árið áður en það var fyrsta árið sem áhættulán voru veitt. Um áramót höfðu 57 erindi um áhættulán verið samþykkt, 59 beiðnum synjað eða vísað frá og þrjú erindi dregin til baka. Veitt voru lánsloforð á árinu að fjárhæð 236,6 milljónir króna miðað við 146,4 milljónir árið áður. Það má því segja að aukning áhættulána hafi samsvarað þeirri lækkun, sem varð á styrkveitingum á árinu og vel það. Óafgreiddar beiðnir um áramót voru aðeins 11.

Ljóst er að þessi þáttur í starfsemi sjóðsins er til frambúðar og hefur þann ótvíræða kost umfram styrkina að nýta fjármagnið oftast en einu sinni.

Tryggingadeild útflutningslána veitir ábyrgðir vegna verkefna á vegum

íslenskra fyrirtækja innanlands og erlendis. Árið 2000 bárust deildinni 6 umsóknir og um áramót höfðu fjórar verið afgreiddar, þrjár samþykktar og einni synjað. Tvær voru enn í vinnslu. Fyrir dyrum stendur endurskoðun á starfsemi þessarar deildar en ljóst er að umfang hennar má auka verulega.

Helsti vandi Nýsköpunarsjóðs við núverandi aðstæður felst í miklu álagi á starfsmenn sjóðsins við að sinna margvíslegum þörfum ört vaxandi hópi viðskiptavina og jafnframt því að forgangsraða í áherslum og þjónustu þannig að árangurinn verði sem mestur fyrir atvinnulífið. Hingað til hefur stærsti hluti ráðstöfunarfjár sjóðsins farið í áhættufjármögnun í formi hlutfjárkaupa í nýsköpunarfyrirtækjum. Reglan hefur verið sú að starfsmenn sjóðsins taki stjórnarsæti í þeim fyrirtækjum sem fjárfest er í enda oft um umtalsverða hluta að ræða. Þetta getur vissulega verið nauðsynlegt fyrir sjóðinn og jákvætt fyrir þau fyrirtæki sem fjárfest er í en eftir því sem fyrirtækjunum fjölga verður meiri tími starfsmanna sjóðsins bundinn í þessu. Því hefur verið farið inn á þá braut að leita til aðila utan sjóðsins að gæta hagsmuna hans í stjórnun fyrirtækja. Reynslan af þessu á eftir að koma í ljós og vonandi verður hún jákvæð.

RANNSÓKNARRÁÐ ÍSLANDS

Á síðasta ári skipaði menntamálaráðherra nýtt rannsóknarráð til þriggja ára en skipunartími þess gamla rann út í sumar. Samkvæmt lögum um Rannsóknarráð Íslands tilnefna Samtök atvinnulífsins tvo fulltrúa og ASÍ einn, á móti þrem fulltrúum rannsóknastofnana og þrem fulltrúum háskólastofnana. Þá skipar ráðherra sjálfur tvo fulltrúa, þar á meðal formann ráðsins.

Á síðasta ársfundum Rannsóknarráðs lagði menntamálaráðherra höfuðáherslu á aukið vægi grunnrannsóknna og menntun ungra vísindamanna. Hann lýsti einnig þeirri skoðun að einkaaðilar ættu að sinna öðrum þáttum rannsóknna- og þróunarstarfs. Þessi orð ráðherra má e.t.v. túlka á fleiri en einn veg en hvernig sem



á þau er lítið vekja þau upp spurninguna með hvaða hætti stefnumótun í rannsóknum og þróunarmálum þjóðarinnar fer fram. Hjá flestum vestrænum þekkingarþjóðfélögum er lögð mikil og vönduð vinna í slíka stefnumótun þar sem leitast er við að hafa sem víðtækast samráð við alla hagsmunaaðila. Rödd atvinnulífsins þarf í þessu sambandi að vera skýr og hún þarf að vera leiðbeinandi fyrir hina mörgu aðila sem vilja vinna að hagsmunum þess. Annars er hætt við að menn túlki skilaboðin eftir eigin höfði.

Um þessar mundir fer fram stefnumótunarvinna hjá Rannís. Samtök iðnaðarins hafa myndað bakhóp til að móta skilaboð iðnaðarins inn í þessa vinnu og munu fylgjast náið með framvindu hennar. Meginskilaboð Samtakanna í þessu sambandi eru þau að þeir fjármunir, sem lagðir eru í rannsóknir á Íslandi, skili sér á einn eða annan hátt í aukinni verðmætasköpun og hagsæld óháð því hvort við skilgreinum verkefni sem grunnrannsóknir eða hagnýtar rannsóknir. Það er ljóst að rannsóknir, sem ekki skila sér í hagnýtu gildi til lengri eða skemmri tíma, eru léleg fjárfesting og gildir þá einu hvort þær teljast grunnrannsóknir eða ekki.

RANNSÓKNASTOFNANIR ATVINNUVEGANNA

Í umræðunni um nýsköpunar- og þróunarmál hafa rannsóknastofnanir atvinnuveganna átt nokkuð undir högg að sækja. Þetta á ekki hvað síst við um þær sem heyra undir iðnaðarráðuneytið. Fjárveitingar til þessara stofnana hafa hlutfallslega dregist saman og þeim er í vaxandi mæli gert að sækja tekjur á markaði. Á sama tíma hefur íslenskum þekkingarfyrirtækjum, litlum og stórum, fjölgað ört og bolmagn margra þeirra og færni til að stunda eigin rannsóknna- og þróunarstarfsemi stóraukist.

Það er afar mismunandi hvernig samstarfi þessara fyrirtækja við rann-

sóknastofnanir er háttað. Sum eiga ekkert samstarf við rannsóknastofnanir en önnur vinna með þeim í virku samstarfi að sérhæfðum og alþjóðlega metnaðarfullum verkefnum. Þá koma stöðugt fram ný fyrirtæki, sem þrátt fyrir alþjóðlega þekkingu og þróunarstarf, þurfa margvíslega þjónustu til að takast á við uppbyggingarstarf sitt.

Það má því segja að verkswið og hlutverk rannsókn- og þjónustustofnana atvinnulífsins verði stöðugt flóknara og erfiðara, eftir því sem kröfur, sérhæfni og þekkingarstig fyrirtækjanna eykst. Þá er gerir skortur á tæknifólki þeim erfitt fyrir að halda hæfasta fólkinu. Aukin samkeppni á ráðgjafamarkaði þrengir einnig að þeim verkefnum sem njóta stuðnings á fjárlögum þannig að skilja þarf þann hluta starfseminnar frá þeim sem er á samkeppnismarkaði.

Undanfarin ár hefur mikið verið rætt um hugsanlega sameiningu rannsóknastofnana í stærri rekstareiningar sem eru færari um að takast á við breytingar og stærri, metnaðarfullri verkefni. Engin samstaða hefur hins vegar náðst um slíka sameiningu hvorki milli stofnana,



sem heyra undir sama ráðuneyti, né heldur þeirra sem heyra undir ólík ráðuneyti. Í reynd hefur þróunin frekar verið í þá átt að tvær eða fleiri stofnanir, hafi stofnað með sér nýjar sjálfstæðar eða hálsjálfstæðar rekstareiningar um tiltekna starfsemi sem þau eiga í samstarfi. Slíkt getur tímabundið þjónað vissum tilgangi til að tryggja gott samstarf um afmörkuð verkefni en fær vart staðist til lengdar. Í reynd er hætt við að þetta skapi aðeins auknar stjórnunarlegar og fjárhagslegar flækjur.

Iðntæknistofnun hefur undanfarin tvö ár unnið að endurskipulagningu á

starfsemi sinni með breyttar kröfur í huga. Stærstu breytingarnar eru stofnsetning sérstaks starfssviðs, Impru, sem er upplýsinga- og þjónustusvið fyrir frumkvöðla og lítil fyrirtæki. Þá hefur starfsemi tveggja deilda Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins um matvælastarfsemi og efnagreiningar verið sameinuð.

Mikil eftirspurn hefur verið eftir þjónustu Impru og segja má að þetta starf hafi tekist framur vonum. Einn þáttur í því er rekstur frumkvöðlaseturs sem er nýjung hér á landi. Reynslan hefur sýnt að frumkvöðlum þykir styrkur í því að geta ráðfært sig við aðra og læra hvernig aðrir frumkvöðlar hafa leyst sín mál. Iðntæknistofnun hefur auk þess lagt áherslu á að veita þeim leiðsögn og stuðning til að flýta vextinum og auka líkur á að árangur náist. Þegar hafa nokkur frumkvöðlafyrirtæki, sem fengu inni á frumkvöðlasetrinu, vaxið það hratt og dafnað að þau eru flutt þaðan út aftur og nýir frumkvöðlar komnir í staðinn.

Norrænt samstarf

FORMANNAFUNDIR

Formenn norrænu iðn- og atvinnurekendafélaganna áttu fund í Kalmar í Svíþjóð um mánaðamótin ágúst/september. Það setti nokkurn svip á fundinn að skammt var í kosningar í Danmörku um aðild að EMU, sem hefði þýtt að danska krónan yrði úr sögunni svo og að undirbúningur Svía fyrir að taka við formennsku innan Evrópusambandsins stóð sem hæst. Efnahagsmál og rekstrarumhverfið almennt voru að vanda á dagskrá og Svíar höfðu framsögu um nýja hagkerfið. Þeir segja það hvíla á fimm meginstöðum sem eru: 1) *Nýr tæknigrunnur*, 2) *Ríkari þáttur mannafla, þekkingar og þróunar*, 3) *Nýjar markaðsforsendur með færri reglum á heimsvísu*, 4) *Aukin samvinna fyrirtækja og aukid frelsi til að skipuleggja fyrirtæki* og 5) *Bætt skilyrði til að stjórna efnabagslífinu í mörgum löndum*.

Nýja efnahagskerfið felur í sér nýjar forsendur fyrir allt efnahagslífið. Það snýst því alls ekki eingöngu um velgengi upplýsingatæknifyrirtækjanna heldur líka um þau áhrif sem upplýsingatæknin hefur á þau fyrirtæki og stofnanir, einnig hinar opinberu, sem hafa tekið hana í þjónustu sína. Bæði ný og gamalgróin fyrirtæki hafa lagt grunninn að hagvexti og velmegun og hefðbundin skipting atvinnulífsins í iðnaðar- og þjónustufyrirtæki verður sífellt óljós-

ari. Í Svíþjóð eru iðnfyrirtæki t.d. orðin helstu viðskiptavinir fyrirtækja í upplýsingatækni og þau viðskipti nema allt að 70% af veltu hinna síðarnefndu. Þar er talið að hin nánú samskipti upplýsingatæknifyrirtækja og kröfuharðra viðskiptavina eigi mestan þátt í að sænsk upplýsingatæknifyrirtæki hafa skipað sér í fremstu röð í sinni grein á heimsmælikvarða. Sænsk stjórnvöld eiga sinn þátt í þessari þróun þar sem þau voru fljót að taka hina nýju tækni í þjónustu sína og það skýrir líka að nokkru leyti hina sterku stöðu þarlendrar upplýsingatæknifyrirtækja.

Á fundinum var einnig rætt um lífeyriskerfi og almannatryggingar og Íslendingum þótti gaman að sjá að aðrar Norðurlandaþjóðir líta lífeyriskerfið okkar öfundaragum og að það er komið æ betur í ljós að það er eitt besta kerfið í hinum vestræna heimi. Það hefði einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar.

RÁÐ LÍTILLA OG MEÐALSTÓRRA FYRIRTÆKJA


Að venju var haldinn einn fundur í ráðinu á sl. ári. Að þessu sinni var fundurinn haldinn í Kaupmannahöfn í september hjá Håndværksrådet sem eru samtök danskra iðnmeistarara. Á fundum, sem þessum, er leitast við að bera saman ýmis starfsskipti lítilla fyrirtækja í þessum löndum til þess að hver um sig

geti hagnýtt sér það sem best er gert þegar heim kemur. Þetta á bæði við um starfsskiptir sem stjórnvöld móta en einnig það sem hagsmunasamtök geta gert til þess að þjóna aðildarfyrirtækjum sínum betur. Að þessu sinni vöktu athygli metnaðarfull áform Företagarna í Svíþjóð um að nota vefsetur sín (foretagarna.com og fr.se) til þess að þjóna félagsmönnum sínum í stóru sem smáu. Svíarnir hafa gert þriggja ára áætlun um uppbyggingu og rekstur vefsetursins foretagarna.com og er gert ráð fyrir að kostnaður verði um ein milljón sænskra króna á mánuði þessi þrjú ár, sem lætur nærri að vera 315 milljónir íslenskra króna á þessum þremur árum. Fundarmönnum þóttu Svíarnir djarfir en þeir fullyrtu að þetta yrði hvorrar krónu virði og vefsetrið yrði ómissandi þáttur í rekstri fyrirtækja í Svíþjóð þegar fram líða stundir. Þetta sýnir glögglega hve mikilvægan sess upplýsingatæknin mun skipa í störfum hagsmunasamtaka í framtíðinni og um leið að Samtök iðnaðarins eiga enn langt í land með að komast með tærnar þar sem Svíar hafa hælana í þessum efnunum.

VIÐSKIPTAPÓLÍTÍK

Í Vindinge í Danmörku komu sérfræðingar samtaka í iðnaði saman til fundar í júní til þess að ræða alþjóðaviðskipti og alþjóðasamninga. Meginviðfangsefnið var Alþjóðaviðskiptastofnunin WTO en einnig var talsvert rætt um framtíð EES-samningsins. Klavs Holm skrifstofustjóri í danska utanríkisráðuneytinu var sérstakur gestur á fundinum. Hann flutti athyglisvert erindi um þróun alþjóðaviðskiptakerfisins og lagði m.a út af því að það yrði æ svæðisbundnara og að í raun væru orðnir til 6-8 hópar innan WTO í stað þess að þar komi saman um 140 ríki með óbundnar hendur. Þá telur hann það valda nokkrum vandræðum að t.d. Bandaríkjamenn og ESB nota hvorir sína aðferðina í samningum. ESB vilji hafa allt undir í viðræðum til þess að geta svo leyst málin í einu lagi með „pakka“-lausn eins og tíðkast gjarnan innan ESB. Bandaríkjamenn vilja á hinn bóginn frekar hafa eitt eða fá mál undir í einu.

Mynd 8: Hagvöxtur á Norðurlöndum 1998 - 2001



Þetta valdi því að mun hægar gangi en ella að ná fram samningum.

EES-samningurinn var ræddur og hafði Ísland framsögu í því máli. Skemmst er frá því að segja að flestir voru þeirrar skoðunar að dagar hans væru senn taldir. Ekki urðu menn þó sammála um hvenær það yrði eða hvort Norðmenn eða Íslendingar yrðu fyrri til þess að sækja um aðild að ESB.

FYRIRTÆKJA- OG VIÐSKIPTALÖGGJÖF

Lögfræðingar frá samtökum í iðnaði á Norðurlöndunum hafa haft fyrir venju að hittast reglulega og bera saman bækur sínar um það sem efst er á baugi varðandi fyrirtækja- og viðskiptalöggjöf á Norðurlöndum og á vettvangi Evrópusambandsins. Helsta efni fundarins var hvaða afleiðingar hið svokallaða nýja hagkerfi hefði í för með sér á sviði lögfræðinnar. Hér er bæði um að ræða algjörlega ný viðfangsefni vegna nýrra viðskiptahátta en ekki síður hitt að hraði breytinga er orðinn slíkur að hefðbundið löggjafarstarf, sem á rætur að rekja hundruð ára aftur í tímann, ræður illa við að fylgja þróuninni nógu hratt eftir. Reglurnar verða gjarnan úreltar jafnharðan og þær eru settar. Lausn á þessum vanda gæti verið að hverfa frá nákvæmum fyrirmælum í lögum og reglum til rammalöggjafar sem veitti meira svigrúm til mismunandi útfærslu. Sérstaklega er þetta brýnt þegar tæknileg málefni og viðskipti eiga í hlut.

Samkeppnismál eru fastur liður á dag-skránni og var að þessu sinni lagt á ráðin með hvaða hætti Norðurlönd gætu unnið saman að því að hafa jákvæð áhrif á samkeppnisrétt innan ESB. Norðmenn og Íslendingar voru nokkuð utangátta í þeirri umræðu enda þótt þessar reglur gildi einnig á EES-svæðinu því að þeir eiga ekki sambærilegan aðgang að þeim sem móta reglurnar og hinar Norðurlandþjóðirnar þrjár.

Að loknum fundi gafst fundarmönnum færi á að sækja menningarnótt í Reykjavík og sáu m.a. flugeldasýninguna miklu. Kváðust þeir hvorki fyrir né síðar hafa orðið vitni að öðru eins.

R&P OG TÆKNIMENNTUN Á HÁSKÓLASTIGI – FOU

Árlegur fundur systursamtaka SI á Norðurlöndum um rannsóknir, þróun og tæknimenntun á háskólastigi fór fram í Kaupmannahöfn í ágúst sl. Að þessu sinni einkum rætt um nýsköpunarkerfið og tengsl atvinnulífs, háskóla og rannsóknastofnanna. Það vekur stöðugt athygli hvað Svíar leggja stóran hluta þjóðarframleiðslu sinnar til rannsóknar- og þróunarstarfs, en þeir eru enn að auka þetta hlutfall þó þeir hafi nú þegar náð efsta sæti listans með tæp 4%. Kollegar okkar í Noregi kvarta hins vegar undan litlum metnaði stjórnvalda til að auk þetta framlag en þeir eru neðstir á lista Norðurlanda í útgjöldum til R&P þrátt fyrir gífurlegan olíuauð sem þeir hafa safnað saman.

Þá voru á dagskrá umræður um tæknimenntun á háskólastigi og þann skort sem er alls staðar á tæknimenntuðu fólki. Atvinnulífið er alls staðar að koma með virkari hætti inn í stjórnun og stefnumótun háskóla og sú vinna sem Samtök iðnaðarins hafa lagt í að skilgreina nýjan Tækniháskóla Íslands vakti mikla athygli kollega okkar.

SVAPU-TECH OG NORDIC FORUM

Samtök iðnaðarins eru aðilar að samstarfsneti norrænna samtaka sem gæta sérstaklega hagsmuna tæknifyrirtækja á Norðurlöndum. Þessi samtök eru ýmist sjálfstæð samtök eða sérsambönd innan iðn- og atvinnurekendasmatakanna. Hópurinn nefnir sig SVAPU-TECH og sækir uppruna sinn innan SVAPU sem eru málm- og rafeindafyrirtæki á Norðurlöndum. Aðildarfélag hópsins eru auk SI; Dansk Industri, Sveriges Verkstedsforening; Teknologibedrifernes Landsforening í Noregi og FIMET í Finnlandi. SVAPU-TECH hópurinn leggur megináherslu á málefni sem snúa að framleiðslu, þróun og tæknimálum fyrirtækja og stjórnun þar að lútandi.

Hópurinn hefur m.a. unnið að uppbyggingu á norrænum samstarfsvettvangi um framleiðslustjórnun, undirheitinu „Nordic Forum for Production Management.“ Tilgangurinn með þess-

um samstarfsvettvangi er að auka samkeppnishæfni og styrkja umhverfi þróunarstarfs og þekkingaruppbyggingar fyrirtækja á sviði tækni og framleiðslu. Í þessu sambandi er m.a. leitast við að efla tengsl og samvirkni milli mismunandi þróunarverkefna, áætlana og þróunarmiðstöðva á Norðurlöndum.

Norræni iðnaðarsjóðurinn fjármagnar starfsemi vettvangsins að hluta á móti innlendum fjármögnunaraðilum og aðstandendum. Dönsku iðnrekendasamtökin, DI, bera hitann og þungann af daglegri framkvæmd en samstarfsaðilararnir eiga allir fulltrúa í stjórnarnefnd og verkefnisstjórn verkefnisins.

Vettvangurinn stóð á síðasta ári m.a. fyrir ráðstefnu framsækinnar fyrirtækja og þekkingarstofnana á Norðurlöndum á sviði framleiðslustjórnunar í Helsinki undir kjörorðinu; „Reducing Time to Market - through Networking Production.“

Markhópur ráðstefnunnar var forystumenn og framleiðslustjórar framsækinnar (World Class) fyrirtækja á Norðurlöndum á sviði þekkingariðnaðar og framleiðslu auk háskóla og rannsóknastofnana. Þátttakendur frá Íslandi voru 10, frá Delta, Hörpu, Marel, Vaka-DNG, Össuri, Gæðafæði, Háskóla Íslands og Samtökum iðnaðarins.

Aðalerindi ráðstefnunnar hélt prófessor Dr. Charles Fine frá MIT, en hann er ein skærasta stjarna MIT á sviði fyrirtækjastjórnunar um þessar mundir. Ráðstefnan fór að öðru leyti fram í minni vinnufundum þar sem fjallað var um afmarkaða stjórnunarþætti, s.s. netsamstarf, ferilstjórnun, samhæfingu upplýsingakerfa, breytingastjórnun, þekkingarstjórnun og tæknistjórnun. Í hverjum vinnuhópi var einn framsögumaður frá fyrirtæki og einn frá háskóla eða þekkingarmiðstöð í fremstu röð, hver á sínu sviði.

Nordic Forum verkefninu líkur formlega á þessu ári en viðræður fara nú fram um hugsanlegt nýtt samstarfsverkefni um hagnýt viðmið (benchmarking).

Ísland, EES og aðild að ESB


Samtök iðnaðarins hafa ávallt verið talsmenn alþjóðlegs samstarfs. Fyrirrennarar þeirra hvöttu til aðildar að EFTA fyrir 30 árum og eins til aðildarinnar að EES. Reynslan hefur sýnt að þessi afstaða hefur verið skynsamleg og farsæl. Alþjóðlegt samstarf á evrópskum vettvangi hefur leitt til framfara og eflingar atvinnulífs, ekki síst iðnaðar á Íslandi. Samtök iðnaðarins hvöttu strax eftir að aðildin að EES varð að veruleika til þess að aðild að Evrópusambandinu yrði skoðuð rækilega. Árið 1995 annaðist Hagvangur gerð könnunar á viðhorfi félagsmanna Samtakanna til aðildar að ESB. Þá kom í ljós að meirihlutinn var fylgjandi aðild og var fylgið meira eftir því sem fyrirtækin stækkuðu. Í ágúst sl. var aftur gerð könnun á viðhorfi félagsmanna en að þessu sinni annaðist Gallup könnunina. Enn var það sama upp á teningnum. Félagsmenn skiptust í þrjá hópa. Sá minnsti eða um 24% var hvorki fylgjandi né andvígur aðild,



nokkru fleiri eða 31% voru andvígir aðild að ESB en langflestir eða 45% voru fylgjandi aðild. Ef einungis þeir, sem sögðust fylgjandi eða andvígir, eru teknir með þá eru hlutföllin þau að 41% eru andvíg en 59% félagsmanna eru fylgjandi.

Samtök iðnaðarins telja sig því hafa fast land undir fótum meðal félagsmanna sinna þegar þau hvetja til þess að Ísland sækji um aðild að ESB. Raunar er það svo að könnun Gallups sýnir að almenningur er mjög svipaðrar skoðunar og félagsmenn Samtaka iðnaðarins í þessum efnum.

EES-samningurinn var góður samningur þegar hann var gerður en því miður hefur hann ekki elst eins vel og vonir stóðu til. Til þess eru margar ástæður en þær veigamestu eru auðvitað þær að EFTA-ríkjunum, sem eiga aðild að honum, hefur fækkað og stækkunarferli ESB er bæði víðtækara og gengur hraðar en nokkurn óraði fyrir þegar gerð EES-samningsins stóð yfir. Jafnvægi samningsins hefur raskast verulega, áhugi ESB á samstarfinu er hverfandi en það versta er að samningurinn þróast ekki í takti við það sem gerist innan ESB.



Allt þetta veldur því að það er óviðunandi fyrir íslenskan iðnað og atvinnulífið almennt að standa utan ESB og er heldur varla bodlegt fyrir Íslendinga sem sjálfstæða þjóð að búa við EES-samninginn eins og málin hafa þróast á undanförunum misserum. Það er því vonum seinna að stjórnvaldaflokkar hafa loksins tekið málið á dagskrá og flestir byrjaðir að ræða þessi mál af alvöru. Í þessum efnum dugir ekki lengur að bíða og sjá. Á næstunni þarf að taka ákvörðun um að sækja um aðild að Evrópusambandinu, hefjast handa við að undirbúa samningaviðræður án tafar og búa okkur undir aðildina og þær breytingar sem hún hefur í för með sér.

Ráðgjafarnefndir EFTA og EES

Ráðgjafarnefnd EFTA hélt þrjá fundi á árinu auk þess að funda með EFTA ráðherrum í Zurich og Halldóri Ásgrímssyni, utanríkisráðherra, í Reykjavík í október. Jafnframt stóð nefndin fyrir vinnufundi um atvinnumál í Reykjavík í október. Ráðgjafarnefnd EES hélt einn fund á árinu.

Töluverðar breytingar hafa orðið á starfsháttum ráðgjafarnefndar EFTA á

undanförunum misserum, að flestra mati til góðs. Mjög hefur dregið úr umfjöllun um mál sem verið hafa á dagskrá Efnahags- og félagsmálanefndar ESB en aukin áhersla lögð á viðfangsefni líðandi stundar. Nefndin hefur lagt áherslu á fullnustu Innri markaðarins, samráð aðila vinnumarkaðarins og málefni upplýsingasamfélagsins. Með breyttum áherslum hefur tekist að færa viðfangs-

efni nefndarinnar nær raunveruleikanum og þar með hagsmunum vinnu- markaðarins. Fulltrúar íslenskra fyrirtækja í nefndinni hafa lagt áherslu á mikilvægi rafrænna viðskipta fyrir EFTA/EES fyrirtæki auk þess að halda á lofti hugmyndum ESB um evrópska einkaleyfastofu.

Samtök iðn- og atvinnurekenda í Evrópu – UNICE

Ekki tókst að ljúka endurskoðun starfskipulags UNICE á árinu eins og stefnt var að. Það má að hluta til rekja til þess að framkvæmdastjórinn, Dirk Hudig, hætti störfum í árslok. Stefnt er að því að ljúka þessari vinnu á árinu 2001. Ætla má að breytt skipulag samtakanna taki annars vegar mið af stækkun ESB en hins vegar auknum áherslum á beina hagsmunum fyrirtækja innan Evrópusambandsins og skýrari forgangsröðun viðfangsefna á hverjum tíma.

Hugmyndir framkvæmdastjórnar ESB um mun víðtækara og breiðara samráð við félag- og áhugasamtök af öllu mögu-



legu tagi innan sambandsins koma vafalaust til að verkefni verða UNICE flóknari en ella. Verði framkvæmdastjórninni að ósk sinni margfaldast fjöldi umsagnar- aðila um einstakar tillögur að löggjöf. Að sama skapi eykst mikilvægi þess að samtök á borð við UNICE haldi trúverðuleika sínum.

Helstu viðfangsefni samtakanna, auk fastra liða, hafa snúist um tillögur sérstaks leiðtogafundar ESB í Lissabon í mars 2000. Tillögurnar miða að því að koma ESB í fremstu röð þekkingarsamfélaga. Tengsl þessara tillagna við EES eru að hluta óljós en innan EFTA hefur verið lögð áhersla á að fylgjast grannt með í því skyni að vekja athygli á þeim atriðum sem falla hugsanlega undir EES.

Evrópuskrifstofa atvinnulífsins í Brussel – ESAB

Eins og áður hefur verið lögð áhersla á að starfsemi skrifstofunnar sé sveigjanleg og ekki um of í föstum skorðum. Markmið þessara vinnubragða er að gera forstöðumanninum kleift að sinna jafnóðum mikilvægum málum og verkefnum sem upp koma. Forgangsröðun viðfangsefna í málefna- og tillögufloði Evrópusambandsins skiptir sköpum

hvað varðar möguleika til að ná einhverjum árangri eða a.m.k. að veita fyrirtækjum og samtökum viðunandi þjónustu.

Lögð hefur verið sérstök áhersla á málefni upplýsingasamfélagsins, þ.m.t. tillögu ESB um tryggt veffang í rafrænum viðskiptum, - .eu -. Allar líkur eru á að íslenskum fyrirtækjum bjóðist að taka

veffangið upp þegar þar að kemur. Hugmyndin er að í veffanginu felist trygging um tiltekna örugga viðskiptahætti fyrir neytendur. Á vegum samtakanna og skrifstofunnar hefur og verið lögð áhersla á nauðsyn þess að Evrópsk einkaleyfaskrifstofa, ef af verður, taki og til EFTA/EES.

Tékkar sóttir heim

Stjórn SI hefur það fyrir vonu að fara á eins til tveggja ára fresti í heimsókn til systursamtaka í Evrópu til þess að kynna sér stefnur og strauma í málefnum iðnaðar þess lands sem heimsótt er og/eða alþjóðleg viðhorf í málefnum iðnaðarins. Að þessu sinni varð Tékkland fyrir valinu.

Ástæða þess að Tékkland var valið er að um þessar mundir eru 10 ár frá því Tékkar losnuðu undan oki kommúnismans. Þar er mikill kraftur í uppbyggingu atvinnu- og efnahagslífsins en í

Tékklandi er rík hefð fyrir iðnaði og Tékkar eru í hópi þeirra ríkja sem trúlegt er að gangi í ESB innan næstu 5 ára eða svo.

SP (SI í Tékklandi)

SP eiga rætur að rekja aftur til ársins 1918 en í núverandi mynd eru þau 10 ára en eins og gefur að skilja voru engin samtök atvinnurekenda starfrækt í valdatíð kommúnista. Allt atvinnulífið var í höndum hins opinbera, meira að segja rakarastofur og kaffihús.

Samtökin leggja mikla áherslu á að efla alþjóðleg tengsl, til að afla markaða fyrir tékkneskan iðnað en ekki síður til að laða að erlendar fjárfestingar til landsins, bæði til þess að afla markaða og tækniþekkingar. Stjórnvöld vinna markvisst að því að gera rekstrarumhverfið aðlaðandi fyrir erlenda aðila. Engar hömlur eru lagðar á fjárfestingar eða erlenda eignaraðild í tékknesku atvinnulífi og er athyglisvert að tékkneska hagkerfið er opnara en það íslenska að þessu leyti. Tékkar hafa gert

tvísköttunarsamninga við yfir 100 ríki og hafa Íslendingar ekki tærnar þar sem Tékkar hafa hælana í þeim efnunum, hafa aðeins gert slíka samninga við 17 ríki.

Í máli SP kom fram að staðan í tékkneskum iðnaði er ekki ósvipuð þeirri sem var á Íslandi við inngönguna í EFTA. Iðnaðurinn hefur notið ríkulegrar tollverndar og er að mörgu leyti staðnaður. Þrátt fyrir mjög lág laun hafa Tékkar áhyggjur af því að margt af iðnaðarframleiðslu þeirra muni ekki standast samkeppni í opnu hagkerfi. SP skipulagði m.a. heimsóknir í tvö fyrirtæki sem þeir töldu lýsandi fyrir þá umbrotatíma sem standa nú yfir og þá erfiðleika og tækifæri sem eru í tékkneskum iðnaði um þessar mundir.

Í skipasmíðastöð var eins og tíminn hefði numið staðar fyrir 40 - 50 árum, a.m.k. hvað varðar tæki og búnað. Þar eru smíðuð skip ætluð til fljótasiglinga og hefur stöðin getað aflað sér verkefna, ekki síst á grundvelli lágra launa en sér nú fram á að kínverskur skipasmíðaiðnaður muni gera fyrirtækinu skráveifu, standist Kínverjarnir þeim snúning í gæðum. Reksturinn var greinilega erfið-

ur og ekki laust við að saknaðar gætti í rödd framkvæmdastjórans þegar hann ræddi verkefnastöðuna og sagði frá því að fyrir Flauelsbyltinguna hefði ekki þurft að hafa áhyggjur af slíkum smámunum, þá hefðu verkefnið komið af sjálfu sér, m.a. mikið verið smíðað fyrir Sovétríkin.

Í glerverksmiðjunni kvað við annan tón. Hún er sú stærsta í Mið- og Austur-Evrópu var einkavædd árið 1991. Belgísk samsteypa keypti hana skömmu síðar og hefur véla- og tækjabúnaður verið endurnýjaður meira eða minna. Reksturinn gengur vel og verksmiðjan er mjög vel samkeppnishæf. Þarna hefur skapast góð og stöðug atvinna og er verksmiðjan kjölfestan í sínu byggðarlagi.

CMKOS (Tékkneska alþýðusambandið)

Í máli varaforseta CMKOS kom glögg fram hversu miklar og erfiðar breytingar hafa orðið og eiga enn eftir að eiga sér stað í Tékklandi eftir Flauelsbyltinguna 1989 þegar kommúnistastjórnin hrökkladist frá völdum. CMKOS er einmitt

byggt á fjölda verkfallsnefnda sem skipulögðu allsherjarverkföll í Tékklandi 27. nóvember 1989 sem var einn af afgerandi þáttum þess að Flauelsbyltingin var gerð. Tékkar kalla hana Flauelsbyltingu vegna þess að ekki ein einasta rúða var brotin þegar valdaskiptin urðu í landinu.

Tékkar hafa gengið hart fram í einkavæðingu og alþjóðavæðingu landsins og ljóst að verkalýðshreyfingunni þykir meira en nóg um. Að sögn Máleks hefur CMKOS fram undir þetta ekki beint spjótum sínum mjög að tékkneskum atvinnurekendum heldur fyrst og fremst að stjórnvöldum og Tékkar hafa byggt á þríhliða samstarfi stjórnvalda, atvinnurekenda og verkalýðshreyfingar. CMKOS hefur viljað einbeita sér að því að reyna að tryggja að lagaumhverfið og leikreglurnar séu sem hagstæðastar frekar en að sækja á um hærra kaup enda litlu að skipta fram til þessa.

Mannvirkjagerð – byggingariðnaður

BREYTINGAR Á INNRA STARFI

Á sl. ári voru gerðar breytingar á starfsgreinahópi í byggingariðnaði. Skipuð var stjórn og kjörinn formaður til að vinna starfsgreinahópsins yrði markvis-sari og árangursríkari. Tekinn var upp sá siður að halda opna fundi stjórnar í hverjum mánuði og hafa þeir verið vel sóttir. Í haust er leið var haldinn fundur á Flúðum með stjórnun meistarafélaganna innan SI þar sem fjallað var um margvísleg málefni. Þar varð mönnum m.a. tíðrætt um markaðssetningu meistarafélaganna og hvernig unnt væri að gera þau sýnilegri út á við. Þar var einnig ákveðið að efla samstarf meistarafélaganna.

ÞENSLA

Mikil þensla hefur einkennt byggingastarfsemina á liðnum misserum og virðist enn lítið lát á henni. Þessi mikilvæga grein iðnaðarins býr við miklar sveiflur sem einkennast af því að verkefnastaðan er ýmist í ökkla eða eyra sem hefur í för með sér að reksturinn verður óstöðugur og erfitt um vik að skipuleggja og byggja upp fyrirtæki með eðlilegum hætti. Reynslan hefur sýnt að sveiflan í mannvirkjagreinum er alltaf um tveimur árum á eftir almennri efnahagssveiflu héraðs og virðist að auki verða ýktari en í öðrum greinum þ.e. dalirnir verða dýpri og topparnir hærri. Samtök iðnaðarins hafa ítrekað bent á að ein leið til þess að vinna gegn þessu er sú að hið opinbera stýri sínum framkvæmdum til þess að vinna gegn þessari sveiflu.

TÚLKUN LAGA OG REGLUGERÐA SAMRÆMD

Skrifstofu Samtakanna bærust allmörg erindi sem snerta störf byggingafulltrúa og var einkum fundið að því að þeir túlkuðu lög og reglugerðir með mismunandi hætti. Samtök iðnaðarins hafa beitt sér fyrir því að á því verði ráðin bót þannig að fyrirtæki og húsbýggjendur sitji við sama borð í þessu efni hvar sem er á landinu.



STAÐLAMÁL

Staðlamál skipta byggingariðnaðinn miklu máli eins og allt sem tengist vottun á byggingarefni. Samtök iðnaðarins hafa lagt mikla áherslu á að öll efni og framleiðsla verði vottuð til þess að tryggja gæði þess sem framleitt er og ábyrgð framleiðenda á seldri vöru. Enn er langt í land í þessu efnum.

LAGABREYTINGAR

Samtökin gengu til samstarfs við nefnd sem hafði tillögur að breytingum á skipulags- og byggingarlögum á sinni könnu. Frumvarp um breytingar á lögum kom til kasta Alþingis á sl. ári og náðu ýmsar breytingar, sem Samtökin höfðu lagt áherslu á, fram að ganga. Umhverfisráðuneytið hefur sett á lagirnar nefnd sem á að vinna að því að gera heildarbreytingar á skipulags- og byggingarlögum og standa vonir til þess að hún taki til starfa í vor.

MENNTAMÁL

Góð verkefnastaða í byggingariðnaðinum ætti að gefa tilefni til þess að efla iðnmenntun í greininni því að margt bendir til að þar megi betur gera. Brýnt

er að endurskoða allt nám sem tengist iðnaðinum og laga það að þörfum markaðarins. Allir, sem málið er skylt, þurfa að taka höndum saman og efla iðnmenntun á sviði mannvirkjagerðar og þá ekki síst meistaranámið. Þegar hefur verið hafist handa við að endurskoða grunnnám í iðnnámi og að þeirri vinnu er lokinni kemur að endurskoðun meistaranámsins.

KJARASAMNINGAR

Mikill tími fór í gerð kjarasamninga við Samiðn á fyrrihluta ársins. Þar var tekist á ýmis mál s.s. eins og skilgreiningu veikindadaga, að færa taxa að greiddu kaupum, lengja orlofstíma og hækka lífeyrissjóðsgreiðslur svo að eitthvað sé nefnt. Enn er eftir að ganga frá samningum við Múrarafélag Reykjavíkur og Félag pípuþingamanna.

LÖGGILDING IÐNMEISTARA

Á fyrri hluta ársins gáfu Samtök iðnaðarins umsögn um reglugerð varðandi löggildingu iðnmeistara sem ekki hafa lokið prófi frá meistaraskóla. Reglugerðardrögin voru kynnt stjórnun allra meistarafélaga sem samþykktu þau. Umhverfisráðuneytið gerði nokkrar breytingar á reglugerðinni sem varð til þess að námskeiðið, sem meistarar þurftu að sækja til að hljóta löggildingu lengdist. Á þessum tíma var einnig unnið að því að ná fram breytingum á skipulags- og byggingarlögum sem m.a. snertu vottarnir á byggingarvörum.

Jarðvinnuverktakar – Félag vinnuvélaeigenda

Um langt skeið hafa menn átt von á breytingum á verðlagi á jarðvinnu- markaði, en þær hafa ekki gengið eftir þrátt fyrir þenslu og verðbreytingar á öðrum mörkuðum mannvirkjagerðar. Verðlag hefur haldist nánast óbreytt frá seinni hluta síðasta áratugar. Rekstrarkostnaður hefur hinsvegar aukist verulega og töluvert umfram almennt verðlag. Verðhækkunar olíu á síðasta ári voru mjög miklar. Aðrir veigamiklir þættir í rekstri fyrirtækja í jarðvinnu hækkuðu svo namtugum prósentu. Má nefna aðkeypta þjónustu innflytjenda sem hækkað hafa verðskrár sínar um tuttugu til þrjátíu prósent. Með aukinni tölvunotkun við stýringu og eftirlit véla eru jarðvinnuverktakar mun háðari innflytjendum véla og þeirra þjónustu en áður var þegar fyrirtækin voru að mestu sjálfbjarga með viðhald og umsjón véla sinna. Tryggingar fyrirtækjanna hafa hækkað mikið. Ábyrgðartrygging öku- manna hækkaði ein og sér um 30% síðsumars. Aðrir þættir trygginga hafa einnig hækkað verulega. Jarðvinnuverktakar hafa ekki heldur farið varhluta af launaskriði. Erfiðleikar jarðvinnuverktaka voru ekki síst fólgnir í að fyrirtækin eru bundin verksamningum þar sem

verð er ákveðið fyrirfram og er óbreytanlegt. Ólíkt öðrum fyrirtækjum geta jarðvinnufyrirtæki ekki velt verðhækkunum út í verðlag. Í kjölfar þessa ályktaði stjórn Samtaka iðnaðarins og kallaði eftir skilningi verkkaupa á að mæta ófyrirsjáanlegum og óviðráðanlegum hækkunum. Haft var samband við stærstu opinberu verkkaupana og tók Vegagerðin af skarið og bætti verktökum hluta hækkaðs olíuverðs að uppfylltum skilyrðum. Aðrir verkkaupar hafa einnig bætt verkkaupum olíuverðshækkun með sama hætti og Vegagerðin.

HÓPFERÐ TIL PARÍ SAR

Farin var hópferð á INTERMAT véla- sýninguna í París sl. vor. Tæplega 40 manns voru í hópferð Félags vinnuvélaeigenda og kynntu sér nýjustu tæki og tól.

NÁMSKEIÐ – MENNTAMÁL

Haldin voru stutt námskeið fyrir verkstjóra. Námskeiðin stóðu hluta úr degi og tæpt var á nokkrum mikilvægum þáttum í rekstri jarðvinnufyrirtækja. Starfsmenn Samtakanna önnuðust kennslu og fengu til liðs við sig Hákon Sigursteinsson sálfræðing.

Félag vinnuvélaeigenda fékk styrk Starfsmenntasjóðs félagsmálaráðuneytisins til að útbúa námskeið fyrir vinnuvélstjóra. Menntafélag byggingariðnaðarins tók að sér að semja námsefni og annast kennslu. Á námskeiðinu verður farið yfir helstu jarðefni og eiginleika þeirra, grunnatriði mælinga og lestur teikninga svo að eitthvað sé nefnt. Ráðgert er að halda fyrsta námskeiðið í maí.

Fyrir tveimur árum fór þriggja manna sendinefnd til Norðurlanda til að kynna sér menntun vinnuvélstjóra. Hugnaðist nefndarmönnum best fyrirkomulag Norðmanna sem koma námi vinnuvélstjóra fyrir inni í almennu framhaldsskólakerfi. Í kjölfarið óskuðu Félag vinnuvélaeigenda og Samtök iðnaðarins eftir viðræðum við menntamálaráðuneytið um tillögugerð um nám vinnuvélstjóra. Nýverið komu viðbrögð frá ráðuneytinu þar sem það lýsti sig tilbúið til viðræðna. Vonandi fæðist þá fótur og kemst hreyfing á þetta þarfa málefni.

Veidarfæraíðnaður



Átján manna hópur á vegum Landsambands veidarfæraagerða fór til Portúgals á liðnu sumri þar sem haldinn var aðalfundur landsambandsins í tilefni af 50 ára afmæli þess. Auk þess voru heim sótt nokkur þarlend fyrirtæki í veidarfæraíðnaði þeirra á meðal verksmiðja Hampiðjunnar í Pombal.

Kynningar- og fræðslumál hafa verið ofarlega á baugi hjá greinni undanfarið þar sem unnið hefur verið að því að

kynna merki landssambandsins sem sameiginlegt merki félagsmanna þess. Í fræðslumálum hefur landssambandið lagt áherslu á aukna menntun í faginu auk þess að bjóða endurmenntun fyrir félagsmenn í notkun tölva við hönnun á veidarfærum og við kostnaðarútreikninga.

Húshluta-, húsgagna- og innréttingaiðnaður



Félagsstarf fyrirtækja SI í starfsgreinum húshluta, húsgagna og innréttingaiðnaðar fer fram í þremur félögum: Meistarafélagi bólstrara, Félagi húsgagna- og innréttingaframleiðenda og Samtökum íslenskra húshlutaframleiðenda. Öll halda félögin fundi sína í húsakynnum SI.

GÆÐAMÁL

Nokkrir helstu og stærstu innréttinga- og húsgagnaframleiðendur landsins hafa á undanförunum misserum verið iðnir við að byggja upp markvissa gæðastjórnun innan fyrirtækja sinna. Fyrirtækin, Axis, Á Guðmundsson, Beyki, Brúnás innréttingar og Húsgögn & innréttingar taka öll þátt í átaksverkefni SI um innleiðingu markvissrar gæðastjórnunar í fyrirtæki í ýmsum greinum iðnaðar. Verkefnið byggist á að fyrirtækin grandskoða rekstur sinn lið fyrir lið, finna og skilgreina besta verklag hverju sinni og fylgja því síðan eftir með kynningum og þjálfun starfsmanna. Samhliða því taka stjórnendur og almennir starfsmenn þátt í kynningum og námskeiðum sem er ætlað að auka gæðavitund og hæfni þeirra. Markmið verkefnisins er að auka



gæði vöru og þjónustu, bæta samkeppnishæfni og auka hag bæði fyrirtækja og starfsmanna. Verkefnið gengur samkvæmt áætlun og má ætla að stutt sé í úttektir og viðurkenningar á fyrstu áföngum í heilsteyptu gæðakerfi þessara fyrirtækja. Áður höfðu nokkrir glugga- og hurðafremleiðendur innan Samtaka íslenskra húshlutaframleiðanda leitað til SI eftir aðstoð við að koma á innra gæðaeftirliti á framleiðslu sinni í þeim tilgangi að fá hana sína vottaða og standast þar með gr.120 í byggingarreglugerð þar sem krafist er vottunar á byggingarvörum. Fyrirtækin hafa unnið ötullega að sínum málum og er útlit fyrir að fyrsta fyrirtækið í þessum hópi fá framleiðslu sína vottaða á næstu dögum. Tvö fyrirtæki í gluggaframleiðslu og fjórir glerframleiðendur hafa haft um nokkurra ára skeið gæðaeftirlit með sinni framleiðslu.

SÝNINGAR

Mikill kraftur var í starfsemi Meistarafélags bólstrara á síðasta ári. Félagið tók þátt í sýningunni Byggingadagar og að venju var settur upp bás og félagið og fagið kynnt.

Meistarafélag bólstrara ásamt Félagi húsgagna- og innréttingaframleiðenda og fleiri félögum tók þátt í samstarfsverkefni Árbæjarsafns og Menntafélags byggingariðnaðarins þar sem sýningu var komið á fót í einu elsta húsi safnsins. Húsið var endurbyggt og sett upp sýning á gömlum verkfærum, byggingahlutum húsa og handverki byggingariðngreina. Formleg opnun var í júní en sýningin er ótímasett og áformað að hún standi í nokkur ár.

Í haust tók Meistarafélag bólstrara þátt í sýningu í Perlunni. Talið er að 7000 gestir hafi sótt sýninguna sem var mjög mikilvæg og velheppnuð kynning á starfsgrein bólstrara. Jafnframt var gefinn út kynningarbæklingur um félagið og félagsmenn. Bæklingnum hefur verið dreift á sýningum og einnig í húsgagna-, áklæða- og fornverslunum.

Málmiðnaður

Íslenskur málmiðnaður hefur löngum mátt búa við sveiflur, bæði hvað varðar verkefni og afkomu. Málmiðnaðurinn er að sönnu fjölbreytt atvinnugrein og staðan ólík hverju sinni innan greinarinnar; í sumum þáttum hans geta verið næg verkefni en færri í öðrum og afkoman misjöfn eftir því. Síðustu mánuði hefur þessi munur verið alláberandi og ekki raunhæft að lýsa stöðu greinarinnar í fárum orðum. Þannig hefur bæði skipaiðnaðurinn og mannvirkjagerðin verið í allmikilli lægð en aðrar greinar eins og framleiðsla véla og tækja, kælitæknin og blikkgreinin verið á bærilegu róli.



Málmiðnaðurinn er að stórum hluta í beinni alþjóðasamkeppni og þarf jafnvel að glíma við niðurgreiddan iðnað eins og t.d. skipaiðnað nágrannalanda. Við bætist að víðast hvar í samkeppnislöndum róa stjórnvöld að því öllum árum að veita fé og fyrirgreiðslu til málmiðnaðar síns lands og einnig að tryggja eftir föngum að framkvæmdir á vegum hins opinbera – og sérstaklega hersins – séu nýttar til að styrkja greinina til enn stærri

verkefna á alþjóðavettvangi. Þannig eru innkaupstefna hins opinbera og iðnþróun fléttuð saman til þess að bæta samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu án þess að brjóta í bága við reglur og samninga. Því miður er slíku ekki að fagna hér á landi og sást það vel í margumræddu útboði á endurbótum varðskipanna tveggja.

MANNVIRKJAGERÐ

Talsvert hefur dregið úr verkefnum á þessu sviði. Eftir viðamikil viðfangsefni við mannvirkjagerð undanfarin ár þar sem uppbygging stóriðjuvera og

enduruppbygging mjölvinnsluverksmiðja var áberandi hefur slaknað mjög á framkvæmdum og mun daufara yfir öllu.

Nokkrar vonir eru bundnar við að fljótlega verði teknar ákvarðanir um byggingu stóriðjuvera og virkjana í tengslum við þau. Því halda menn í þessum geira málmíðnaðarins nú sjó og búa sig undir hin væntanlegu verkefni sem munu, ef af verður, gjörbreyta ástandinu til hins betra.

Á tímum eins og þessum er mjög mikilvægt að fyrirtækin búi sig vel undir væntanleg verkefni með uppbyggjandi aðgerðum innan eigin veggja. Þar er um að ræða að skoða allt skipulag, hugsanlegt samstarf við önnur fyrirtæki, tækjavæðingu og markvisst starf til þess að bæta hæfni starfsmanna. Þau fyrirtæki, sem sinna þessum málum með skipulegum hætti, nú þegar tækifæri gefst, verða tvímælalaust betur undir það búin að nýta tækifæri sem framundan eru.

SKIPAIÐNAÐURINN

Í meginatriðum má skipta skipaiðnaðinum í viðhald og viðgerðir annars vegar og nýsmíði hins vegar.

Fyrir ári gætti nokkurrar bjartsýni varðandi viðhalds- og viðgerðarþáttinn. Menn þóttust skynja aukin verkefni á þessu sviði og bjartsýni ríkti sem birtist m.a. í auknum fjárfestingum í upptöku-mannvirkjum og umbótum á aðstöðu allri svo sem byggingu yfir dráttarbrautir. En skjótt skipast veður í lofti. Á þessu eina ári hefur verulega dregið úr viðgerðar- og viðhaldsverkefnum skipa og það svo mjög að víða hefur verið mjög lítið að gera mánuðum saman. Helsta skýringin á því að útgerðarfyrirtæki hafa dregið svo mjög úr viðgerðum og viðhaldi skipa sinna er almennt talin vera versnandi afkoma þeirra. Við slíkar aðstæður er seilst til þess að spara allt sem hægt er og þá er viðgerðum og viðhaldi gjarnan slegið á frest. Afleiðingin er svo verkefnaskortur í þeim fyrirtækjum sem vilja og geta veitt þessa þjónustu.

Við slíkar aðstæður ætti alla jafna að vera meiri tilhneiging til að gera allt sem unnt er til þess að halda verkum af þessu

tagi á vegum hins opinbera í landinu. Því miður hefur sú reynsla, sem fékkst nýlega af viðleitni til þess að tryggja að viðgerð á tveimur varðskipum færi fram innanlands, fært mönnum heim sanninn um að þar var sofið á verðinum. Sú dapurlega reynsla hefur orðið til þess að stjórnvöld hafa fallist á það sjónarmið SI að endurskoða þurfi vinnubrögð við útboð slíkra verkefna í framtíðinni með það að markmiði að gera allt sem unnt er til að halda þeim í landinu án þess þó að brjóta lög, reglur eða samþykktir sem Ísland er aðili að.

Nýsmíði hefur átt í vök að verjast undanfarin ár á sama tíma og mörg



fiskiskip, smá og stór, eru í smíðum fyrir Íslendinga í fjarlægum löndum. Ekki hafa þó allir útgerðarmenn séð ávinn-inginn af því að leita annað í þessum efnunum og hafa látið smíða skip sín hér á landi. Reynsla þeirra er mjög góð, skipin vönduð, afhent á réttum tíma og uppfylla allar kröfur um tæki og aðbúnað. Á sama tíma dregst mánuðum og miss-erum saman að afhenda sams konar skip að utan og allt óvíst með gæði þeirra. Sem betur fer eru útgerðarmenn farnir að átta sig á að ekki er allt fengið með því að undirrita smíðasamning með lágum tölum. Æ fleiri meta að verð-leikum íslenska smíði og mikilvægi þess að koma skipunum í rekstur svo að þau geti aflað eigendum sínum tekna.

Stærsta skipasmíðaverkefnið, sem tekin hefur verið ákvörðun um að ráðast í, er nýtt varðskip. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að gera allt sem unnt er til þess að það verði smíðað hér á landi. Fyrirtæki í skipaiðnaðinum hafa fagnað þessari stefnu og hafa nú beðið á annað ár eftir að til tíðinda dragi. Ljóst virðist vera að smíðin þarf að fara í útboð á Evrópska efnahagssvæðinu. Eins og fyrri daginn getur ráðið úrslitum hvernig að útboðinu er staðið og hverjir útboðs-skilmálar verða. Svo virðist að búið sé að komast að meginniðurstöðum í þeim efnunum og því ekki annað en að taka þá pólitísku ákvörðun að koma málinu á hreyfingu aftur.

Stefna Samtakanna í þessum efnunum er sú sama og fylgt er í flestum ná-grannalöndum okkar að vinna með opinberum aðilum að því að takast á við viðamikil skipasmíðaverkefni á þeirra vegum. Með því skapaðist virk samstaða innlendra stöðva um framkvæmdina og þjálfun í að vinna saman að slíkum stór-verkum. Í kjölfarið eykst færni þeirra að takast á við alþjóðlega samkeppni í greininni.

SMÍÐI VÉLA OG TÆKJA

Framleiðendur véla og tækja fyrir matvælavinnslu eru í sókn um þessar mundir og hafa haslað sér völl á alþjóðlegum markaði svo að eftir er



tekið. Þessi framleiðsla sækir styrk sinn í kröfuharðan innlendan sjávarútveg og nýtir hann vel á öðrum mörkuðum og á öðrum sviðum matvælavinnslu.

Á árinu kölluðu Samtökin saman alla helstu framleiðendur á þessu sviði til að móta sameiginlega framtíðarsýn í greininni og meta hvað gera þarf á næstu árum til þess að unnt verði að láta þessa sýn verða að veruleika. Niðurstaðan varð sú að hafa árið 2006 náð fram eftirfarandi framtíðarsýn:

1. Öflug fyrirtæki með stóraukin umsvif og góða framleiðni.
2. Forysta á alþjóðamarkaði
3. Í forystu í þróun og framleiðslu tækni fyrir sjávarútveg og matvælavinnslu.

Þegar þessi metnaðarfulla sýn hafði verið skilgreind var komist að niðurstöðu um þau atriði sem vinna þarf að og uppfylla á næstu árum til þess að markinu verði náð. Hér var um sjö forsendur að ræða og þær síðan lagðar til grundvallar þegar hópurinn samdi allitarlega verkefnalýsingu á því sem vinna þarf að á næstu árum svo að allt gangi eftir.

Nú hafa meginniðurstöður þessarar stefnumótunar verið gefnar út á vegum

Samtakanna í vönduðum bæklingi og öllum aðgengilegur.

Veruleg gróska er í þessum geira málmiðnaðarins og miklar væntingar um að hann eflist umtalsvert á næstu árum og hasli sér enn stærri völl á alþjóðamarkaði.

BLIKKGREININ

Eins og undanfarin ár voru næg verkefni í greininni og fátt sem bendir til doða í þeim efnum á næstunni. Á þessum mikla annatíma hafa blikksmiðjur kostað kapps um að auka framleiðni sína og gæði á öllum sviðum. Tekin hafa verið í notkun vélar og tæki sem tíðum eru tölvustýrð (CAD/CAM) og ekki ofmælt að margar blikksmiðjur séu orðnar mjög tæknivæddar. Þetta þýðir að starfsmenn þeirra hafa í mörgu tilliti tileinkað sér ný vinnubrögð enda þótt handverkið sé og verði alltaf undirstaða allra verka í blikksmiði.

Á seinni árum hafa skil minnkað mikið milli ýmissa verkþátta í blikksmiði og smiðja sem framleiða vélar og tæki úr ryðfríum málmum. Með hliðsjón af þeirri miklu tæknibyltingu, sem nú á sér stað í blikksmiðjunum, er ekki úr vegi að ætla að þær geti í einhverjum mæli tekið þátt í þeirri tiltölulega björtu framtíðarsýn sem virðist framundan í framleiðslu véla og tækja til matvælavinnslu. Alltént virðist þarna opin leið til meiri fjölbreytni innan blikksmiðjanna enda eru þar menn sem kunna vel til verka í nákvæmnissmiði.

FRÆÐSLUMÁL

Nú er lokið viðamikilli endurskoðun á öllu námi í málmiðnaðargreinunum.

Með því hefur verið stigið mikilvægt skref til að laga það að þeim kröfum sem fyrirtækin standa frammi fyrir og verða að uppfylla til þess að standast samkeppni.

Um nokkurt skeið hafa átt sér stað viðræður milli Fræðsluráðs málmiðnaðarins og menntamálaráðuneytisins um stofnun og rekstur Málm- og véltækniskóla Íslands sem jafnframt yrði kjarnaskóli málmiðnaðarins. Hugmyndin er að sjálfseignarstofnun á vegum Fræðsluráðsins taki að sér reksturinn samkvæmt sérstöku samkomulagi. Eftir fimm ár verði reynslan metin og samningsaðilar ákveða í ljósi hennar hvort áfram verði haldið á þessari braut.

Ef af verður má segja að málmiðnaðurinn hafi að sínu leyti snúið til fyrra fyrirkomulags, frá því fyrir miðja síðustu öld, og tekið aftur að sér rekstur iðnfræðslunnar í sinni grein. Mat talsmanna málmiðnaðarins er að reynslan af því að ríkið eitt beri ábyrgð á framkvæmd iðnnámsins hafi í raun leitt til þess að það hefur fjarlægst þarfir fyrirtækjanna og einnig hitt að verknám hér á landi hefur drabbast niður og er ekki virt í þjóðfélaginu svo sem vert er. Þessu verður ekki breytt nema með virkri þátttöku iðnaðarins sjálfs. Með tilkomu öflugs endurmenntunarstarfs í málmiðnaðinum síðustu ár hefur verið lagður grunnur að raunhæfri þátttöku greinarinnar í framkvæmd iðnnámsins. Um leið ætti það að tryggja þá undirstöðu alls náms í tæknigrein eins og málmiðnaðinum að það eigi sér að sönnu upphaf en engan endi.

Matvæla- og fóðuriðnaður

MATVÆLALÖGGJÖF

Matvælalöggjöfin er stöðugum breytingum háð. Á síðasta ári voru m.a. gerðar breytingar á reglugerð um merkingar á umbúðum matvæla. Mikilvægust þessara breytinga er án efa sú að nú þarf að gefa upp magn innihaldsefna ef þeirra er getið í heiti vörunnar eða áhersla lögð á mikilvægi þeirra á annan hátt. Einnig var gerð breyting á reglugerð um aðskotaefni í matvælum sem felur m.a. í sér að aðskotaefnanefnd, sem Samtök iðnaðarins hafa átt fulltrúa í, hefur verið lögð niður. Nýjar reglugerðir voru settar um kaffi, kaffikjarna og kaffibæti, um matvæli til nota í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og um náttúruvörur og fæðubótarefni.

ÖRUGG MATVÆLI, HREINLÆTI OG GÆÐI

Mikil umræða um öryggi matvæla hefur átt sér stað að undanförnu bæði innan lands og utan. Samtök iðnaðarins stóðu fyrir málþingi í mars sl. um hreinlæti við matvælaframleiðslu í samstarfi við Hollustuvernd ríkisins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Gæðastjórnunarfélagið við mjög góðar undirtektir. Einnig studdu Samtökin matvæladag Matvæla- og næringarfræðafélags Íslands sem að þessu sinni fjallaði um örugg matvæli og sótti ráðstefnu Evrópusamtaka matvæla- og drykkjarvöruframleiðenda um sama efni. Mikill meirihluti matvælafyrirtækja hefur fengið viðurkenningu heilbrigðiseftirlits á sínu svæði á innra eftirliti frá því að reglur um það

tóku gildi. Eitthvað er misjafnt hversu virkt innra eftirlitið er hjá fyrirtækjum. Mikilvægt er að innra eftirliti sé haldið vakandi og í stöðugri endurskoðun. Búið er við að reglur Evrópusambandsins verði hertar hvað varðar innra eftirlit þannig að öllum fyrirtækjum verði gert að starfrækja fullkomið GÁMES kerfi. Til að auðvelda matvælafyrirtækjum þá vinnu hafa Samtök iðnaðarins gert samning við Staðlaráð Íslands um að kosta þýðingu á staðli til að setja upp og tryggja virkni GÁMES kerfa í fyrirtækjum. Vinna við þýðinguna stendur nú yfir og þegar henni er lokið verða settir upp starfshópar hjá Samtökunum þar sem fyrirtæki verða aðstoðuð við að vinna sig í gegn um staðalinn og koma kerfunum í virkt horf hjá sér.

EVROPUSAMSTARF

SI eru sem fyrr virkir þátttakendur í því að kynna fyrirtækjum möguleika á þátttöku í Evrópusamstarfi. Nýlega var endurnýjaður samningur við ESB um að taka þátt í verkefni í samstarfi við 17 önnur Evrópulönd, sem miðar að því að auka þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja á matvælasviði í þróunarverkefnum sem ESB styður.

STARFSEMI LABAK

Starfsemi Landssambands bakameistara var með svipuðum hætti og síðustu ár. Fjórir nýir félagsmenn bættust í hóp LABAK á árinu. Fréttabréf félagsins kom út þrisvar sinnum og var ráðist í sameiginleg markaðsátak með víðtækri þátt-

töku félagsmanna. Samstarfi við norræn systursamtök var haldið áfram og tók félagið þátt í árlegum fundi samtaka norrænna bakarasambanda. Íslandsmeistarakeppni í kökuskreytingum var haldin í samvinnu við Klúbb bakameistara, Bakarasveinafélag Íslands og Kópavogsbæ á sýningunni Matur 2000 og á þeirri sýningu stóð félagið einnig fyrir nemakeppni í brauðbakstri í samvinnu við Kornax, Hótel- og matvælaaskólann í Kópavogi og Klúbb Bakameistara.

VERÐLAUNAGRIPIR

Samtök iðnaðarins hafa allt frá árinu 1993 gefið verðlaunagrip, Fjöregg MNÍ, sem veittur er á „Matvæladegi“ Matvæla- og næringarfræðafélags Íslands fyrir lofsvert framtak á sviði matvæla. Svo var einnig gert í október en þá hlaut Mjólkursamlag KEA, sem nú heitir Norðurmjólk ehf., fjöreggið fyrir KEA skyr sem náð hefur gífurlegum vinsældum meðal neytenda á síðustu árum. Einnig gáfu Samtökin fyrstu verðlaun í Íslandsmeistarakeppni í kökuskreytingum sem haldin var á vegum félagsamtaka bakara á sýningunni Matur 2000 í apríl. Þau verðlaun hlaut Ásgeir Sandholt. Þá studdu Samtökin Ásgeir Sandholt til þátttöku í heimsmeistarakeppni ungra kökugerðarmeistara sem haldin var í Portúgal í nóvember.



Prent- og pappírsiðnaður

Þórarinn Gunnarsson, skrifstofustjóri Samtaka iðnaðarins, sem einnig var umsjónarmaður starfsgreinahóps í prenti innan SI undanfarin ár, lét af störfum í júlí 2000. Við starfsgreinahópnum tók Haraldur Dean Nelson, upplýsingastjóri Samtakanna.

Starfsgreinahópur prent- og pappírs-

iðnaðar hefur fundað að jafnaði tvisvar í mánuði að vetrinum en sjaldnar á sumrin. Eins og áður hafa umræður um útboð og verðlagningu prentverks verið fyrirferðarmiklar sem og umfjöllun um menntun bókagerðarfólks og nýliðun.

Þátttakendur í hópnum hafa áhyggjur af því hve fátt ungt fólk sækir inn í grein-

ina og var átaki til að hvetja það til að velja bókagerðargreinar sem framtíðarstarf ýtt úr vör á síðasta ári. Gefinn var út bæklingur með viðtölum við ungt fólk sem starfar í



greininni og sendur öllum ungmennum fæddum árið 1979.

NÁMSSKIPULAG OG STEFNUMÓTUN

Miklar framfarir hafa orðið í prentiðnaðinum á liðnum árum, t.d. með tilkomu nýs vél- og hugbúnaðar og er tölvustýring orðin allsráðandi í nútíma-prentun. Nám í prentun þarf í auknum mæli að taka tillit til þessarar þróunar. Það þarf því ekki að koma á óvart að tölvuverðar breytingar hafa átt sér stað í námsskipulagi upplýsinga- og fjölmiðla-greina. Kennsla í prentsmíð var t.d. felld undir grafíska miðlun í haust þegar nýtt námsskipulag í upplýsinga- og fjölmiðla-greinum tók gildi.

Umfangsmikil stefnumótunarvinna í prentiðnaði á sér nú stað innan Samtaka iðnaðarins þar sem framtíðarsýn og stefna er mótuð fyrir greinina. Búast má við niðurstöðum þeirrar vinnu á næstu mánuðum.

LAUNAKÖNNUN

Samkvæmt kjarasamningum Samtaka iðnaðarins við Félag bókagerðarmanna (FBM) skal gera launakannanir með reglubundnum hætti og hefur það verið gert um langt árabíl. Síðustu árin hefur skrifstofa Samtaka iðnaðarins annast þessa könnun en nú hefur verið ákveðið að fela þriðja aðila að annast framkvæmd hennar og er niðurstaða SI og FBM sú að fá PriceWaterhouseCoopers til þess að annast verkefnið. Ákveðið hefur verið að gera könnunina árlega og afla upplýsinga um laun marsmánaðar og árslauna næst liðins árs. Hvorki FBM né SI fá aðgang að innsendum gögnum, aðeins heildarniðurstöðum en könnunin tekur til allra starfsmanna fyrirtækjanna sem eru í FBM nema verkstjóra og millistjórnenda.

UMHVERFISMÁL

Umhverfismál eru ofarlega í huga atvinnurekenda í prentiðnaði og Prentsmiðjan Hjá Guðjón Ó varð í febrúar 2000 fyrsta íslenska prentsmiðjan til að hljóta Norræna umhverfismerkið, Hvíta



svaninn en það felur í sér strangar kröfur til hráefnanotkunar og vinnsluáðferða. Þá þarf öll flokkun úrgangs frá prentsmiðjunni og meðhöndlun hans að uppfylla ströng skilyrði. Fleiri prentsmiðjur eru nú þegar að vinna að því að uppfylla skilyrði Norræna umhverfismerkisins og/eða ISO 14001 umhverfisstjórnunarstaðalsins.

Prentsmiðjan Hjá Guðjón Ó hlaut svo í júní umhverfisviðurkenningu Reykjavíkurborgar fyrir árið 2000. Umhverfisviðurkenningin hefur verið veitt fjórum sinnum og þrisvar hafa fyrirtæki í prentiðnaði innan Samtaka iðnaðarins hlotið þessi verðlaun. Fyrst Prentsmiðjan Oddi hf. 1997, Morgunblaðið/Árvakur hf. 1999 og nú síðast Hjá Guðjón Ó.

Til stendur að halda námskeið fyrir prentsmiðjur um meðferð spilliefna en samið hefur verið við Iðntæknistofnun um að vinna að því máli og að skipulagi væntanlegs bæklingis um spilliefni í prentiðnaði. Vinnan við bæklinginn er vel á veg komin.

FRÁ HUGA TIL HUGAR

Samtök iðnaðarins stóðu, ásamt Félagi bókagerðarmanna, Hinu íslenska biblíufélagi og Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, að sýningu og ráðstefnu í Þjóðarbókhöðunni með yfirskriftinni „Frá huga til hugar.“ Á sýningunni, sem hófst 16. nóvember, var saga prentlistar og bókaútgáfu á Íslandi í sviðsljósinu en sérstök áhersla var lögð á útgáfu Biblíunnar. Þar var útgáfusaga Biblíunnar og þróun prentiðnaðarins á Íslandi í máli og myndum fléttuð saman og rakin frá fyrstu tíð og allt til dagsins í dag með margvíslegum hætti. Gamlar Biblíuútgáfur voru til sýnis og gerð grein fyrir þeim. Einnig voru munir sem varðveist hafa úr sögu prentiðnaðarins í aldanna rás til sýnis og notkun þeirra skýrð. Samhliða opnun sýningarinnar

var efnt til málþings þar sem fræðimenn fjölluðu um efni hennar og lögðu áherslu á hvernig lestrarkunnátta íslensku þjóðarinnar hefur þróast frá fyrstu tíð. Þá var tíundað hvaða áhrif þýðing Biblíunnar á íslensku og prentlistin hafði á varðveislu tungumálsins. Sýningin er nú á faraldsfæti um landið.

SAMKEPPNISMÁL

Samkeppnisráð ákvað í desember síðastliðnum að ógilda kaup Prentsmiðjunnar Odda hf. á Steindórsprenti-Gutenberg ehf. en þau kaup voru þá nýlega um garð gengin. Samtök iðnaðarins mæltu harðlega gegn þessari ógildingunni og bentu á að samkeppnisyfirlit eiga ekki að stjórna uppbyggingu atvinnulífsins með boði og banni heldur hafa eftirlit með því að samkeppnisreglum sé fylgt. Nú hefur hins vegar áfrýjunarnefnd samkeppnismála fellt úr gildi þessa ákvörðun samkeppnisráðs og kaup Prentsmiðjunnar Odda hf. á Steindórsprenti - Gutenberg ehf. standa því óhögguð.

PRENTSTAÐUR ÍSLENSKRA BÓKA

Niðurstöður könnunar Bókasambands Íslands á prentstað íslenskra bóka, sem birtust í Bókatiðindum Félags íslenskra bókaútgefenda 2000, sýna m.a. þá ánægjulegu staðreynd að hlutfall prentunar héraendis hefur aukist milli ára. Þetta er staðfesting á því að útgefendur eru í ríkari mæli að átta sig á því að íslenskar prentsmiðjur eru ekki aðeins samkeppnishæfar í gæðum heldur og í verði og tæknilegri getu. Samkvæmt fréttatilkynningu, sem Bókasambandið sendi frá sér, 5. desember, hefur bókatitlum fjölgað um 23,7% milli ára, voru 455 árið 1999 en eru 563 nú. Hlutfall prentunar héraendis hefur aukist um 2,4 prósentustig og er 66,6% í ár. Hlutfall prentunar erlendis er því 33,4% í ár en var 35,8% í fyrra og 36,2% 1998. Þetta er ánægjuleg þróun en við samanburð milli flokka rita kemur í ljós að prentun innanlands eykst í öllum flokkum rita nema flokki skáldverka. Þetta sýnir glöggt að íslenskur prentiðnaður á í

harðri samkeppni við erlendar prentsmiðjur. Það er þó athyglisvert að flestar metsölubækur eru prentaðar hér á landi.

ERLENT SAMSTARF

Samtökin taka fyrir hönd prentfyrirtækjanna þátt í erlendu samstarfi atvinnurekenda í prentiðnaði. Um er að ræða samstarf meðal Norðurlandanna svo og alþjóðlegt samstarf. Samstarf Norðurlandanna er nefnt Nordisk Grafisk Råd og var fundur þess haldinn í Mariehavn á Álandseyjum dagana 19. til 22. ágúst. Intergraf, sem eru alþjóðleg samtök félaga atvinnurekenda í prentiðnaði, héldu árlegan framkvæmdastjórafund sinn hér á landi dagana 8. til 11. júlí. Erlendir þátttakendur á fundinum voru tæpleg 50. Þar voru rædd ýmis sameiginleg hagsmunamál prentiðnaðarins. Þá er og greint frá ýmsum verkefnum bæði í einstökum löndum svo og þeim sem Intergraf er aðili að fyrir hönd aðildarþjóðanna. Í lok fund-

arins lýstu hinir erlendu gestir mikilli ánægju með heimsókn sína til landsins þrátt fyrir erfiðleika við framkvæmd vegna verkfalls rútubílstjóra.

PRENTTÆKNISTOFNUN

Nýr kafli hófst í starfsemi Prenttæknistofnunar í upphafi ársins 2000 er starfsemin var flutt af Hallveigarstíg 1 í Faxafen 10. Ástæðan fyrir þessum flutningum var að farið var í samstarf við Rafiðnaðarskólann um sameiginlegan margmiðlunarskóla en Rafiðnaðarskólinn og Prenttæknistofnun höfðu boðið nokkurn veginn sama nám í margmiðlun. Samstarfið gengur vel og hefur raunar farið fram úr björtustu vonum. Margmiðlunarskólinn sér nú um að halda hin hefðbundnu tölvunámskeið sem hafa verið stór þáttur í starfsemi Prenttæknistofnunar. Þetta gerir það m.a. að verkum að hægt er að einbeita sér enn frekar að sérfrægum námskeiðum fyrir prentiðnaðinn. Aðsókn að

námskeiðum var góð eins og endranær. Úr margmiðlunarskóla Prenttæknistofnunar útskrifuðust 20 nemendur. Í nóvember kom hinn þekkti hönnuður Ron Reason frá Bandaríkjunum og hélt námskeið í dagblaðahönnun sem vakti mikla lukku.

Sveinspróf voru haldin í fyrsta sinn í umsjón Prenttæknistofnunar sem sér núna um framkvæmd slíkra prófa í prentsmíð, prentun, bók-bandi og ljósmyndun. Í prentun útskrifuðust 5, í prentsmíð 14 og í bókbandi og ljósmyndun hvor nemandinn í sínu fagi. Einnig sér Prenttæknistofnun um gerð námssamninga í þessum iðngreinum.

Starfsgreinaráð upplýsinga- og fjölmiðlagreina starfaði á fullum krafti á árinu við gerð nýrrar námskrá undir verndarvæng Prenttæknistofnunar. Ný námskrá með átta sérgreinum var tilbúin 1. mars síðastliðinn.

Upplýsingatækniiðnaður


Mikilvægi upplýsingatækniiðnaðar fyrir íslenskt þjóðarþú eykst með hverju ári og hefur umfang hans einkennst af miklum og örurum vexti undanfarin ár. Samkvæmt reglubundinni könnun SI á umfangi iðnaðarins var velta í UT-iðnaði árið 1999 rúmlega 52,6 milljarðar króna og hafði þá aukist um tæp 25% frá árinu á undan. Veltuaukning í hugbúnaðargerð og ráðgjöf milli árunna 1998 og 1999 var um 77%. Veltan þar nam um 13,0 ma. kr. árið 1999. Það ár störfuðu 4.500 manns við UT-iðnað, fimm hundruð fleiri en árið á undan sem er 12,5% fjölgun. Fjölgunin var nær öll í hugbúnaðargerð og ráðgjöf eða rúmlega 400 störf. Í heild störfuðu þar um 2.200 manns árið 1999.



Frá upphafi síðasta áratugar hafa útflutningstekjur fyrirtækja í hugbúnaðargerð og ráðgjöf vaxið gríðarlega. Seðlabanki Íslands hefur undanfarin ár tekið saman útflutningstekjur hugbún-

naðarfyrirtækja og byggjast tölur frá 1999 á upplýsingum frá 43 fyrirtækjum.

Fyrirsjáanlegur er áframhaldandi vöxtur í iðnaðinum enda er notkun upplýsingatækni vaxandi á flestum sviðum þjóðfélagsins.

Einnig hafa íslensk UT-fyrirtæki náð góðum árangri á erlendum mörkuðum með samkeppnishæfar lausnir.





STARFSGREINAHÓPUR Í UPPLÝSINGATÆKNIÐNAÐI

Eitt þeirra verkefna, sem fékk mikið vægi í stefnumótunarvinnunni, var að koma á fót öflugum starfsgreinahópi á sviði upplýsingatækniðnaðar innan Samtaka iðnaðarins.

Á aðalfundi Samtaka íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja (SÍH) á síðasta ári var svo samþykkt að færa starfsemi félagsins alfarið undir hatt SI enda hafði það félag átt gott samstarf við þau og í raun sinnt hlutverki starfsgreinahóps í upplýsingatækniðnaði innan Samtakanna. Í kjölfar þess var ákveðið að mynda nýjan starfsgreinahóp í upplýsingatækniðnaði innan SI og um leið að færa út starfsemina þannig að hópurinn sé opinn öllum sem starfa á sviði upplýsingatækni- og þekkingariðnaðar.

Á fundi í lok september var starfsgreinahópurinn stofnaður undir heiti SÍH. Þar voru samþykktar starfsreglur hópsins og lögð fram drög að þeim verkefnum og málefnum sem mest áhersla verður lögð á í starfi hópsins.

FORGANGSMÁL

Mörg þeirra verkefna, sem skilgreind voru í stefnumótuninni, eru í fullu gildi ennþá en almenn starfsskilyrðamál hafa þó verið efst á forgangslista starfsgreinahópsins s.s. skatta- og menntamál. Bent hefur verið á að ef nýta eigi þau tækifæri, sem felast í íslenskum upplýsingatækniðnaði, þurfi stjórnvöld að sýna greininni jákvæð viðhorf og skilning, setja einfaldar og skýrar leikreglur og stuðla að öruggu réttarfari.

Skattalegt umhverfi má ekki setja

greininni þrengri skorður en gengur og gerist í samkeppnislöndum og það þarf að nýta til að hvetja til fjárfestinga innlendra og erlendra aðila, styðja við útrás upplýsingatækniðnaðar og ýta undir kröftugt nýsköpunar- og þróunarstarf.

Einstök skattaleg málefni, sem hópurinn hefur lagt áherslu á og viljað betrubætur á, eru lög um valrétt starfs-

ut.is

manna til kaupa á hlutabréfum, tvísköttunarsamningar og aukinn skattafrádráttur vegna rannsókn- og þróunarkostnaðar. Einnig hefur lengi verið reynt að fá leiðréttingu á því samkeppnislega óréttlæti sem fólgið er í vanskilum virðisaukaskatts hjá opinberum og hálfopinberum UT-deildum en umfang þeirra hefur aukist mikið að undanfögnu.

Þróun menntamála er mjög mikilvæg fyrir greinina og í raun er öflugt menntakerfi á öllum skólastigum ein meginforsenda fyrir vexti og samkeppnishæfni upplýsingatækniðnaðarins. Ef viðhalda á þeim vexti, sem hefur verið í greininni undanfarin ár, þarf menntakerfið að fullnægja vaxandi þörf greinarinnar fyrir vel menntað og hæft starfsfólk. Unnið er að ýmsum verkefnum innan hópsins til að stuðla að framgangi menntamála.

Í samvinnu við Útflutningsráð Íslands er unnið að ýmsum verkefnum á sviði útflutningsmála.

VEFSETUR UPPLÝSINGATÆKNIÐNAÐAR UT.IS

Á vefsetri upplýsingatækniðnaðar ut.is, sem er helsti upplýsingamiðill starfsgreinahópsins, er að finna ýmsar upplýsingar um upplýsingatækniðnaðinn og þá þjónustu sem stendur fyrirtækjum til boða hjá Samtökum iðnaðarins. Þar er m.a. að finna skilgreiningu á iðnaðinum, tölfræði og niðurstöður úr vinnu við stefnumótun og framtíðarsýn greinarinnar auk ýmissa fréttu sem tengjast starfsemi hópsins og innan fyrirtækjanna sjálfra.

Á lokuðum hluta vefsetursins er m.a. að finna fundargerðir stjórnarfundar SÍH, umsagnir um lagafrumvörp og ýms erindi sem borist hafa starfsgreinahópnum. Stefnt er að því að birta reglulega niðurstöður ýmissa kannana á meðal aðildarfyrirtækja, s.s. launakannana og kannana á útseldum taxa. Einnig er unnið að uppsetningu á ýmsum fornum í samvinnu við Samtök atvinnulífsins s.s. fyrirmyndir að ráðningarsamningum, valréttarsamningum og ýmsum öðrum fornum.

ICEPRO nefnd um rafræn viðskipti

Starfsár ICEPRO nefndarinnar var með hefðbundnu móti við að tryggja samræmingu við alþjóðlegar verklagsreglur og viðurkennda staðla á sviði staðlaðra rafrænna viðskipta. Starfið fer aðallega fram í verkefnahópum og á liðnu ári voru 6 slíkir starfandi. Í árslok var unnið að stefnumótun ICEPRO og helstu áherslubreytingar nefndarinnar lúta að stöðluðum viðskiptum fyrirtækja og stofnanna á burðarlagi Internetsins með XML málskipan, samhliða því að gætt verður hagsmuna notenda hefðbundins EDI. Vefsetur ICEPRO er icepro.is

Rafrænt markaðstorg ríkisins

Í síðasta ári var stofnaður starfshópur til að vinna að skilgreiningu og útboðslýsingu á þróun og rekstri rafræns markaðstorgs fyrir ríkisstofnanir (RMR). Með rafrænum innkaupum gerir ríkið ráð fyrir að nýta kosti magninnkaupa og minnka umsýslukostnað.

Rammasamningar Ríkiskaupa verða lagðir til grundvallar vöruúrvali. Þó nokkur tilboð komu í uppbyggingu og rekstur markaðstorgsins og nú er unnið við yfirferð tilboða á vegum Ríkiskaupa.

Stóriðja

ÍSLENSKA ÁLFÉLAGIÐ HF.



Afkoma félagsins var góð á síðasta ári enda hefur framleiðslan aldrei verið meiri, eða 168.028 tonn sem er tæpum 4.700 tonnum umfram það sem framleitt var árið á undan. Orka var aðeins skert í byrjun ársins en minna en áætlað hafði verið. Í fyrsta skipti í sögu félagsins var enginn endurbraððslumálmur (hleifar) framleiddur heldur fór öll framleiðslan í verðmeiri vörur (barra). Heimsmarkaðsverð á áli hélst nokkuð stöðugt og var meðaltal ársins um 1.550 dollarar á tonn.

Uppbygging hélt áfram á sviði fræðslumála en námskeiðsstundir starfsmanna ISALS voru samtals rúmlega 27 þúsund. Nemendur voru í fyrsta sinn brautskráðir úr Stóriðjuskólanum, samtals 30 í tveimur hópum. Leiðtogaþjálfun ISALS var einnig fram haldið en þar er um að ræða þjálfun fyrir stjórnendur og væntanlega framtíðarstjórnendur fyrirtækisins. Sú þjálfun tekur tvö ár með öðrum störfum. Að venju var annað fræðslustarf umfangsmikið og í nóvember fékk ISAL afhent Starfsmenntaverðlaun Starfsmenntaráðs og Menntar í flokki fyrirtækja fyrir góðan árangur í fræðslumálum. Sett markmið í umhverfismálum náðust að mestu á árinu og hefur árangur álfélagsins af hreinsun flúors úr afgangi frá kerum vakið nokkra athygli í álheiminum. Ekki varð af sameiningu álfyrirtækjanna þriggja Alcan, Pechiney og Alusuisse (algroup) eins og ráðgert hafði verið. Samkeppnisyfirvöld í Evrópu settu

Nefnd um dreifilyklaskipulag

Nýlega skipaði fjármálaráðherra nefnd til að gera tillögur að dreifilyklaskipulagi (Public Key Infrastructure, PKI) fyrir ríkið í heild og leggja meginlínur um það hvernig notkun rafrænna undirskrifa skuli hagað í ríkiskerfinu.

ströng skilyrði fyrir samrunanum og þau urðu til þess að fallið var frá þríhliða samruna. Þess í stað var haldið áfram að sameina Alcan og Alusuisse og lauk því ferli í október. Sameinaða fyrirtækið er skrásett í Kanada, hefur höfuðstöðvar sínar í Montreal og starfar undir nafni Alcan en það er annað stærsta álfyrirtæki heims, áætluð ársvelta þess nemur 12,4 milljörðum dollara. Alcan rekur meðal annars 15 álver. Framleiðslugeta þeirra er 2,2 milljónir tonna á ári og er ISAL sjöunda stærsta álverið í þeim hópi.

KÍSILIÐJAN HF.

Á síðasta ári skiptust á skin og skúrir í starfsemi Kísiliðjunnar. Í ársbyrjun var sala undir meðallagi og þurfti að stöðva verksmiðjuna í lok apríl vegna birgðasöfnunar. Sala fór hins vegar að glæðast upp frá því og má segja að síðustu fjóra mánuði ársins hafi verið uppselt. Verð vörunnar olli hins vegar vonbrigðum. Þar vó þyngst að gengi evrunnar hélt áfram að síga gagnvart íslensku krónunni framan af árinu og að olíuverð hækkaði. Einnig var samkeppni hörð á mörkuðum þannig að ekki tókst að hækka vöruverð í ársbyrjun sem skyldi. Talsvert tap varð því á rekstrinum þótt árið væri annað besta söluár í magni frá upphafi.

Í lok ársins fór þó heldur að birta til. Gengi evrunnar hækkadi verulega og ljóst var að nokkrar verðhækkanir næðust um áramót. Því má segja að rekstrurinn lofi góðu fyrir næsta ár.

Á árinu var kveðinn upp úrskurður

Meginmarkmið skal vera að leggja drög að fullnægjandi og traustverðu dreifilyklakerfi er noti fánlegar markaðslausnir og viðurkennda staðla, en kostnaði og umstangi verði haldið í lágmarki bæði fyrir ríkið, atvinnulífið og borgarana.

Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats um námuvinnslu í Syðriflóa Mývatns. Þar var fallist á ósk Kísiliðjunnar um námuvinnslu á Bolum á svokölluðu svæði tvö með nokkrum skilyrðum. Umhverfisráðherra staðfesti síðan úrskurð Skipulagsstofnunar í öllum meginatriðum. Með þessum úrskurði er verksmiðjunni tryggt hráefni til 20 ára vinnslu sem er lengri vinnslutími en legið hefur fyrir síðustu 20 árin.

ÍSLENSKA JÁRNBLENDIFÉLAGIÐ HF.

Árið 2000 var fyrsta árið sem Íslenzka járnblendifélagið var með þrjá ofna í rekstri allt árið. Framleiðslan var 108.400 tonn af 75% kísiljárn og 28.000 tonn af kísilryki. Þetta var um 50% aukning á framleiðslu frá fyrra ári. Jafnframt var aukin framleiðsla á verðmeiri afurðum, einkum hreinsuðum málmum sem var um 23% af heildarframleiðslu. Markvisst var unnið að öryggismálum á árinu og fækkaði vinnuslysum umtalsvert frá fyrri árum. Miklir erfiðleikar voru í rekstri rafskauta fyrri hluta ársins. Sala á afurðum var góð allt árið, bæði á kísiljárn og kísilryki. Verð á kísiljárn var mjög lágt allt árið eins og árið áður. Gengisþróun var félaginu einnig óhagstæð. Á fyrri hluta ársins var hlutfélagins aukið. Í september var starfsmönnum fækkað en það var einn liður í margþættum aðgerðum til að lækka rekstrarkostnað við erfiðar markaðsáðstæður og óhagstæða afkomu.

SEMENTSVERKSMIÐJAN HF.

Sementssalan varð um 143.300 tonn,



sem er um 9,5% aukning frá árinu áður. Þetta er mesta árssala síðan 1976. Mikil umsvif voru í flestum eða öllum þáttum framkvæmda og framleiðslu þar sem sement kemur við sögu.

Miðað við umsvif fyrirtækisins hefði mátt vænta betri rekstrarafkomu en ýmsir þættir, sem hafa áhrif á hana, voru fyrirtækinu óhagstæðir eins og mörgum öðrum fyrirtækjum á síðasta ári. Sementsverð var að meðaltali um 7% lægra en árið áður. Framleiðslugeta brennsluofns var nýtt að fullu en að auki þurfti að flytja inn um 13.200 tonn af gjalli. Á

þessu ári er gert ráð fyrir að sementssala fyrirtækisins verði talsvert minni en á síðasta ári en afkoman verði viðunandi.

STEINULLARVERKSMÍÐJAN HF.

Tekjur Steinullarverksmiðjunnar h/f námu u.þ.b. 693 milljónum króna á síðasta ári og var hagnaður um 88 milljónir króna, miðað við 108,8 milljóna króna hagnað árið áður. Minni hagnað má að mestu rekja til þess að uppsafnað rekstrartap fyrri ára er nú að fullu nýtt og hækka skattar fyrirtækisins því um 15,4 milljónir og nema nú 42,6 milljónum króna.

Heildarsala fyrirtækisins varð um 182 þúsund rúmmetrar sem er um 6% meira magn en árið áður og er þetta mesta sala frá upphafi rekstrar árið 1985. Sala á innanlandsmarkaði nam um 121 þúsund rúmmetrum sem er um 4,5 % aukning frá fyrra ári. Út voru fluttir um 61 þúsund rúmmetrar, sem er u.þ.b. 11 % aukning milli ára. Sem fyrr er mest flutt út til Bretlands og Færeyja.

Rekstraráætlun gerir ráð fyrir svipuðum rekstri á þessu ári.

Þjónustuiðnaður

Til þjónustuiðnaðar innan SI teljast hárið, snyrtifræði, gullsmíði, ljósmyndun, úrsmíði, tannsmíði og fataiðnaður.


Í öllum framantöldum greinum starfa sérstök félög. Samtök iðnaðarins veita stjórnnum félaganna ráðgjöf og upplýsingar sem óskað er eftir. Jafnframt hafa SI tekið að sér að halda bókhald, sjá um innheimtu og ýmislegt fleira í daglegum rekstri félaganna.

Einstakir félagsmenn þessara félaga fá millilíðalauslausa aðstoð sé eftir henni leitað af þeirra hálfu.

TENGLAHÓPUR

Starfandi er sérstakur tengslahópur þessara félaga við SI. Þar koma saman a.m.k. einn fulltrúi frá hverju félagi og Ólafur Helgi Árnason starfsmaður SI. Hópurinn reynir að hittast mánaðarlega. Á þeim fundum er rætt það sem efst er á baugi í starfsemi SI hverju sinni og jafnframt eigi félögin kost á að koma á framfæri hugðarefnum sínum. Að slíkum fundum loknum er ætlast til að hver fundarmaður geri sinni stjórn grein fyrir því hvað fer fram þannig að félög þeirra geti fylgst með starfsemi SI með sem skilvirkustum hætti. Jafnframt er á þessum fundi ætlast til þess að félögin komi á framfæri við SI því sem helst brennur

á þeim hverju sinni. Þessir fundir þýða þó ekki að félögin og einstakir félagsmenn þeirra geti ekki rætt millilíðalausl við starfsmenn SI, heldur er ætlunin að samstarfið sé á þessum formlega grundvelli til að tryggja að það eigi sér stað.



SÝNINGAR

Félögin sóttu nokkrar sýningar og ráðstefnur erlendis á síðasta ári með mjög myndarlegum stuðningi Samtakanna.

Má þar nefna að Félag íslenskra gullsmiða sótti Finnland, Rússland og Eistland heim. Tóku gullsmiðir m.a. þátt í samkeppni gullsmiða á Norðurlöndum, Eystrasaltlöndum og St. Pétursborg. Það varð mikil frægðarför því að svo skemmtilega vildi til að í eldri hópi skartgripasmíðinnar varð íslensk stúlka, Guðbjörg Ingvarsdóttir, í fyrsta sæti og verður þetta að teljast frábær árangur því að alls tóku um 100 gullsmiðir þátt í keppninni.

STIMPLAR

Gullsmiðir lögðu á síðasta ári til við iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið að samið yrði lagafrumvarp um stimpla fyrir stéttina. Ráðuneytið tók ágætlega í þessa málaleitan og er vinna þegar hafin. Vonandi fæst með þessu frumvarpi og þá í kjölfarið lögnum sjálfum réttarástand sem skapar öryggi fyrir eigendur stimpla en ekki síður neytendur. Til að vernda neytendur gegn fúskurum hafa gullsmiðir einnig tekið höndum



saman og merkt verslanir sínar og verkstæði með bronssteyptu merki félagsins. Merkið, eða skjöldurinn, á að vera neytendum til leiðbeiningar um hvar lög-giltan gullsmíðameistara og fagmann sé að finna sem ábyrgist vinnu sína og vöru og býður áreiðanlega þjónustu.

RÉTTINDAMÁL

Enn hafa verið talsverð brögð að iðnlagabrotum í þjónustugreinum, ekki síst í hársnyrtiiðninni og hjá snyrtifræðingum. Af þessum sökum sendu SI bréf til bæði skattfirvalda og menntamála- og iðnaðarráðuneytis þar sem var farið fram á útlistun ráðuneytanna á því hvað fælist í lögverndun snyrtifræðinnar. Þótt þessi bréf færu fyrri hluta vetrar hafa

enn engin svör borist frá þessum opinberu aðilum. Því miður verður að líta svo á að þeir viti ekki svörin en sé sú ályktun rétt er engin furða þó lögbrot eigi sér stað án athugasemda opinberra aðila. Þó verður að segjast eins og er að sýslumannsembætti úti á landi virðast líklegri til að rannsaka iðnlagabrot og komast að einhverri niðurstöðu en lögregluembættin á höfuðborgarsvæðinu.

Félagar innan snyrtifræðingafélagsins hafa ritað greinar bæði í blöð og svo á vefsetri SI um þessi efni. Verður að telja að árangursríkasta leiðin til að glíma við þessi brot sé að hvert félag fyrir sig og hugsanlega saman að einhverju leyti markaðssetji sig og sína iðngrein þannig

að neytendur skilji af hverju er betra að eiga viðskipti við fagmenn en þá sem eru ófaglærðir eða í ólöglegum rekstri.

KJARAMÁL

Lokið var við gerð kjarasamninga fyrir þennan hóp á síðasta ári. Tannsmiðir urðu síðastir til að ganga frá sínum samningi. Samningarnir voru á svipuðum nótum og almennir samningar á vinnumarkaði. Þegar þetta er ritað er þó ekki búið að ganga frá samningum fyrir alla nema í þessum iðngreinum en sú vinna er í gangi.

Markaðs- og kynningarmál

UNGT FÓLK Í IÐNAÐ

Á árinu tóku SI þátt í nokkrum verk-efnum þar sem m.a. var lögð áhersla á að efla áhuga ungs fólks á verk- og tæknimenntun sem og námi og störfum í iðnaði. Stofnað var sérstakt hagsmunafélag um eflingu verk- og tæknimenntunar og vefsetrið idnadur.is var kynnt ítarlega í miðlum sem unga fólkið les og hlustar á.

BAKARAR Í SÓKN

Bakameistarar innan Landssambands bakameistara héldu áfram sókn sinni og efndu þrisvar til kynningarátaks á árinu; Franskir dagar, Smurt brauð og smáréttir og Aldamótakökur Labaks. Kynningin mæltist vel fyrir í alla staði og þykir ljóst að markaðshlutdeild félagsmanna í Labak styrkjast ár frá ári á svokölluðum skyndibitamarkaði.

20 AF 100 STÆRSTU

Sem fyrr birti Frjáls verslun árlega úttekt sína á 100 stærstu fyrirtækjum landsins ársins 1999 og kom í ljós að tuttugu af hundraði þeirra voru innan vébanda SI. Það má því með sanni segja að innan SI sé að finna öll helstu fyrirtæki og flóru íslensk iðnaðar, allt frá hinu smæsta – þar sem einyrkinn nýtur sín – til hins stærsta þar sem 500 manns eða fleiri starfa. Einnig hafa nokkur fyrirtæki innan SI hlotið hina eftirsóttu viðurkenningu að vera valin í hóp 500 framæknnustu fyrirtækja í Evrópu.

SÍMENNTUN EYKUR ARÐ

Á degi símenntunar minntu SI á mikilvægi endurmenntunar og símenntunar meðal stjórnenda og starfsfólks í iðnaði og lögðu áherslu á að með markvissri og skipulegri menntun sé hægt að efla mannauð innan fyrirtækisins og arð þess í náinni framtíð.

BYGGINGADAGAR 2000

Á árinu var haldin stærsta sýning byggingariðnaðarins til þessa í Laugardalshöll, Byggingadagar 2000. Sýndendur voru um 100 fyrirtæki, fagfélög og stofnanir og var framsetning þeirra og yfirbragð með besta móti. Aðsókn var ágæt



en þó ekki eins og árin tvö þar á undan og var mál manna að kominn væri tími til að halda sýningu af þessari stærð á tveggja til þriggja ára fresti.

FAGSÝNING ÞEKKINGARIÐNAÐARINS

Á haustmánuðum var haldin glæsileg alþjóðleg fagsýning tækni- og hugbúnaðarfyrirtækja og félaga og stofnana á sviði þekkingariðnaðar á Íslandi undir yfirskriftinni Agora (markaðstorg á forngrísku). Á Agora kynntu SI ýmsa starfsemi sína og samstarfsvettvang s.s. íslenskan upplýsingatækniiðnað (ut.is), Samstarfsvettvang sjávarútvegs og iðnaðar (vettvangur.nas.is), Heilbrigðis-tæknivettvang (htv.is), Hagsmunafélag um eflingu verk- og tæknimenntunar og vefsetur fyrir ungt fólk; idnadur.is. Jafn-

framt stóðu SI fyrir móttöku á Agora fyrir erlenda gesti á vegum EFTA, auk skemmtidagskrár fyrir ungt fólk á aldrinum 16–19 ára.

UTS-2000

Í tengslum við Agora stóðu SI fyrir fyrirlestrum og málþingi um upplýsingatækni í þjónustu sveitarfélaga og sóttu rúmlega 100 manns víðs vegar af landinu þann viðburð. Átta helstu upplýsingatækni-fyrirtæki innan SI héldu stutta fyrirlestra í fyrri hluta UTS en í kjölfarið fylgdu erindi fulltrúa átta helstu sveitarfélaga um framtíðarsýn þeirra í upplýsingatæknimálum. Eftir hádegi var gestum boðið að skoða Agora og hitta forsvarsmenn UT-fyrirtækjanna í básum þeirra á sýningunni.



UMBÚÐASAMKEPPNIN 1999-2000

Efnt var til Umbúðasamkeppni SI á árinu 1999 en úrslit kunngjörð með viðhöfn í veislusalnum Versölum 18. febrúar árið 2000. Það var Helgarsteik frá SS, lína neytendaumbúða fyrir tilbúna kjötrétti, sem hreppti hin eftirsóttu verðlaun, Silfurskelina. Hönnun var í höndum Fítón auglýsingastofu en Umbúðamiðstöðin framleiddi umbúðirnar fyrir Sláturfélag Suðurlands. Umbúðasamkeppni SI er haldin þriðja hvert ár í samstarfi við SÍA, Samband íslenskra auglýsingastofa, ÍMARK – Félag íslensks markaðsfólks og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Næsta samkeppni fer fram árið 2002.

IÐNAÐUR Í HEILA ÖLD

Um aldamótin birtu SI ágríp af sögu íslensks iðnaðar síðastliðin 100 ár með sjónvarpsauglýsingu á Stöð 2 – til að efla skilning landsmanna á öflugum iðnaði á Íslandi sem og mikilvægi þess að honum verði búið sömu starfsskilyrði og samkeppnisaðilum í nágrannalöndunum.

Nýsköpun og þróunarmál

ÞÁTTAKA Í EVRÓPSKU RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARSAMSTARFI

Fimmra rammaáætlun Evrópusambandsins um rannsóknir og þróunarstarf, sem hófst árið 1999, stendur nú sem hæst. Henni er skipt í fjórar þemaáætlanir (Lífsgæði og nýting náttúruauðlinda, Upplýsingatæknisamfélagið, Samkeppni og hagvöxtur, Orka og verndun vistkerfa) og þrjár þveráætlanir (Alþjóðlegt vísindasamstarf, Nýsköpun og lítil og meðalstór fyrirtæki, Mannauður, félags- og hagvísindi)

Í hverri þemaáætlun er viðfangsefnum skipt í nokkrar lykilaðgerðir.

Samkvæmt nýjasta yfirliti frá Rannís, í haust, taka Íslendingar þátt í 61 verkefni innan 5. rammaáætlunar ESB og eru fyrirtæki þátttakendur í 18 þeirra. Alls koma 875 milljónir kr. í hlut Íslendinga í þessum verkefnum.

Hlutfall þeirra verkefna, sem eru með þátttöku fyrirtækja, er nokkru lægra en í 4. rammaáætluninni. Þetta er atriði sem vert er að skoða nánar og leita svara við þeim spurningum sem hafa vaknað. Er aðkoma fyrirtækja t.d. orðin erfiðari? Er áhuginn eða hvatningin minni? Eða er reynslan af þeirri fjórðu einfaldlega ekki nógu góð?

Enn eru eftir tæp tvö ár af 5. rammaáætluninni og ennþá eru nokkrir frestir til að skila inn umsóknum. Það er því full ástæða fyrir þau fyrirtæki þar sem þekkingaruppbygging og rannsóknir skipta máli að kanna vandlega hvaða kostir eru vænlegir og meti hvernig megí nýta þessi sóknarfæri betur. Þeim stendur margvísleg aðstoð til boða sem starfsmenn SI geta m.a. gefið upplýsingar um og aðstoðað við. Í þessu sambandi má einnig benda á Kynningarmiðstöð Evrópurannsóknna – KER sem SI eru aðili að.

KYNNINGARMÍÐSTÖÐ EVRÓPURANNSÓKNA – KER

SI eru aðili að KER ásamt Rannsóknabjónustu HÍ, Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknarráði Íslands. Þessir aðilar hafa staðið saman að umfangsmikilli kynningu á 5. rammaáætluninni og



halda úti vefsetri á Netinu, evrópusamvinna.is, auk ýmissa stuðningsverkefna til að auðvelda íslenskum aðilum aðkomu að Evrópurannsóknunum.

SAMSTARFSVETTANGUR SJÁVARÚTVEGS OG IÐNAÐAR

Samstarfsvettvangur sjávarútvegs og iðnaðar hóf starfsemi árið 1994 og hefur fram til áramóta 2000/2001 tekið þátt í 79 verkefnum sem miða að samstarfi fyrirtækja í iðnaði og sjávarútvegi með það að leiðarljósi að auka vinnsluvirði í útgerð og fiskvinnslu.

Að vettvangnum standa SI, Samtök fiskvinnslustöðva, Landsamband ísl. útvegsmanna og ráðuneyti sjávarútvegs og iðnaðar.

Í stjórnarnefnd og verkefnisstjórn eiga nú sæti fulltrúar frá ofangreindum aðilum auk fulltrúa Nýsköpunarsjóðs.

Á ársfundi Samstarfsvettvangs sjávarútvegs og iðnaðar sem haldinn var 17. maí var undirritaður samningur við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins um þátttöku hans í fjármögnun á starfsemi vettvangsins. Á sama fundi var vefsetur vettvangsins, vettvangur.nas.is kynnt. Á vefsetrinu er að finna upplýsingar um vettvanginn ásamt umsóknareyðublöðum á rafrænu formi.

Vettvangurinn kom að ýmsum öðrum verkefnum á árinu með vinnuframlagi og öðrum hætti. Hér má nefna verkefnisstjórn og vinnuframlag fyrir Félag íslenskra fiskimjòlsframleiðenda vegna díoxínsmálsins og umsagna fyrir

Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins sem kveðið er á um í samstarfssamningi þessara aðila. NAS verkefnið, North Atlantic Solution, sem er í eigu vettvangsins, var rekið með svipuðum hætti og áður en ÚÍ annast umsjón þess með sérstökum samningi við vettvanginn.

HEILBRIGÐISTÆKNIVETTANGUR

Starfsemi samstarfsvettvangs um heilbrigðistækni sem hlaut nafnið Heilbrigðistæknivettvangur hófst á síðasta ári. Verkefnisstjóri var ráðinn Halldór P. Þorsteinsson verkfræðingur. Unnið hefur verið að kynningu starfseminnar bæði meðal fyrirtækja og stofnana. Áhersla hefur verið lögð á samstarfsform fyrirtækja og stofnana, menntamál og svo almenn samstarfsverkefni. Sérstök áhersla er lögð á að leiða saman fyrirtæki og aðila innan heilbrigðiskerfisins á öllum sviðum heilbrigðistækni. Þá eru hafnar viðræður við Norræna iðnaðarsjóðinn um að koma á fót norrænu verkefni á sviðinu en innan Norðurlanda finnast margir áhugaverðir samstarfsaðilar um heilbrigðistæknimál.

Aðilar samstarfsvettvangsins eru auk Samtaka iðnaðarins, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið auk Rannís og munu þessir aðilar standa að fjármögnun hans til næstu þriggja ára eða samtals 15 milljónir á ári. Auk þessara aðila leggur Landspítali – háskólasjúkrahús vettvanginum til aðstoðu og tengsl.

Markmið samstarfsvettvangsins er að stuðla að þróun og markaðssetningu heilbrigðistæknilausna til hagsbóta fyrir íslensk fyrirtæki og stofnanir. Stefnt er að þróun aðferða og tæknilegra lausna sem leiða til betri lækninga og bættrar heilsu sjúklinga, meiri hagræðingar í íslensku heilbrigðiskerfi og aukinnar verðmætasköpunar og útflutnings íslenskra heilbrigðistæknifyrirtækja. Á þessu sviði starfa milli 20-30 fyrirtæki á Íslandi, stór og smá.

TÆKNI OG FRAMLEIÐSLA

Á undanförunum árum hefur mikið verið fjallað um það með hvaða hætti mætti

vinna að aukinni framleiðni í íslensku atvinnulífi. Þær takmörkuðu samanburðartölur sem við höfum sýna að við stöndum öðrum þjóðum nokkuð að baki í þessum málum. Samanburðurinn er þó mjög takmarkaður engan veginn marktækur þegar kemur að samanburði ýmissa starfsgreina og fyrirtækja. Í raun vantar mikið á að íslensk fyrirtæki hafi aðgang að góðum samanburðarmælingum þar sem þau geta metið stöðu sína og kortlagt veikleika og styrkleika. Í Evrópu hefur verið lögð mikil vinna í að þróa samhæfð mælikerfi með tilheyrandi gagnaböndum til þess að auðvelda fyrirtækjum að skapa sér viðmið. Hingað

til hafa Íslendingar ekki tekið þátt í slíku samstarfi.

NÝTT VERKEFNI UM HAGNÝT VIÐMIÐ (BENCHMARKING)

SI hafa í samstarfi við Iðntæknistofnun Íslands og SVAPU-TECH-hópinunni að skilgreiningu nýs verkefnis um samanburðarmælingar á sviði framleiðsluöðnaðar. Þegar hefur verið leitað til Nýsköpunarsjóðs ofl. innlendra aðila um aðild að verkefninu auk þess sem Norræni iðnaðarsjóðinn hefur sýnt því áhuga. Sérstaklega er horft til Íra og Breta í þessu sambandi en þeir hafa aflað sér sérstaklega góðrar reynslu í

þessum málum og starfrækja helstu gagnabanka á sviðinu. Þá hefur verið myndaður fyrirtækjahópur innan SI sem m.a. fjallar um málið auk annarra viðfangsefna á sviði framleiðslustjórnunar. Hópurinn tók í lok febrúar þátt í ráðstefnu og fundum á Írlandi um málið. Um þessar mundir er unnið að frekari skilgreiningu og framkvæmd verkefnisins. Í því sambandi hefur verið rætt um stofnun sérstaks Samstarfsvettvangs um samanburðarmælingar. Væntingar eru bundnar við að þetta verkefni fari að stað á árinu.

Gæðamál

GÆÐASTJÓRNUNARÁTAK

SI héldu á síðasta ári áfram átaki sínu við að aðstoða fyrirtæki sem vilja koma sér upp gæðastjórnunarkerfi.

Á árunum 1998 og '99 voru unnin drög að gæðahandbók fyrir blikksmíði og pípulagnir og á síðasta ári bættust við drög að gæðahandbókum fyrir jarðvinnuverktaka, skipaðnað, byggingaverktaka, húshluta- og húsgagnaframleiðendur, málara og sorphirðu- og endurvinnsluöðnað.

Alls 52 fyrirtæki, ýmist ein sér eða nokkur í hóp innan þessara starfsgreina, hafa stofnað til verkefnis til að koma á gæðastjórnun og þróa eigin gæðahandbók með hliðsjón af þeim drögum sem SI hafa látið útbúa.

Á síðustu misserum hafa auknar kröfur komið fram í útbodsgögnum frá verkkaupum um að verktakar sýni fram á góða stjórnun á framkvæmdum og samskiptum við verkkaupa með því að krefjast að verktakar leggi fram verklagsreglur og eyðublöð yfir ýmsa þætti er varða stjórnun.

Þau fyrirtæki, sem hafa tileinkað sér þau vinnubrögð sem lagt er til í drögum að gæðastjórnunarkerfi SI, hafa átt mjög auðvelt með að bregðast við þessum

breyttu áherslum og eru dæmi um að fyrirtæki hafi gerst aðilar að SI gagnert til að hafa aðgang að þessum gögnum. Þáttökufyrirtækin hafa unnið mishratt að þessum verkefnum en þau sem lengst eru komin hafa getið sér gott orð hjá verkkaupum fyrir gott skipulag og vönduð vinnubrögð við daglega stjórnun.

Nokkrir glugga- og hurðaframleiðendur innan Samtaka íslenskra húshlutaframleiðanda leituðu til SI eftir aðstoð við að koma á innra gæðaeftirliti á framleiðslu sína í þeim tilgangi að fá framleiðslu sína vottaða og standast þar með 120. gr. í byggingarreglugerð þar sem krafist er vottunar á byggingarvörum. Fyrirtækin hafa unnið ötullega að sínum málum og er útlit fyrir að fyrsta fyrirtækið í þessum hópi fái framleiðslu sína vottaða, áður en lagt um líður. Þar sem nokkrir glugga- og glerframleiðendur eru þegar með slíka vottun verða flestar verksmiðjur landsins komnar með eða eiga stutt í vottaða framleiðslu og þess vegna ekkert því til fyrirstöðu að byggingafulltrúar leyfi neytendum íslensks byggingariðnaðar að njóta þeirrar verndar sem hlýtur að eiga að felast í 120.gr. byggingarreglu-

gerðar hvað varðar glugga og hurðir og krefjist framvísunar slíkrar vottunar af öllum framleiðendum og innflytjendum.

SI hafa eins og áður unnið náið með Gæðastjórnunarfélagi Íslands á sviði gæðamála og stendur nú m.a. yfir endurskoðun á bæklingi félagsins um gæðastjórnun en SI hefur ávallt stutt útgáfu hans bæði faglega og fjárhagslega.

ÍSLENSKA OG EVRÓPSKA ÁNÆGJUVOGIN

SI eru aðilar að Íslensku ánægjuvuginni sem félag í samstarfi SI, Gæðastjórnunarfélags Íslands og Gallup um þátttöku í Evrópsku ánægjuvuginni. Á fyrsta ári Íslensku ánægjuvogarinnar árið 1999 voru fyrirtæki í fimm starfsgreinum með og kom Ísland best út í heildarsamanburði 11 Evrópuríkja. Á Íslandi var gerð mæling hjá viðskiptavinum banka, far-síma-, og tryggingafélaga auk tveggja greina í matvælaöðnaði - drykkjarvöru- og kjötáleggsframleiðslu. Á sl. ári bættust svo viðskiptavinir fastlínusímafélaga og pósthótel fyrirtækja í hópinum. Nú er unnið að því að koma Evrópsku ánægjuvuginni á varanlegt form skipulagslega og fjárhagslega. Það er því ljóst að nokkur vinna liggur enn í því að sam-



ræma framkvæmd og úrvinnslu í löndunum til að tryggja sem besta samamburðarhæfni og að tímasetningar séu samræmdar. Þá er einnig hafin umræða um að taka fyrir fleiri þætti úr EFQM-líkaninu s.s. ánægju starfsmanna og áhrif á þjóðfélagið. Að auki á sér stað spennandi umræða og þróun á aðferðum til samamburðarannsóknna (benchmarking) á innviðum og árangri fyrirtækja. Í þessu sambandi hafa þegar verið settir upp stórir gagnabankar í Bretlandi, Írlandi og víðar til að halda utan um slík gögn sem þjóna sem hjálpartæki fyrirtækja sem vilja sækja sér hagnýt viðmið og samamburð við þá bestu.

Hér á landi hefur framkvæmd ánægjumælinganna gengið sérstaklega

vel og betur en í mörgum öðrum aðildarlöndum ECSI. Þetta byggist m.a. á því að aðstandendur verkefnisins hafa þegar komið fjármögnun og framkvæmd mælinganna í sjálfbært og varanlegt form með því að stofna um þær sérstakt félag. Full einurð er í hópi aðstandenda hér á landi að taka virkan þátt í framhaldi verkefnisins enda eigum við heiður að verja.

Með því að gera slíkar samræmdar mælingar fæst mun meiri hagkvæmni og markvissari samamburður en þegar hvert fyrirtæki, starfsgrein eða land lætur gera kannanir fyrir sig. Ekki virðist heldur skorta á áhuga fyrirtækja að nýta sér slík verkfæri, enda afar þægileg sem slíkt því að engin vinna fylgir því fyrir fyrirtækin önnur en sú að nýta sér niðurstöðurnar í eigin gæða- og markaðsstarfi sem þannig verður um leið mun markvissara.

Hér á landi hafa til þessa mun færri

fyrirtæki en vildu fengið að vera þátttakendur þar sem ekki hefur verið talið ráðlegt að við mældum miklu fleiri greinar en hin þáttökulöndin. Þá var lögð nokkur áhersla á að þáttökulöndin væru samstíga í vali á starfsgreinum. Vonandi verður hægt að bæta við fleiri greinum í ár en það mun þó enn ráðast nokkuð af heildaruppbyggingunni í hinum þáttökulöndunum.

Niðurstöður mælinga fyrir Ísland árið 2000 liggja fyrir en ekki verður unnt að birta þær fyrir en heildarúrvinnslu fyrir öll þáttökulöndin er lokið í lok mars. Það verður því spennandi að sjá hvort Ísland heldur sæti sínu og hvað hefur breyst frá árinu áður. Þá á einnig eftir að meta áhrif breytinganna sem gerðar voru á síðasta ári á sjálfu líkaninu.

Staðlamál

Á síðasta ári var unnið að framkvæmd þeirrar stefnumótunar sem lokið var árið áður. Meðal helstu verkefna voru endurskipulagning á þjónustu og samskiptum við faghópa og viðskiptavinum og gæði í innri starfsemi STRÍ. Þá hefur verið lögð áhersla á kynningar- og markaðsstarf, áframhaldandi uppbyggingu á vefnum, vöktun Evrópustaðla og

CE-merkingar og tengsl staðla við lög og reglugerðir. Í desember sl. kom út ný útgáfa af ISO-9000 stöðlunum sem beðið hafði verið með mikilli eftirvæntingu.

SI hafa frá upphafi átt fulltrúa í stjórn STRÍ og tekið virkan þátt í starfi flestra fagráðanna og fagstjórna sem starfa á sviði á byggingariðnaðar, upplýsingatækni, raftækni, véltækni, auk gæða- og

umhverfisstjórnun- ar. Tæplega 11.000 Evrópustaðlar hafa nú verið staðfestir



sem íslenskir og heldur STRÍ skrá yfir þá alla á Netinu undir veffanginu stri.is.

Menntamál

Áhersla á menntamál er sívaxandi í atvinnulífinu sem og almennt í samfélaginu. Flóknari og fjölbreyttari störf kalla á aukna menntun. Samtök iðnaðarins og forverar þeirra hafa í áratugi lagt áherslu á menntun og starfsþjálfun. Afskipti Samtakanna af þessum mála-

flokki hafa líklega sjaldan verið fjölbreyttari en nú um stundir.

Fyrirkomulag menntunar í hefðbundnum iðngreinum, bæði í framhaldsskólakerfinu og eftirmenntunarkerfinu, er í stöðugri framþróun. Samskipti atvinnurekenda- samtaka og stjórnvalda

eru þar í tiltölulega góðu horfi þótt vissulega megi segja að samskiptin gangi hægar fyrir sig en æskilegt væri. Háskólastigið er í mikilli gerjun. Nýir háskólar hafa verið stofnaðir á undanförunum árum og nýjar námsbrautir koma fram með reglulegu bili.

Tiltekin verkaskipting hefur smám saman mótast milli Samtaka iðnaðarins og Samtaka atvinnulífsins í menntamálum. Samtök atvinnulífsins leggja til almenna stefnu og markmið í þeim þáttum menntamála sem snerta fyrirtæki í flestum atvinnugreinum. Samtök iðnaðarins leggja áherslu á framkvæmd einstakra stefnuþátta og verkefna í samræmi við menntamarkmið atvinnurekenda.

TÆKNINÁM Á HÁSKÓLASTIGI

Samtök iðnaðarins, ásamt rannsóknastofnunum iðnaðarins, Tæknifræðingafélagi Íslands og Alþýðusambandi Íslands hafa í um tvö ár unnið að því að taka við rekstri Tækniskóla Íslands og þróa hann á háskólastigi. Þessir aðilar stofnuðu „Undirbúningsfélag að stofnun Tækniháskóla“ sem átti í viðræðum við menntamálaráðuneytið um þetta mál. Aðilar mótuðu stefnu fyrir nýjan tækniháskóla, gerðu rekstraráætlanir fyrir skólann og unnu málinu fylgi. Þrátt fyrir mikla vinnu og áhuga náði Undirbúningsfélagið ekki viðunandi samningum við menntamálaráðuneytið og varð niðurstaða samningsaðila því sú að slíta viðræðum.

Afskiptum SI af afdrifum TÍ er fjarri því lokið með þessari niðurstöðu. SI höfðu afskipti af Tækniskólanum vegna þess náms sem þar er boðið fram. Samtökin eiga tvo fulltrúa í skólanefnd TÍ. Þótt stjórnskipulag skólans kunni í framtíðinni að verða með öðrum hætti en Samtökin töldu skynsamlegast skiptir mestu máli að leið iðnaðarmanna að tækninámi á háskólastigi haldist greið. Mikilvægt er að tækninámið sé rekið í virkum tengslum við atvinnulífið. SI munu áfram vinna að því að auka fjölbreytni í framboði verk- og tæknimenntunar á háskólastigi. Þau lýsa yfir vilja til þess að takast á við þetta verkefni með þeim sem hafa til þess bolmagn og vilja.

HAGSMUNAFÉLAG UM EFLINGU VERK- OG TÆKNIMENNTUNAR Á HÁSKÓLASTIGI

Samtök iðnaðarins, Háskóli Íslands,



Tækniskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Verkfræðingafélag Íslands og Tæknifræðingafélag Íslands stofnuðu í fyrra Hagsmunafélag um eflingu verk- og tæknimenntunar á háskólastigi.

Markmið Hagsmunafélagsins er að efla verk- og tæknimenntun á háskólastigi. Þessu vill félagið ná með samnýtingu og samstarfi milli háskóla en nauðsynlegt er, í samræmi við könnun meðal fyrirtækja Samtaka iðnaðarins, að auka framboð á raungreinamenntun á háskólastiginu og laða fleira ungt fólk að raungreinum.



Hagsmunafélagið hefur tekið þátt í ýmsum verkefnum til að vekja athygli á mikilvægi raungreina og stuðla að því að fjölga nemendum, ekki síst konum, í verk- og tæknifræði.

Vorið 2000 hlaut Áskell Harðarson, stærðfræðingur og kennari við Menntaskólann í Reykjavík, sérstaka viðurkenningu Hagsmunafélagsins fyrir árangursríka kennslu í stærðfræði á framhaldsskólastigi.

Í tilefni af stærðfræðideginum á alþjóða stærðfræðiárinu 2000 hélt Hagsmunafélagið opinn umræðufund í Hátíðarsal Háskóla Íslands um stöðu stærðfræðikennslu hér á landi. Niðurstaða fundararins var sú að stærðfræðikennslu þyrfti að efla, m.a. vegna þess að stærðfræðin hefði aldrei gegnt

eins veigamiklu hlutverki í framþróun og nú á tímum.

Hagsmunafélagið stóð fyrir umræðufundi undir heitinu „Er vit í verk- og tæknifræði“ á kynningardegri háskólastigsins vorið 2000. Margt ungt fólk sótti fundinn sem var hinn áhugaverðasti.

LEONARDÓ II

Starfsmenntaáætlun ESB, Leonardó II, hóf formlega starfsemi sína í fyrra og verður rekin til 2006. Eins og nafnið bendir til tekur hún við af Leonardó I en sú áætlun var rekin árin 1995-1999.

Rannsóknáþjónusta HÍ annast Landsskrifstofu Leonardó II en menntamálaráðuneytið samdi við MENNT – Samstarfsvettvang atvinnulífs og skóla um að reka tiltekna verkefnaflokka Leonardó II. Samtök iðnaðarins hafa tekið virkan þátt í stjórnun Leonardó I hér á landi auk þess sem fulltrúi Samtaka iðnaðarins hefur setið í stjórnarnefnd Leonardó I í Brussel fyrir Samtök atvinnulífsins.

Einn mesti akkur fyrir fyrirtækin í Leonardó II verða mannskíptaverkefni eins og í fyrri áætluninni.

SÍ- OG ENDURMENNTUNARSTOFNANIR IÐNAÐARINS

Menntafélag byggingariðnaðarins, Fræðsluráð málmiðnaðarins og Prentatæknistofnun reka sí- og endurmenntunarstarf fyrir sína iðngreinaflokka. Þessar stofnanir hafa gert þjón-

ustusamninga við menntamálaráðuneytið um námssamninga og sveinspróf. Sömuleiðis vinna fræðslustofnanir iðnaðarins, á grundvelli sérstakra samninga við menntamálaráðuneytið, að uppbyggingu menntunar fyrir sín starfsgreinaráð.


Með samningum fræðslustofnana iðnaðarins við menntamálaráðuneytið hefur atvinnulífið fengið meira svigrúm og ábyrgð en áður til að móta menntun einstakra iðngreina og iðngreinaflokka á framhaldsskólastigi. Ánægja ríkir með þetta fyrirkomulag sem byggist á framhaldsskólalögum frá 1996. Í sumum tilvikum hefur fulltrúum atvinnulífs og einstakra iðngreina þótt ganga hægar en skyldi að semja við menntamálaráðuneytið um framkvæmd einstakra verkhluta. Vonir standa til að samstarf ráðuneytis og fræðslustofnana verði skilvirkara í framtíðinni.

STARFSMENNTARÁÐ FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI

Starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytis starfar samkvæmt lögum um starfsmenntun frá 1992. Í ráðinu eiga sæti fulltrúar ráðuneytisins, launþegasamtaka og atvinnurekendasamtaka en þeir síðasttöldu eru allir skipaðir af SA. Annar fulltrúi SA kemur frá SI. Tilgangur starfsmenntaráðs er að efla starfsmenntun í atvinnulífinu, m.a. með því að styrkja fjárhagslega verkefni á þessu sviði. Starfsmenntaráð endurmat stöðu sína á síðastliðnu ári og hefur lagt fram nýja stefnu undir heitinu Starfsmennt 2000.

MENNTUN ÓFAGLÆRÐRA

Sérstöku menntasamstarfi atvinnurekenda og launafólks fyrir ófaglærða var hleypt af stokkunum sl. haust. Um er að ræða tvenns konar samstarf: Starfsafl, starfsmennt Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins, og Landsmennt. Hvort tveggja samstarfið, eða félagið, er árangur samninga SA og launþega-hreyfingarinnar sl. sumar. Markmið beggja félaganna er að efla menntun fyrir ófaglærða í því skyni að auka hæfni starfsfólks, auka framleiðni og bæta samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja.



Starfsafl og Landsmennt leggja hafa framkvæði að þróunarverkefnum í starfsmenntun, kanna þörf atvinnulífsins fyrir starfsmenntun ófaglærðs verkafólks og veita einstaklingum og fyrirtækjum styrki vegna starfsmenntunar.

Umsóknir um styrki hafa verið afgreiddar bæði frá einstaklingum og samstarfsaðilum um menntamál. Fyrirtæki Samtaka iðnaðarins, sem eru með starfsfólk félagsbundið hjá Starfsgreinasambandinu og Flóabandalaginu, eiga rétt á því að sækja þjónustu til Starfsafls og Landsmenntar.

MENNT

MENNT – Samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla hefur starfað í um tvö ár. Að Mennt standa samtök atvinnurekenda og launafólks, framhaldsskóla- og háskólastigið.

Meðal markmiða Menntar er að stuðla að öflugu atvinnulífi þar sem framsýni, þróun og aðlögunarhæfni eru sett í öndvegi með menntun við hæfi. Mennt hefur tekið að sér tiltekin verkefni í samræmi við þessi markmið.

SI hafa lagt áherslu á að þróa Mennt sem samvinnuvettvangur ólíkra aðila um menntamál þar sem flestir mættu hagnast á. Eitt viðamesta verkefnið, sem Mennt vann á sl. ári, var að halda Dag símenntunar um allt land. Almennt mat er að verkefnið hafi tekist framur vonum.

Mennt er í forsvari fyrir CEDEFOP (Rannsókn- og upplýsingastofnun Evrópu í starfsmenntamálum) hér á landi. Mennt vinnur tiltekna verkefnaflokka í ESB-áætluninni Leonardó II.

Mennt vinnur að verkefni sem nefnist Markviss uppbygging símenntunar. Verkefnið er hannað af Dansk Industri en hefur verið unnið hér á landi í samstarfi við skóla & atvinnulíf á Suðurnesjum.

Mennt afhenti í fyrsta sinn í haust sérstök starfsmenntaverðlaun til að vekja athygli á mikilvægi starfsmenntunar. Annar fulltrúi SA í stjórn Menntar kemur frá SI.

UPPLÝSINGAVEITA

Undanfarin missiri hefur Mennt unnið að því að koma á upplýsingaveitu um starfstengt nám. Upplýsingaveitunni er ætlað að auðvelda almenningi yfirsýn yfir námi sem er í boði á framhalds-, háskóla- og endurmenntunarstigi. Ýtarleg lýsing hefur verið unnin á verkefningu og hefur CEDEFOP, evrópska starfsmenntastofnunin, lýst yfir áhuga á að tengjast því. Innan skamms verður gengið frá samningum við upplýsingatæknifyrirtæki um að reka verkefnið.

FJÁRHAGSLEG ÁBYRGÐ Á VINNUSTAÐAKENNSLU

Mörg fyrirtæki bera mikinn kostnað af vinnustaðakennslu en önnur taka ekki nema í þjálfun og bera því engan kostnað af henni. Þetta skekkir samkeppnistöðuna og á þátt í mismunandi afkomu fyrirtækja. Hvernig er unnt að jafna þennan mun?

Síðastliðið haust fól stjórn SI sérstökum starfshópi að koma með tillögur til lausnar þessum vanda. Gerð var könnun meðal 49 fyrirtækja í iðnaði og veitingaþjónustu og staðfesta niður-

stöður hennar vilja fyrirtækjanna til að jafna fjárhagslega ábyrgð á vinnustaðakennslu. Jafnframt kemur fram í niðurstöðum hennar áhersla á að stjórnvöld beri fjárhagslega ábyrgð á kennslu á vinnustað með sama hætti og þau bera

ábyrgð á kennslu í skóla. Með framhaldsskólalögunum er vinnustaðanám hluti iðnnáms og því þarf að skilgreina ábyrgð yfirvalda menntamála á vinnustaðanám.

Starfshópurinn telur rétt að atvinnu-

rekendur leiti samninga við stjórnvöld um að taka þátt í fjármögnun vinnustaðakennslu.

Almenn lögfræðipjónusta

Allir félagsmenn SI geta leitað sér lögfræðilegrar ráðgjafar hjá SI og skiptir þá engu hvers eðlis málið er svo framrlega sem það tengist starfsemi viðkomandi. Ef ekki er unnt að svara álitafnum samstundis er aflað upplýsinga um þau eða viðkomandi beint til þeirra sem veitt geta svör.

Spurningum sem varða flókin álitafni varðandi réttindi og skyldur vegna uppsagna starfsmanna eða ráðningar þeirra er þó gjarnan vísað til Samtaka atvinnulífsins enda er það í samræmi við verkaskiptingu að þau samtök sjái fyrst og fremst um slík mál.

ÚTBOÐSMÁL

Nokkuð var um vandamál vegna útboðsmála á síðasta ári og má segja að dómur héraðsdóms, síðar staðfestur af hæstarétti, hafi breytt stöðu verktaka talsvert. Í þeim dómi var viðurkennt að opinberir aðilar t.d. sveitarfélög gætu ekki valið hvaða verktaka sem væri þrátt

fyrir ákvæði útboðslaga þess efnis. Þarna var um að ræða að bæjarfélag valdi heimamann sem verktaka þrátt fyrir að tilboð hans væri talsvert hærra en lægstbjóðanda. Forsendur fyrir því vali voru helst þær að bærinn vildi halda reynslu og verkþekkingu í bænum. Dómstólararnir féllust ekki á þau rök og töldu að of miklu hefði munað á tilboðunum til að þau rök væru boðleg, og dæmdu verktakanum bætur sem miðuðust við þátttöku í útboðinu og kostnað við tilboðsgerðina.

LAUSAFJÁRKAUP

Þann 1. júní nk. munu endurskoðuð lög um lausafjárkaup og ný lög um þjónustukaup taka gildi hér á landi. Hvorum tveggja er ætlað það hlutverk að setja fram skýrar reglur um neytendavernd í tengslum við gildissvið laganna. Má segja að talsverðar breytingar muni eiga sér stað sérstaklega með þjónustukaupalögunum. Nú er unnið að því í iðnaðar-

og viðskiptaráðuneytinu að útbúa eyðublöð um þjónustukaup. Sú vinna er unnið með Neytendasamtökunum og SI enda áttu þessir aðilar fulltrúa í nefndinni sem samdi lögin. Á næstu vikum munu SI reyna að kynna efni hinna framangreindu laga þannig að félagsmenn þekki efni þeirra þegar þau taka gildi. Er félagsmönnum bent á að fylgjast með umfjöllun SI um þetta efni.

IÐNLAGABROT

Iðnlagabrot eru sífellt umkvörtunarfni. Lítil eitt hefur þokast í rétta átt því að lögregluþjónvöld og ákærvald sérstaklega úti á landi hafa í nokkrum tilvikum gefið út ákærur sem hafa leitt til sektar hinna brotlegu. Í þessu sambandi má þó benda á grein í desemberblaði Íslensks iðnaðar þar sem fram kemur að lögreglan var svo lengi að rannsaka frekar einfalt mál að annar ákærði var sýknaður en hinum ekki gerð nein refsing.

Mannafl

SI og ráðningarstofan Mannafl undirrituðu í haust samstarfssamning um að Mannafl annist milligöngu um að ráða erlent fólk til starfa í fyrirtækjum innan SI. Íslensk fyrirtæki hafa í síauknum mæli leitað út fyrir landsteinana að fólki til að sinna störfum sem erfitt hefur reynst að manna hér innanlands. Samtökin töldu eðlilegast að fagfólk annaðist milligöngu um ráðningu þessa starfsfólks en Mannafl gerir sömu kröfur um

hæfni til erlendra starfsmanna og innlendra við ráðningu í sambærileg störf.

Nokkuð hefur verið um að fyrirtæki hafi ráðið starfsmenn erlendis frá en það er flókið ferli og tímafrekt enda fylgir því mikil pappírsvinna. Samtökunum þykir því mikill fengur í að fá fagfólk til að sjá um að í hvívetna verði rétt að verki staðið.

Fylgt er fastmótuðu verkferli þar sem tekið er tillit til laga og reglugerða um

atvinnuleyfi fyrir útlendinga og krafna Mannafls. Einnig er lögð áhersla á að eiga gott samstarf við þær opinberu stofnanir sem að málið snertir.



Umhverfismál - efnaiðnaður - orkumál

STENÚR

Á vegum umhverfisráðuneytisins starfar starfshópur með þátttöku atvinnulífsins, um endurnýtingu úrgangs (STENÚR) sem m.a. á að gera tillögum um bættu nýtingu úrgangsefna og hvernig beita megi hagrænum hvötum til að auka endurnýtingu þeirra og draga þannig úr förgun úrgangs. Starfshópurinn hefur þegar unnið greinargerð um málið þar sem lagt er til að beitt sé sömu hagrænu aðferðum til að ná settum markmiðum og lögfestar hafa verið við endurvinnslu, endurnýtingu eða förgun spilliefna og einnota umbúða drykkjarvara.

Aðferðin byggist á því að gjald er innheimt við innflutning viðkomandi vöru og við sölu á samsvarandi innlendri framleiðslu. Hagsmunaaðilar fara með umsýslu sjóðsins sem á að standa undir kostnaði við endurvinnslu, endurnýtingu og förgun þess úrgangs sem af viðkomandi vöru stafar þannig að tekjur og gjöld fyrir hvern vörflokk standist á. Fyrirtæki og atvinnugreinar geta gert frjálst samkomulag um endurnýtingu tiltekinnar vöru. Staðfesti ráðherra slíka samninga eru þær vörur undanþegnar gjaldi. Í tillögnum er auk þess gert ráð fyrir að nefnd, sem færi með umsýslu sjóðsins og spilliefnanefnd sem fer með umsýslu spilliefnagjalds, verði sameinaðar.

Á undanförunum misserum og árum hefur ESB sett ýmsar reglugerðir varðandi úrgangsmál og aðrar eru væntanlegar. Má í þessu sambandi nefna tilskipanir um urðun brennslu, umbúðir og rafgeyma og raffhlöður. Unnið er að tilskipun um bíflök, rafeindabúnað o.fl.

Í urðunartilskipun er kveðið á um að eftir 16. júlí nk. megi ekki urða heila hjólbarða og ekki tætta eftir 16. júlí 2004. Í umbúareglugerð er kveðið á um tímamörk varðandi endurnýtingu og endurvinnslu tiltekins magns umbúða. 1. júlí nk. skal því marki náð að 50-65% umbúðaúrgangs verði endurnýtt og 25-45% endurunnin þar af minnst 15% af hverri tegund umbúðaefnis.

Erlendis hefur verið lögð lagaleg skylda á herðar atvinnurekendum að taka til baka vöruafganga og umbúðir



utan af vörum, notendum að kostnaðarlausu. Þetta flokkast undir seljanda- eða framleiðandaábyrgð. Brugðist hefur verið við með þeim hætti að viðkomandi atvinnurekendur hafa stofnað með sér félag sem yfirtaka lagalega skyldu atvinnurekenda í þessum efnunum. Fer það þannig fram að viðkomandi atvinnurekendur greiða sjálfviljugir tiltekið gjald í sameiginlegan sjóð sem standa á undir förgun viðkomandi úrgangs. Félagið, sem hefur yfirtekið lagalegar skyldur atvinnurekenda, fer með umsýslu þessa sjóðs en hann stendur undir þeim kostnaði sem af endurvinnslu, endurnýtingu eða förgun úrgangsins stafar þannig að tekjur og gjöld standist á. Reynslan sýnir að ókostur þessarar leiðar er að nokkur hluti atvinnurekenda kemst hjá því að greiða sitt framlag á kostnað hinna (free riders).

Hér á landi hefur náðst samkomulag sem síðar hefur verið lögfest um förgun spilliefna á þann hátt að gjald sem stendur undir förgun þeirra spilliefna sem af vörunni leiðir, hefur verið lagt á vöruna við innflutning eða framleiðslu. Sambærileg leið hefur verið lögfest fyrir tiltekna einnota drykkjarvöruumbúðir. Til að tryggja að allir leggi sitt af mörkum sér innheimta ríkissjóðs um innheimtu gjaldsins af innfluttum vörum við tollafgreiðslu vörunnar. Það kemur síðan í hlut löggjafans að búa starfsemi lagalegt umhverfi en nefnd skipuð hagsmunaaðilum sér um framkvæmd laganna.

SPILLIEFNANEFND

Árið 1996 voru sett lög um spilliefnagjald. Tilgangur þeirra er að hvetja til bættra skila á spilliefnum. Þau kveða á um að við innflutning á vörum og efnunum, sem geta endað sem spilliefni,

verði lagt gjald sem á að nægja til að mæta kostnaði við söfnun, flutning, meðhöndlun, endurnýtingu eða eyðingu spilliefnanna. Auk þess er lagt gjald á innlenda framleiðslu sem fellur undir lögin. Hér er um rammalöggjöf að ræða en ráðherra kveður nánar á um framkvæmd laganna með reglugerðum sem hann setur samkvæmt tillögum spilliefnanefndar. Atvinnurekendur eiga þrjá fulltrúa af sjó í nefndinni.

Á ársfundi spilliefnanefndar var yfirlit yfir starfsemi. Þar kom meðal annars fram að spilliefni hér á landi eru um 93 kg á hverja fjögurra manna fjölskyldu og kostnaður við förgun þeirra er um 1.700 kr.

Lokið er við að leggja á alla vöruflokk og endurskoðun á kerfinu hafin en ýmislegt þarf að laga þar sem ekki voru til traustar forsendur til að byggja á í upphafi.

Í skýrslu spilliefnanefndar, sem kynnt var á ársfundinum, er að finna ýtarlegar upplýsingar um spilliefnagjaldskerfið og tölfraðilegar upplýsingar um skiptingu spilliefna.

ORKUMÁL – RAFORKUMARKAÐURINN

Á undanförunum árum hefur skipulagi raforkumála verðir umbylt í flestum nágrannalanda okkar til að auka samkeppni í framleiðslu og sölu á rafmagni. Hér á landi hefur verið unnið að slíkum breytingum sem meðal annars fælust í því að aðgreina samkeppnisþættina, framleiðslu og sölu á rafmagni frá sérleyfisþáttunum flutningi og dreifingu rafmagns. Á árinu kom út skýrsla nefndar um framtíðarskipulag raforkuflutnings á Íslandi. SI héldu opinn félagsfund um framtíðarskipulag á raforkumála hér á landi.

Þar kom m.a. fram að Samtökin hafa lengi barist fyrir lægra orkuverði fyrir iðnað á Íslandi og bent á nauðsyn þess að markaðslögmál gildi í viðskiptum með raforku. Breytingar í þá veru að auka samkeppni eru því jákvæðar og nauðsynlegt að ganga til verks með það markmið í huga að nýta til fulls kosti hennar til að ná fram aukinni hag-

kvæmni og lægra orkuverði. Aðalatriði málsins er aukin hagkvæmni sem leiðir til lægra raforkuverðs.


ÍSKEM

Á vegum Ískem ehf., sem stofnað var 1994, fer fram athugun á nýjum tækifærum í efnaiðnaði. Stofnendur Ískem voru nokkrir innlendir aðilar og Technology International Exchange Inc. TIE er bandarískt tækniþróunarfyrirtæki á sviði efnaiðnaðar. Tilgangur með stofnun Ískem var að auka innlenda og erlenda fjárfestingu í iðnaði sem nýtir innlenda orku.

Eitt af verkefnum sem er til athugunar, er framleiðsla á polyol úr sykri eða sterkju. Iðnaðarráðuneytið og Nýsköpunarsjóður styrktu úttekt á slíkri framleiðslu hér á landi og vinnu með nokkrum fyrirtækjum í Evrópu sem hafa sýnt málinu áhuga. Úttektin sýndi að hagkvæmt er að staðsetja verksmiðju hér á landi enda þarf mikla gufuorku til framleiðslunnar. Í Suður-Afríku var reist tilraunaverksmiðja til að staðfesta framleiðsluferlið og framleiða sýnishorn fyrir væntanlega seljendur afurðanna. Tilrauninni varð ekki lokið vegna fjárskorts. Á árinu var leitað til nokkurra innlendra aðila um fjármögnun á endurtekinni tilraun sem gerð yrði undir stjórn íslenskra aðila. Útlit er fyrir að takist að safna nægjanlegu fjármagni hér á landi til að ljúka ofangreindri tilraun.

SÁPU- OG ÞVOTTAEFNAIÐNAÐUR

Efnaverksmiðjan Sjöfn gekk til liðs við Samtök iðnaðarins árið 2000 þannig að nú má segja að öll innlend þvottaefnaframleiðsla heyri undir Samtökin. Samtök iðnaðarins eru aðili að AISE, Samtökum þvottaefnaframleiðenda í



Evrópu. AISE hefur frá árinu 1998 staðið fyrir átaki sem lýtur að verndun umhverfisins og hafa íslenskir framleiðendur heimilisþvottadufts tekið þátt í því frá upphafi. Átakið felur í sér að framleiðendur þróa nýjar afurðir með það fyrir augum að draga úr umbúðum og nota umhverfisvæn hráefni. Á umbúðir þvottadufts eru prentaðar leiðbeiningar til notenda um skynsamlega notkun þvottaefna m.t.t. umhverfisins. Tveir íslenskir framleiðendur hafa þegar tekið þessar merkingar upp á umbúðum framleiðslu sinnar.

NORRÆNA UMHVERFISMERKIÐ HVÍTI SVANURINN

Norræna umhverfismerkið er sam-eiginlegt umhverfismerki Norðurlandaþjóða. Framleiðendur geta auðkennt vörur með merkinu ef þær uppfylla sett skilyrði um að mengun við framleiðslu, notkun og förgun. Merkið er hvítur

svanur á grænum fleti og byggist á merki norrænu ráðherranefndarinnar

Fyrirtækið Frigg hf. var fyrsta íslenska fyrirtækið til að fá merkið á vöru hjá sér þegar það fékk leyfi til nota Hvíta svaninn á þvottaefnið Maraþon milt.

Nokkuð vantar enn á að innlendir neytendur þekki merkið og leggi sig eftir að kaupa vörur með því enda ennþá tiltölulega lítið úrval af merktum vörum á boðstólum fyrir íslenska neytendur.

Á Norðurlöndum er mikill áhugi á Norræna umhverfismerkinu fyrir prentað efni og hefur prentsmiðjum með merkið fjölgað verulega og bið er eftir að fá vottun. Nokkrar prentsmiðjur hér á landi eru að kanna málið og á árinu fékk prentsmiðjan Hjá Guðjón Ó leyfi til að nota Hvíta svaninn, fyrst íslenskra prentsmiðja.

Helstu fundir Samtaka iðnaðarins

Iðnþing 2000 var haldið föstudaginn 25. febrúar. Kosinn var nýr formaður, Vilmundur Jósefsson, framkvæmdastjóri Gæðafæðis ehf. Vilmundur tók við af Haraldi Sumarliðasyni sem verið hefur formaður Samtakanna allt frá stofnun þeirra 1993 en Haraldur gaf ekki kost á sér til áframhaldandi formannssetu. Meðstjórnendur til tveggja ára voru kosnir þeir Friðrik Andrésson, Múrarmeistarafélagi Reykjavíkur, Hreinn Jakobsson, Skýrr hf. og Jón Albert Kristinsson, Myllunni - Brauði hf. Fyrir í stjórninni voru þeir Helgi Magnússon, Hörpu hf., Geir A. Gunnlaugsson, Marel hf., Eiður Haraldsson, Háfelli hf. og Örn Jóhannsson, Morgunbl./Árvakri hf.

Þau sex sem voru næst því að hljóta kosningu í stjórn, settust í ráðgjafaráð SI, þau voru: Valgeir Hallvarðsson, Magnús Ólafsson, Eyjólfur Sigurdsson, Jakob Bjarnason, Lovísa Jónsdóttir og Magnús Jóhannsson.

Útboðsþing Samtaka iðnaðarins og Félags vinnuvélaeigenda var haldið 28. janúar 2000. Að vanda var þingið fjölsótt enda mikill fengur í að komast yfir heildaryfirlit helstu framkvæmda hins opinbera á einu bretti. Framsögumenn á þinginu komu frá Reykjavíkurborg, Framkvæmdasýslu ríkisins, Siglingastofnun, Landsvirkjun og Vegagerðinni. Að loknum hefðbundnum framsöguerindum höfðu Ólafur Helgi Árnason, lögfræðingur SI, og Þorbergur Karlsson, formaður Félags ráðgjafaverkfræðinga, framsögu um kosti og galla þess að hönnun og eftirlit framkvæmda væru á einni hendi.

Opinn fundur um **Nýskipan raforkumála** var haldinn 6. apríl. Samtökin hafa lengi barist fyrir lægra orkuverði fyrir iðnað á Íslandi og bent á nauðsyn þess að markaðslögmál gildi í viðskiptum með raforku. Það er því fagnaðarefni að nú skuli vera að komast hreyfing á þessi mál. Samtökin leggja áherslu á að aðalatriði breytinganna eigi vera að skapa skilyrði fyrir virka samkeppni sem leiðir til lægra orkuverðs og

betri þjónustu. Á fundinum fjallaði iðnaðarráðherra um málið almennt og hvernig þróunin gæti orðið í framtíðinni auk þess sem gerð var grein fyrir niðurstöðum nefndar um framtíðarskipulag raforkuflutnings á Íslandi. Þá fjölluðu fulltrúar Orkuveitu Reykjavíkur og Samtaka iðnaðarins um áhrif þessara breytinga á orkumarkaðinn og orkuverð.

Í apríl héldu Samtökin fund um **tvöföldun Reykjanesbrautar** með þingmönnum og fulltrúa Vegagerðarinnar. Samtökin hafa skýra stefnu um það að arðsemi eigi að vega þyngst þegar teknar eru ákvarðanir um framkvæmdaröð við samgöngumannvirki. Á fundinum voru framsögumenn þeir Jónas Snæbjörnsson, umdæmisverkfræðingur Vegagerðarinnar, Árni Jóhannsson, starfsmaður SI, Gunnar Birgisson þingmaður, Einar K. Guðfinnsson, fyrrverandi formaður samgöngunefndar og Hjálmar Árnason, varformaður samgöngunefndar.

Kynningarfundur. SI boðuðu stjórn, ráðgjafaráð og stjórnir allra 25 aðildarfélaga sinna til fundar 10. maí til þess að kynna sig, starfsemi sína og þjónustu sem í boði er fyrir aðildarfélögin og félagsmenn.

Fundurinn var vel sóttur og sátu hann um 80 manns. SI vilja veita aðildarfélögum sínum sem allra besta þjónustu og vinna eins náði með stjórn um þeirra og kostur er. Vilmundur Jósefsson, formaður SI, fjallaði um stjórn og stjórnarskipulag Samtakanna, vinnulag við stefnumótun og helstu verkefni framundan.

Þá rakti Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI, helstu þætti starfseminnar, starf starfsgreinahópa og þá þjónustu og aðstoð sem Samtökin bjóða aðildarfélögum sínum. Síðastur talaði Haraldur Dean Nelson, upplýsingastjóri SI, um vefsetur Samtakanna si.is og idnadur.is. Hann kynnti einnig útlit og uppbyggingu heimasíðna fyrir öll aðildarfélögin þar sem þau geta komið á framfæri upplýsingum og fréttum um

starfsemina til félagsmanna og alls almennings.

Samkeppnisstaða atvinnulífsins. Að frumkvæði SI var efnt til sameiginlegs fundar með SA og annarra aðildarsamtaka þeirra á Hótel Sögu 22. júní. Á fundinum var rætt um samkeppnisstöðuna, starfsskilyrði samkeppnisgreina og rekstrarhorfur. Launa- og kostnaðarhækkningar hafa verið langt umfram keppinauta, ítrekaðar vaxtahækkningar og styrking krónunnar hefur haft neikvæð áhrif á afkomu og samkeppnisstöðu iðnaðarins. Á fundinum töluðu auk Finns Geirssonar, formanns SA, þeir Almar Guðmundson frá FBA, Sigurður Helgason, Flugleiðum, Hörður Arnarson, Marel og Jón Scheving Thorsteinsson, Baugi.

Ráðgjafaráð SI kom saman til fundar 5. október með stjórnnum og formönnum aðildarfélaga til þess að ræða framtíð tæknimentunar í landinu, m.a. möguleika á því að SI kæmu að rekstri nýs tækniháskóla og voru fundarmenn almennt þeirrar skoðunar að Samtökin ættu að hafa áhriftil framfara í þessum efnum ef unnt væri.

Á fundinum var einnig rætt um skipulag vinnustaðanáms og starfsþjálfunar í fyrirtækjum og hver ætti að borga kostnaðinn sem af því hlýst. Fundarmenn voru almennt þeirrar skoðunar að þeim byrðum ætti að dreifa víðar en nú er gert og því beint til Samtakanna að skoða þau mál nánar.

Starfsgreinahópar og stjórnir aðildarfélaga. Auk þeirra funda sem að framan er getið er kjölfestan í starfi SI fjöldi reglubundinna funda í starfsgreinahópum og félagsfundir í aðildarfélögum sem eru fleiri á hverju ári en tölu verði á komið.

Stenúr. Þann 6. desember var haldinn opinn félagsfundur um tillögur starfshóps sem umhverfisráðherra skipaði í ársbyrjun um endurnýtingu úrgangs.

Starfshópin, sem gengur undir nafni

inu Stenúr, skipa fulltrúar frá ríki, sveitarfélögum, atvinnulífinu og frjálsum félagasamtökum. Ólafur Kjartansson, verkfræðingur og starfsmaður SI, hélt

framsögu og skýrði tillögurnar fyrir fundarmönnum. Hann lét þess m.a. getið í inngangi að kröfur um endurnýtingu úrgangs hefðu aukist mjög á undanfö-

num árum og Íslendingar ættu langt í land með að uppfylla kröfur sem gerðar eru á því sviði.

Ályktun Iðnbings 2000

Á Iðnbingi var fjallað um iðnað og upplýsingatækni við upphaf nýrrar aldar. Auk ræðu formanns og iðnaðarráðherra voru flutt samtals níu fróðleg erindi um efni þingsins. Iðnaðarráðherra opnaði vefsetrið idnadur.is á þinginu.

Iðnbíng 2000 samþykkti þessa ályktun:

Með almennari leikreglum er fjölbreytni íslensks efnahags- og atvinnulífs sífellt að aukast. Hagvöxtur undangenginna ára skýrist ekki af vexti þeirra frumþátta sem drifu hagkerfið hér á árum áður. Í dögum nýrrar aldar er mannauðurinn í fyrirrúmi.

- Með hugviti er verðmætasköpunin aukin.
- Með menntun er hefðbundnu handverki breytt í hátækni framleiðslu.
- Með alþjóðavæðingu færast starfsumhverfi fyrirtækja í betra horf.

Í framþróun hagkerfisins undanfarið má merkja mikinn kraft sem hefur fært með sér margt jákvætt: Atvinnuleysi hefur minnkað til muna, framleiðnin aukist og kaupmáttur vaxið hratt. Hinu er ekki að leyna að vöxtur hagkerfisins hefur reynt mjög á þanþól þess. Miklar innlendar kostnaðarhækkningar hafa skaðað samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum keppingautum. Verðbólgan hefur aukist og er

nú miklu meiri en ásætlanlegt er. Viðskiptahallinn er umtalsverður og ógnar efnahagsbata undangenginna ára.

Samtök iðnaðarins leggja áherslu á að áfram verði haldið á þeirri braut að markaðsvæða hagkerfið og færa umhverfi fyrirtækja hér á landi í það horf sem best gerist í heiminum. Launakjör þurfa að þróast hér í takt við framleiðni og vera í samræmi við það sem gerist í okkar nágretta- og samkeppnislöndum. Tæknivæðing og aukin menntun starfsmanna er besta leiðin til að bæta varanlega lífskjör þjóðarinnar. Að því vilja Samtök iðnaðarins vinna.

Útgáfu- og upplýsingastarf

IDNADUR.IS

Samtök iðnaðarins leggja áherslu á að kynna almenningi íslenskan iðnað, ekki síst ungu fólki. Vefsetrið, idnadur.is, sem iðnaðarráðherra opnaði á Iðnbíngi fyrir ári, er mikilvægur þáttur í þessu starfi. Þar er að finna aðgengilegar upplýsingar um iðnað, sögu, nýsköpun, umhverfismál. o.fl. Einn mikilvægasti þátturinn er sá sem lýtur að námi og störfum tengdum iðnaði. Um þann þátt vefsetursins hafa Samtök iðnaðarins gert samning við félagsvísindadeild Háskóla Íslands en kennarar og nemar í náms- og starfsráðgjöf annast uppfærslu efnis og sjá um



að svara fjöldamörgum spurningum áhugasamra ungmenna sem eru að velta fyrir sér möguleikum til náms og starfa er tengjast iðnaði. Vefsetrið hefur verið kynnt með auglýsingum og markpósti og hafa viðtökur verið framar vonum. Í tengslum við Agora sýninguna í Laugardalshöllinni í haust var efnt til kynningar fyrir ungt fólk í samvinnu við

Hagsmunafélag um verk- og tækni-menntun.

SI.IS

Upplýsingamiðlun á vefsetri SI hefur vaxið mikið undanfarin ár og Samtökin hafa lagt áherslu á að þróa það og uppfæra. Heimsóknir á vefsetrið hafa aukist jafnt og þétt og greinilegt er að fjölmiðlar fylgjast vel með því sem þar fer fram. Nýir fréttamólar, sem varða rekstrarumhverfi í iðnaði, nýjungar í iðnaði og afskipti Samtakanna af málum sem varða iðnaðinn í heild eða hluta, birtast þar nær daglega og full ástæða er

til að benda félagsmönnum í Samtökunum á að fylgjast vel með si.is.

ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

Samtök iðnaðarins hafa frá stofnun Sam-

takanna gefið út mánaðarlegt fréttabréf, Íslenskan iðnað, sem flytur helstu fréttir úr iðnaðinum. Íslenskur iðnaður er ýmist 8 eða 12 bls. að stærð og því takmarkað hvaða upplýsingum er unnt að

koma þar á framfæri. Fréttaukar eru gefnir út um málefni einstakra starfsgreina þegar ástaða er til.

Skrifstofa atvinnulífsins á Norðurlandi

Starfsemi Skrifstofu atvinnulífsins árið 2000 bar sterk einkenni þeirrar jákvæðu þróunar sem varð í atvinnulífinu á Akureyri á árinu.

Trúlega hefur sjaldan eða aldrei verið byggt jafn mikið á Akureyri og á árinu og fjárfesting í atvinnuhúsnæði, verslunar og þjónustuhúsnæði og opinberum byggingum hefur verið mjög mikil. Byggingaiðnaðurinn hefur ævinlega verið góður mælikvarði á ástand hvers samfélags. Ef mikið er byggt sérstaklega af atvinnuhúsnæði og almenningur fjárfestir í nýjum íbúðarhúsum, er það nær öruggur mælikvarði á að efnahagsástand svæðisins sé gott.

Því miður er ekki hægt að segja sömu sögu af atvinnulífinu á öllu starfssvæði skrifstofunnar því að þessi uppsveifla hefur lítil áhrif haft utan Akureyrar. Þótt segja megi að atvinnuástandið hafi lengst af á árinu verið gott gengur hægt að renna nýjum stöðum undir atvinnulífið í fámennari byggðum landsins. Staða byggingariðnaðarins á þeim stöðum segir ef til vill meira en flest annað um ástandið. Á sama tíma og flytja verður inn smíði frá nálægum löndum til að anna eftirspurn á tilteknum stöðum á landinu hefur ekki verið byggð ein einasta íbúð í mörgum þéttbýlisstöðum

landsins jafnvel í áratug.

Allar þjóðir, sem við berum okkur saman við, leggja mikla áherslu menntun og byggja að mestu afkomu sína á mannauði. Við verðum að gera það sama, ekki hvað síst á landsbyggðinni þar sem störfum fer sífellt fækkandi í framleiðslugreinunum. Óhætt er að segja að ekkert eitt atriði hafi haft jafnmikil áhrif á þá jákvæðu þróun sem orðið hefur á Akureyri á undanförunum misserum og efling Háskólans á Akureyri. Skólinn laðar ekki aðeins að fjölda nemenda og kennara, heldur tengist honum margvísleg rannsókn- og þróunarstarfsemi sem síðan nýtist atvinnulífinu.

Á svæðinu er nú unnið að eflingu endur- og símenntunar í samvinnu atvinnulífsins, skóla og opinberra aðila. Stofnuð hefur verið Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Símei, sem ætlað er að samræma margvíslega endur og símenntun og tekur Skrifstofa atvinnulífsins þátt í henni. Talsverðum erfiðleikum hefur verið bundið að koma á námskeiðum fyrir atvinnulífið á landsbyggðinni vegna fámennis. Víða þurfa nær allir í viðkomandi starfsgrein að sækja námskeiðið til að næg þátttaka fái. Því eru miklar vonir bundnar

Símei og að með samræmingu og samstarfi þeirra, sem þurfa á þjónustu að halda, takist að gera betur.

Skrifstofan vinnur nú að því að koma á gæðastjórnun með gæðakerfi Samtaka iðnaðarins í sjö fyrirtækjum í byggingariðnaði á Norðurlandi einu á Sauðárkróki, einu á Húsavík og fimm á Akureyri. Ráðgert er að verkefninu ljúki í vor.

Hin almenna starfsemi Skrifstofunnar breytist lítið frá ári til árs. Álagið fer að sjálfsögðu dálítið eftir stöðunni á vinnu- markaði og því hvort kjarasamningar eru lausir eða ekki. Fjölmargar fyrirspurnir berast jafnan til skrifstofunnar. Flestar eru á sviði kjaramála, verk- samninga og útboðsmála og um réttarstöðu fyrirtækjanna í ýmsum sviðum. Þá fer mjög í vöxt að leitað sé til skrifstofunnar um aðstoð við uppgjörsmál og samninga við verkkaupa.

Því verður ekki á móti mælt að Skrifstofa atvinnulífsins er lítil eining en hún vill þrátt fyrir það vera öflugur útvörður Samtaka iðnaðarins og Samtaka atvinnulífsins á landsbyggðinni. Skrifstofan er til fyrir félagsmenn og því er ástæða til að hvetja alla félagsmenn SI og SA á Norðurlandi til þess að nýta sér þá þjónustu sem í boði er.

Starfsmannamál

Starfsmenn Samtaka iðnaðarins eru 22 eins og árið 1999. Þó nokkrar manna- breytingar urðu árið 2000. Þóririnn

Gunnarsson skrifstofustjóri, Ingólfur Bender hagfræðingur og Eyjólfur Bjarnason byggingatæknifræðingur létu af

störfum og eru þeim öllum þökkúð vel unninn störf í þágu Samtakanna. Nýir starfsmenn eru Þorsteinn Þorgeirsson,

hagfræðingur, sem tekur við af Ingólfi,
Guðmundur Þór Sigurðsson byggin-
gafræðingur, sem tekur við af Eyjólfri og

Þóra Kristín Jónsdóttir, sem hefur
undanfarin ár annast málfarsráðgjöf fyrir
Samtökin er ráðin í hlutastarf til þess að

annast fjölmiðlatengsl og ýmislegt tengt
útgáfumálum.

Ráðgjafaráð SI

Ráðgjafaráð er stjórn Samtaka iðnaðarins til ráðuneytis við meiriháttar ákvarðanir og stefnumótun. Í ráðgjafaráði sitja þeir sex sem voru næst því að ná kjöri í stjórn Samtakanna, fulltrúar tilnefndir af starfsgreinahópum og fulltrúar Samtakanna í stjórn SA.

Eftir Iðnþing 2000 er ráðgjafaráðið þannig skipað:

Eyjólfur Sigurðsson, Kornax ehf.

Jakob Bjarnason, ÍAV hf.

Lovísa Jónsdóttir, Hárgreiðslustofan Venus

Magnús Jóhannsson, Fjarðarmót ehf.

Magnús Ólafsson, Osta og smórsalan sf.

Valgeir Hallvarðsson, Státtak hf

Byggingariðnaður:

Andrés Sigurðsson, Loftorka Reykjavík ehf.

Gísli Gunnlaugsson, Félag pípulagn.meistara.

Haukur Magnússon, Íslenskir aðalverktakar hf.

Loftur Árnason, Ístak hf.

Sigurður R. Helgason, Björgun ehf.

Sigurður Sigurðsson, Malb.st. Hlaðbær - Colas hf.

Stefán Jónsson, Meistaraf. bygg.manna á N-landi.

Matvæla-, fôður- og drykkjarvöruíðnaður:

Baldvin Valdemarsson, Sól-Víking hf.

Eggert Magnússon, Frón hf.

Guðlaugur Björgvinsson, Mjólkursamsalan

Málmiðnaður:

Brynjar Haraldsson, Frostverk ehf.

Ólafur Friðriksson, Skipalyftan ehf.

Þorgeir Jósefsson, Þorgeir og Ellert hf.

Þröstur Hafsteinsson, Þ.H. blikk hf.

Prent- og pappíríðnaður:

Gunnar M. Árnason, Prenttækni hf.

Steindór Hálfánarson, Gutenberg ehf.

Sverrir D. Hauksson, Prentsmiðjan Grafík hf.

Þorgeir Baldursson, Prentsmiðjan Oddi hf.

Húsgagna- og húshlutaiðnaður:

Anton Bjarnason, Glerborg ehf.

Guðmundur Ásgeirsson, Á. Guðmundsson ehf.

Stóriðja:

Bjarni Bjarnason, Íslenska járnblendifélagið hf.

Gylfi Þórðarson, Sementsverksmiðjan hf.

Rannveig Rist, Íslenska álfélagið hf.

Raf-, rafeinda- og hugbúnaðariðnaður:

Hermann Kristjánsson, Vaki - DNG hf.

Ingvar Kristinsson, Hugvit hf.

Gúmmí-, plast, efna-, fata- og leðuriðnaður:

Magni Örvar Guðmundsson, Netagerð Vestfj. hf.

Sigurður Bragi Guðmundsson, Sigurplast ehf.


Þjónustuiðnaður:

Leifur Jónsson, Gullhöllin

Nýir félagsmenn SI árið 2000

Á síðasta ári fjölgaði félagsmönnum talsvert eða um 31 fyrirtæki af ýmsum stærðum og gerðum. Nýju félagsmennirnir eru þessir:

Almenna umhverfis-þjónustan ehf.	Grundarfirði
Álit ehf.	Reykjavík
Bakarinn á hjólinu	Reykjavík
Blikksmiðjan Borg ehf.	Reykjavík
Eyjablikk ehf.	Vestmannaeyjum
Fellabakarí ehf.	Fellabæ
Gúmmísteypa Þ. Lárusson ehf.	Reykjavík
Hans Jóhannsson, fiðlusmíðameistari	Reykjavík
Hraði ehf.	Reykjavík
Höjgaard & Schultz Íslandi ehf.	Reykjavík
Íslenska Gámafélagið ehf.	Reykjavík
Jarðvélar sf.	Reykjavík
Keflavíkurverktakar hf.	Keflavíkurflugvelli
Krókur A.J.dráttarbílar	Kópavogi
Kælitækjaþjónustan	Húsavík
Landsteinar Ísland hf.	Reykjavík
Magnúsarbakarí	Vestmannaeyjum
Margmiðlun hf.	Reykjavík
Menn og Mýs ehf.	Reykjavík
Mens Mentis hf.	Kópavogi
Nýtt framtak ehf.,	Reykjavík
Rúllur ehf.	Hafnarfirði
Sindra - Stál hf.	Reykjavík
Sorphreinsun Vilhelms Harðars. ehf.	Skagaströnd
Steinsmiðjan Rein ehf.	Reykjavík
Tiltak ehf.	Reykjavík
Tristan ehf.	Kópavogi
Vélfag ehf.	Ólafsfirði
Vélgæði ehf.	Fáskrúðsfirði
Vélsmiðja Sigurðar V. Gunnarss. ehf.	Reykjavík
Vilberg Kökuhús	Vestmannaeyjum



Árni Jóhannsson
Jarðvinnuverkt., trjávöruiðnaður,
húsgagna- og húshlutaframl.
arni@si.is



Ásgeir Magnússon
Skrifstofa atvinnulífsins
á Norðurlandi
asgeirm@nett.is



Brynjar Ragnarsson
markaðsstjóri
brynjar@si.is



Dagmar Elin Sigurðardóttir
bókari, álagning félagsgjalda
dagmar@si.is



Davíð Lúðvíksson
forstöðumaður
þjónusta, þróun og starfsgreinar
david@si.is



Ferdinand Hansen
verkefnastjóri
Gæðakerfi í byggingariðnaði
ferdinand@si.is



Guðmundur Ásmundsson
Upplýsingatækni
gudmundur@si.is



Guðmundur Þór Sigurðsson
Byggingaiðnaður
gsig@si.is



Haraldur D. Nelson
upplýsingastjóri,
nelson@si.is



Hulda G. Mogensen
gjaldkeri
hulda@si.is



Ingi Bogi Bogason
menntamál
ingi.bogi@si.is



Ingólfur Sverrisson
málmiðnaður
ingolfur@si.is



Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri
Alþjóðlegt samstarf
jon@si.is



María Hallbjörnsdóttir
Félagatal, afgreiðsla
maria@si.is



Ólafur Helgi Árnason
lögfræðingur
Samkeppnis- og ágreiningsmál
olafurh@si.is



Ólafur Kjartansson
Orku- og umhverfismál, fata-, vefja-,
veiðarfæraíðn., plastiðnaður
olafur@si.is



Ragnheiður Héðinsdóttir
Matvæla- og fóðuriðnaður,
efnaiðnaður
ragnheidur@si.is



Sveinn Hannesson
framkvæmdastjóri,
yfirstjórn, fjármál, félagatengsl
stjóriðja
sveinn@si.is



Þorsteinn Þorgeirsson
hagfræðingur
starfsskilyrði iðnaðar
þorsteinn@si.is



Þóra Guðmundsdóttir
Simavarsla, afgreiðsla
thorag@si.is



Þóra Kristin Jónsdóttir
fjölmiðlatengsl, málarsráðgjöf
thorak@si.is



Þóra Ólafsdóttir
Fréttabréf, önnur útgáfumál
thora@si.is

Fulltrúar SI í stjórnnum og nefndum

Aflvaki Reykjavíkur
Aukefnanefnd
Bókasamband Íslands
EAN á Íslandi
Fræðsluráð málmíðnaðarins

Fræðslusjóður bókagerðarmanna
Gæðaráð byggingariðnaðarins
Hagsmunafélag um verk- og tæknimenntun
Heilbrigðisvettvangur
Húsfélag iðnaðarins
ICEPRO
Iðntæknistofnun Íslands
Íslenska ánægjuvogin
Kjararannsóknarnefnd
Lagnakerfamiðstöð
Lífeyrissjóður Framsýn
Lífeyrissjóður verslunarmanna
Málmgarður
MENNT - Samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla
Menntafélag byggingariðnaðarins
Northern Software Alliance
Nýsköpunarsjóður
Nýsköpunarsjóður - verkefnastjórn VÖMA
Nýsköpunarsjóður námsmanna
Prenttæknistofnun
Rammaáætlun um nýtingu vatnsafla og jarðvarma
RANNÍS
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins
Sameinaði lífeyrissjóðurinn
Samráðshópur um framkvæmd stefnu upplýsingasamfélagsins
Samráðshópur Sorpu og atvinnulífsins
Samstarf um nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda
Samstarfsnefnd um opinber innkaup
Samstarfsnefnd um starfsnáms á framhaldsskólastigi
Samstarfsv. sjávarútvegs- og iðnaðar
Samtök atvinnulífsins

Siglingamálaráð
Skólanefnd Borgarholtskóla
Skólanefnd Fjölbautaskólans í Breiðholti
Skólanefnd Tækniskóla Íslands
Spilliefnanefnd
Staðlaráð Íslands STRÍ
STRÍ Byggingastaðlaráð
STRÍ - fagráð í upplýsingatækni
STRÍ - fagstjórn í gæðamálum
STRÍ - fagstjórn í véltekni
Starfsafl - Starfsmennt SA og Flóabandalagins
Starfsfræðslunefnd fyrir iðnverkafólk
Starfsgreinaráð í bygginga- og mannvirkjagerð

Starfsgreinaráð upplýsinga- og fjölmiðlagreina
Starfsh. um starfsþjálfun iðnema
Starfsmenntaráð
Stjórn Lagnakerfamiðstöðvar Íslands
Stjórnarnefnd Leonardó
Umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur
Umhverfismerkisráð
Útflutningsráð Íslands
Verkstjórnarfræðslan
Vottunarstjórn RB
Verðlaunasjóður iðnaðarins
Verkefnastjórn NAS
Vottun hf.
Öryggisnefnd í prentiðnaði

Sveinn Hannesson
Ragnheiður Héðinsdóttir
Ingi Bogi Bogason
Ólafur Kjartansson
Bjarni Thoroddsen, Bjargmundur Björgvinsson
Guðmundur Gunnarsson, Magnús Aadnegaard
Haraldur D. Nelson
Guðmundur Þór Sigurðsson
Davíð Lúðvíksson, Ingi Bogi Bogason
Sveinn Hannesson, Davíð Lúðvíksson
Sveinn Hannesson, Sigurður Kristinsson
Guðmundur Ásmundsson
Davíð Lúðvíksson, Bjarni Thoroddsen
Davíð Lúðvíksson
Þorsteinn Þorgeirsson
Guðmundur Þór Sigurðsson, Gísli Gunnlaugsson
Helgi Magnússon
Vígundur Þorsteinsson
Ingólfur Sverrisson, Þorvaldur Hallgrímsson
Ingi Bogi Bogason
Tryggvi Jakobsson, Grétar Halldórsson, Eyjólfur Bjarnason
Guðmundur Ásmundsson
Örn Jóhannsson, Jón Steindór Valdimarsson
Davíð Lúðvíksson, Jón Albert Kristinsson
Guðmundur Ásmundsson, Ragnheiður Héðinsdóttir
Guðmundur Kristjánsson, Guðbrandur Magnússon
Ólafur Kjartansson
Ingvar Kristinsson, Hilmar, Janusson
Friðrik Andrésson, Sigurður R. Helgason
Örn Kjærnested, Steindór Hálfðánarson
Guðmundur Ásmundsson
Ólafur Kjartansson
Guðmundur Ásmundsson
Árni Jóhannsson
Guðbrandur Magnússon, Ingi Bogi Bogason
Davíð Lúðvíksson, Ingólfur Sverrisson Sveinn Hannesson
Eiríkur S. Jóhannsson, Rannveig Rist, Sigurður R. Helgason, Stefán Friðfinnsson,
Sveinn Hannesson, Vilmundur Jósefsson, Þorgeir Baldursson
Steinar Viggósson
Ingólfur Sverrisson
Ingi Bogi Bogason
Bjarni Thoroddsen, Davíð Lúðvíksson
Ólafur Kjartansson
Davíð Lúðvíksson
Guðmundur Þór Sigurðsson
Guðmundur Ásmundsson
Davíð Lúðvíksson
Ingólfur Sverrisson
Ingi Bogi Bogason
Ólafur Helgi Árnason
Tryggvi Jakobsson, Grétar Halldórsson, Ingi Bogi Bogason,
Guðmundur Þór Sigurðsson
Guðmundur Ásmundsson
Guðbrandur Magnússon
Ingi Bogi Bogason
Guðmundur Þór Sigurðsson
Ingi Bogi Bogason
Ragnheiður Héðinsdóttir
Ólafur Kjartansson
Páll Sigurjónsson, Pétur Guðjónsson, Vilmundur Jósefsson
Ingólfur Sverrisson
Guðmundur Þór Sigurðsson
Vilmundur Jósefsson, Davíð Lúðvíksson
Sveinn Hannesson
Davíð Lúðvíksson
Örn Jóhannsson, Steindór Hálfðánarson

Helstu lög sem samþykkt voru á Alþingi árið 2000 og varða iðnaðinn

- 9/2000 Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum,
- 26/2000 Lög um breytingu á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur
- 27/2000 Lög um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna.
- 31/2000 Lög um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar.
- 40/2000 Lög um breyting á lögum um brunatryggingar.
- 42/2000 Lög um þjónustukaup.
- 45/2000 Lög um breyting á þinglýsingalögum.
- 47/2000 Lög um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna.
- 50/2000 Lög um lausafjárkaup.
- 63/2000 Lög um hópuppsagnir.
- 75/2000 Lög um brunavarnir.
- 77/2000 Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
- 86/2000 Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.
- 95/2000 Lög um fæðingar- og foreldraorlof.
- 96/2000 Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
- 101/2000 Lög um breytingar á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.
- 102/2000 Lög um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.
- 103/2000 Lög um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald.
- 104/2000 Lög um breyting á lögum um álagningu gjalda á vörur.
- 105/2000 Lög um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.
- 106/2000 Lög um mat á umhverfisáhrifum.
- 107/2000 Lög um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum.
- 109/2000 Lög um starfsréttindi tannsmíða.
- 144/2000 Lög um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.
- 149/2000 Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.
- 150/2000 Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.
- 151/2000 Lög um breytingu á lögum um jöfnun flutningskostnaðar á sementi.
- 155/2000 Lög um breytingu á tollalögum.
- 156/2000 Lög um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald.
- 163/2000 Lög um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti.
- 165/2000 Lög um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar.
- 166/2000 Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.
- 167/2000 Lög um breyting á lögum um Útflutningsráð Íslands.
- 169/2000 Lög um breytingu á lögum nr. 93/1995, um matvæli.
- 170/2000 Lög um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsetri SI www.si.is
